# FRÉTTABLAÐIÐ

127. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 31. MAÍ 2018




HM 2018 í Rússlandi hefst eftir tvær vikur. Segja má að lokaundirbúningur íslenska landsliðsins sé hafinn en strákarnir sameinuðust á landsliðsæfingu á Laugardalsvelli í gær. Þeir mæta norska landsliðinu, undir stjórn Lars Lagerbäck, 2. júní. Þetta verður í fyrsta skipti sem Lars mætir á Laugardalsvöll eftir að hann sagði skilið við íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Vilja kaupa um 5 prósenta hlut í Arion

**Tveir erlendir fjárfestingarsjóðir hafa skuldbundið sig til að kaupa allt að 20 prósent af þeim bréfum sem verða seld í útboði Arion banka. Sjóðirnir eru fyrir á meðal stærstu hluthafa fyrirtækja í Kauphöllinni. Taka þátt í hlutafjárútboðinu sem hornsteinsfjárfestar.**

**VIÐSKIPTI** Tveir erlendir fjárfestingarsjóðir, sem hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í skráðum félögum í Kauphöllinni síðustu misseri, hafa skuldbundið sig til að kaupa umtalsverðan eignarhlut í Arion banka í boðuðu hlutafjárútboði bankans í júní.

Fjárfestingarsjóðirnir munu kaupa á bilinu 10 til 20 prósent af þeim bréfum sem verða samtals seld í útboðinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Áætlað er að selja að lágmarki fjórðungshlut, mögulega meira, og eignarhlutur sjóðanna í Arion banka eftir útboðið gæti því samanlagt verið í kringum 3 til 5 prósent.

Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um nöfn sjóðanna en um er að ræða fjárfestingarsjóði sem eru í hópi stærstu hluthafa í fyrirtækjum sem eru skráð í Kauphöllinni. Þeir sjóðir eru á vegum Eaton Vance, Miton Group, Lansdowne Partners og Wellington. Verðbréfafyrirtækið Fossar markaðir, sem er á meðal söluráðgjafa Kaupþings í tengslum við hlutafjárútboð bankans, hefur milligöngu um viðskiptin. Gengið var frá samkomulagi við sjóðina í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en þeir taka þátt í útboðinu sem hornsteinsfjárfestar. Það þýðir að þeir skuldbinda sig fyrirfram til að kaupa tiltekinn hlut í bankanum á sama verði og aðrir fjárfestar í útboðinu, en semja ekki um sérstakt verð, og þá oft og tíðum lægra, líkt og kjölfestufjárfestar að undangengnu forvali í lokuðu útboði.

**7**

**milljarðar gæti verið söluandvirði 5% hlutar.**

Upplýst verður um þátttöku sjóðanna sem hornsteinsfjárfesta í skráningarlýsingu sem birtist í tengslum við útboðið síðar í vikunni, líklega eftir lokun markaða í dag, fimmtudag. Sem fyrr segir liggur ekki endanlega fyrir hversu stóran hlut sjóðirnir kaupa, það ræðst af eftirspurn og gengi í útboðinu, en ef niðurstaðan verður samanlagt um 5 prósenta hlutur á genginu 0,7 miðað við núverandi eigið fé Arion banka, svo dæmi sé tekið, þá mun söluandvirðið nema um sjö milljörðum króna.

Kaupþing, sem fer með 55,6 prósent í Arion, hyggst losa um stóran hlut í útboðinu og þá mun Attestor Capital, sem á 12,4 prósent, mögulega selja allt að 2 prósenta hlut. – hae

**16 DAGAR í HM**



ÓLAFUR INGI SKÚLASON


ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason fjallar um Hæstarétt og prentfrelsi. 19

**SPORT** Slæm byrjun varð Íslandi að falli gegn Tékklandi í undankeppni EM í gær. 22

**MENNING** Hollenskar risaeðlur hleypa Listahátíð í Reykjavík af stokkunum. 30

**LÍFIÐ** Ekki tókst að gera upp Hagavagninn og verður hann því rifinn. Emmsjé Gauti segir að nýi vagninn muni ekki valda vonbrigðum. 38





PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● NÆRING, HEILSA OG LÍFSSTÍLL


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Vestlæg átt í dag, víða 3-8, en heldur hvassara á Vestfjörðum og allra syðst. Skýjað að mestu og yfirleitt þurrt, en bjart með köflum á austanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 26

# Sumarboði í Hallargarðinum



Starfslið Brúðubílsins undirbýr nú sumarið af kappi og var við æfingar í gær en fram undan er 38. starfsárið. „Nú erum við að fara leggja í hann. Við frumsýnum sýninguna Lögin hans Lilla í Hallargarðinum mánudaginn 4. júní kl. 14,“ segir Helga Steffensen, stjórnandi Brúðubílsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Viðræður hefjast í Reykjavíkurborg

**KOSNINGAR** Formlegar viðræður um myndun meirihluta í borginni milli Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna hefjast í dag. Markmiðið er að samstarfssáttmáli meirihlutans liggi fyrir áður en fyrsti fundur nýrrar borgarstjórnar verður haldinn 19. júní. Þetta tilkynnti Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, í gærkvöldi.

Helstu áherslur VG í komandi meirihlutaviðræðum liggja greinilega fyrir. „Þú getur lesið um okkar stefnumál á vg.is,“ segir Líf Magneudóttir, oddviti VG, í samtali við Fréttablaðið þegar hún er spurð um hvað flokkurinn leggi áherslu á í viðræðunum.

„Kvenfrelsi, félagshyggja og umhverfisvernd,“ segir Líf. „Við erum bjartsýn um að ná þeim málum að í samstarfinu.“

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir þessar viðræður ekki endurspegla niðurstöðu kosninganna. „Ég held að þessar viðræður séu falskur tónn miðað við niðurstöður kosninganna sem voru skýrar. Það voru fjórir nýir flokkar með fimm borgarfulltrúa og Sjálfstæðisflokkurinn langstærstur. Það að framlengja líf borgarstjórnarmeirihluta sem kolféll bendir ekki til þess að fólk sé að hlusta á kjósendur,“ segir Eyþór. „Þetta bendir til þess að stólarnir skipta meira máli en vilji fólksins,“ bætir hann við.

„Sjálfstæðisflokkurinn er til að breyta og þeir sem vilja vera með okkur í því, við viljum vinna með þeim. Viðreisn er þarna fjórða hjólið undir vagni sem komst ekki lengra,“ segir Eyþór að lokum. **– gþs, la**




# Skotin eftir langt flug heim

**UMHVERFISMÁL** Starfsfólk Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) gekk nýlega fram á kjóapar sem hafði verið skotið. Í frétt á vef NNA kemur fram að starfsfólkið hafi heilsað upp á parið á hverju ári frá 2009. Kjóar eru alfriðaðir nema við friðlýst æðarvörp á varptíma en slíkt varp er hvergi í grenndinni. Hér er því um klárt lögbrot að ræða.

„Þeir eru skotnir þarna í algjöru tilgangsleysi og algjörum óþokkaskap. Maður veit ekki hvað býr innra með mönnum sem gera svona,“ segir Þorkell Lindberg, forstöðumaður NNA.

„Þeir koma ár eftir ár á sömu óðölin,“ bætir hann við um þennan langferðafugl en hér lýkur kjóinn 14 þúsund kílómetra ferðalagi sínu úr suðri. **– gþs**






# Streyma í Árneshrepp til að læra um Bjólfskviðu

**Elín Agla Briem þjóðmenningarbóndi segir íbúa Árneshrepps samstíga í að taka vel á móti 80 manna hópi sem er kominn til að læra um Bjólfskviðu og kynnast staðnum og fólkinu þar. Allt hugsanlegt húsnæði er nýtt til að hýsa hópinn.**

**SAMFÉLAG** Allt gistirými í Árneshreppi er uppbókað þessa dagana en þar dvelur nú um 80 manna hópur erlendra gesta. Um er að ræða hóp á vegum Kanadamannsins Stephens Jenkinson sem rekur skólann Orphan Wisdom. Elín Agla Briem þjóðmenningarbóndi hefur veg og vanda af skipulagningunni en hún hefur stundað þennan skóla í nokkur ár.

„Þetta er margbrotinn skóli þar sem áhersla er lögð á sögu í stóru samhengi. Hvernig maður er gestur í öðru landi en ekki bara túristi. Þráður í gegnum þetta er hvernig fólksflutningar hafa átt sér stað í okkar sögu og hvernig maður nálgast nýtt land af virðingu,“ segir hún.

Elín Agla segir að fyrir tveimur árum hafi 25 manna hópur á vegum skólans verið á Íslandi og þar hafi kviknað sú hugmynd að halda námskeið í Árneshreppi þar sem kennt yrði um Bjólfskviðu. Staðurinn hafi verið valinn af kostgæfni. Nú er þessi hugmynd orðin að veruleika og mun hópurinn dvelja á staðnum í fimm daga.

Elín Agla segir allt hugsanlegt húsnæði nýtt undir gistingu, þar á meðal skólahúsið en einnig muni um 10 manns gista í tjöldum. „Þessi hópur kemur að mestu leyti frá Bretlandi og Írlandi en skipuleggjendur koma frá Kanada. Við leggjum mikið upp úr því að hópurinn kynnist staðnum og fólkinu hér. Við verðum með sútun á lambagærum frá bændum í sveitinni og munum bjóða upp afurðir héðan, bæði hangikjöt og fisk.“

Aðspurð segir Elín Agla að stemningin í Árneshreppi í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna sé mjög góð eins og venjulega en deilur um Hvalárvirkjun og lögheimilisflutninga voru áberandi í aðdraganda kosninganna. Hún viðurkennir þó að koma hópsins sé góð tilbreyting frá því amstri sem kosningunum fylgdi.

„Hér eru allir að vinna að því að taka á vel á móti þessu fólki. Það eru allir í hreppnum allir af vilja gerðir að hjálpa til. Það er sól, fiskur á bryggjunni, lömbin eru úti og góðir gestir komnir. Nú er ég bara að hugsa um það sem skiptir mestu máli, lífið og fólkið. Lífið gæti ekki verið betra.“ **sighvatur@frettabladid.is**



**Clara sem kemur frá Wales leikur á fiðlu fyrir sjómenn í Norðurfirði.** MYNDIR/ELÍN AGLA BRIEM



**Kanadamennirnir Daniel og James í sólinni í Norðurfirði í gær.** MYND/ELÍN AGLA BRIEM

> **Núna er ég bara að hugsa um það sem skiptir mestu máli, lífið og fólkið.**
>
> Elín Agla Briem, þjóðmenningarbóndi

HÚSASMIÐJAN blómaval

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

í Húsasmiðjunni og Blómavali

**Í DAG Í ÖLLUM VERSLUNUM UM LAND ALLT**



Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Gildir ekki af vörum í timbursölu, Weber grillum, KitchenAid, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"

**Byggjum á betra verði**

TAX FREE ER LÍKA Í VEFVERSLUN

# Gengið illa að manna og biðlistar yfirvofandi í heimahjúkrun

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirsjáanlegt er að draga þurfi úr þjónustu hjá heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu Reykjavíkurborgar þar sem illa hefur gengið að manna stöður fyrir sumarið. Þetta segir Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála hjá Reykjavíkurborg, sem nýverið sendi landlækni, Landspítalanum, ráðuneytinu, sjúkratryggingum og heilsugæslunni erindi þar sem hún varaði við þessu.

„Það þýðir í raun að það myndast biðlistar í heimahjúkrun, sem alla jafna er ekki yfir árið. Við reynum að stýra þessu þannig að léttari verkefni fari yfir á félagslegu heimaþjónustuna tímabundið,“ segir Berglind.

Hún segir að undanfarin sumur hafi þetta verið tilfellið í þessari þjónustu. Álagið á heimaþjónustuna alla, bæði heimahjúkrun og félagslegu heimaþjónustuna verði meira, þar sem Landspítalinn loki mörgum af sínum deildum.

„Þetta fer ekki vel saman, þegar álagið eykst hjá okkur og við bætast erfiðleikar við að manna stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða auk almennra starfsmanna í félagslega heimaþjónustu,“ segir Berglind.

„Það jákvæða við hrunið var að þá áttum við auðveldara með að fá starfsfólk. Nú bætist við að það er meira um lokanir á Landspítalanum en áður. Við sjáum því fram á erfiðara sumar hvað það varðar að skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum hefur afleiðingar. Staðan hjá okkur í að manna stöður er ekki endilega verri en síðasta sumar.“



**Skortur á hjúkrunarfræðingum hefur víða áhrif.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Berglind vísar því á bug að vegna stöðunnar sem upp sé komin sé verið að vísa aðstandendum og fjölskyldu á einkarekna möguleika á borð við Sinnum ehf. að fyrra bragði.

„Það gerum við ekki og höfum ekki heimild til, en auðvitað þegar fólk spyr okkur hvert það geti leitað þá upplýsum við það um fyrirtæki sem sinna þessu. Ef fólk er að spyrja.“ **– smj**

## Harpa leiðréttir laun starfsfólks

**KJARAMÁL** Forstjóri Hörpu tilkynnti í dag á stjórnarfundi Hörpu að kjör þjónustufulltrúa yrðu leiðrétt og taka mið af þeim samningum sem voru í gildi á síðasta ári.

Í tilkynningu frá Hörpu kemur fram að stjórnin telji að þannig sé komið til móts við þá gagnrýni sem Harpa hefur sætt í tengslum við rekstrarhagræðingu, en eins og greint var frá í Fréttablaðinu voru laun þjónustufulltrúa lækkuð á sama tíma og laun forstjóra voru hækkuð.

Breytingin tekur gildi 1. júní og verður tímakaup þá 26,1 prósenti yfir taxta stéttarfélagsins eða að meðaltali 2.935 krónur á klukkustund í yfirvinnu, en stærstur hluti þjónustufulltrúanna, eða 85 prósent þeirra, vinnur á kvöldin og um helgar. **– la**



## Hagnaður HB Granda dregst saman

**VIÐSKIPTI** Hagnaður HB Granda dróst saman á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Hagnaðurinn nam 3,3 milljónum evra en á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn 3,7 milljónir evra.

Rekstrartekjur voru 50,2 milljónir á fyrstu mánuðum ársins 2018 en voru á fyrsta ársfjórðungi 2017 42 milljónir evra. EBITDA fyrirtækisins var 7,8 milljónir í ár en 7,4 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Í tilkynningu frá HB Granda segir að einungis hafi verið fryst 1.265 tonn af loðnuhrognum nú á móti 3.736 tonnum árið 2017. **– khn**

# Gagnrýna laun bæjarstjóra í jafn litlum bæ og Seltjarnarnesi

**Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar fær rúmlega 1,9 milljónir króna í mánaðarlaun. Bæjarfulltrúar minnihlutans gagnrýndu nýverið launin sem væru allt of há fyrir svo lítið bæjarfélag, sem telur rúmlega 4.500 íbúa. Ásgerður Halldórsdóttir meðal launahæstu bæjarstjóra landsins sem eru með laun á við stórborgarstjóra.**




**Launin sem Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, fær þykja ótæk.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, fékk 1.939 þúsund krónur á mánuði í laun í fyrra og hækkuðu laun hennar um 150 þúsund krónur á mánuði milli ára. Minnihlutinn í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur kallað eftir því að launakjör bæjarstjórans verði endurskoðuð þar sem þau séu allt of há fyrir svo lítið bæjarfélag.

Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi fékk í fyrra greiddar 1.711.159 krónur á mánuði fyrir að gegna starfi bæjarstjóra, 208 þúsund krónur rúmar fyrir setu í bæjarstjórn og tæpar 20 þúsund krónur á mánuði fyrir setu í nefndum bæjarins. Alls rúmlega 1.939 þúsund krónur samanborið við 1.790 þúsund krónur árið 2016. Fréttablaðið hefur að undanförnu óskað eftir sundurliðun á launalið bæjarstjórnenda á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Þótt laun Ásgerðar hafi ekki hækkað jafnmikið og margra annarra bæjarstjóra milli ára, þá er hún enn á meðal þeirra launahæstu á landinu. Aðeins bæjarstjórar Kópavogs, Garðabæjar og borgarstjóri Reykjavíkur eru með hærri laun. Bæjarstjórar Seltjarnarnesbæjar og Mosfellsbæjar eru á nánast sömu launum. Algeng bæjarstjóralaun á Íslandi eru annars á bilinu 1,5 til 1,7 milljónir á mánuði. Hæstu launin eru í mörgum tilfellum hærri en hjá borgarstjórum stórborga úti í heimi.

Samfylkingin á Seltjarnarnesi gagnrýndi launakjör bæjarstjórans á fundi bæjarráðs fyrr í þessum mánuði. Bentu bæjarfulltrúar flokksins á að laun bæjarstjórnenda hefðu hækkað um rúm 30 prósent á kjörtímabilinu öllu. Bæjarfulltrúar hafi afþakkað launahækkun kjararáðs og tengt sig við almenna launavísitölu. Launakjör bæjarstjórans tækju þó áfram mið af launum ráðuneytisstjóra. Bókuninni fylgdi áskorun á nýja bæjarstjórn, sem nú liggur fyrir að verður óbreyttur meirihluti Sjálfstæðisflokks, að endurskoða þessa launatengingu.



**Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi.**

„Enda teljum við ótækt að framkvæmdastjóri í jafn litlu sveitarfélagi og Seltjarnarnesbæ sé með rúmlega sexföld laun lægst launaða starfsmanns sveitarfélagsins ásamt bílastyrk og annarra stjórnarlauna,“ sögðu Guðmundur Ari Sigurjónsson og Sigurþóra Bergsdóttir, bæjarfulltrúar Samfylkingar, í bókun sinni. Íbúar á Seltjarnarnesi eru um 4.500 talsins. Ásgerður svaraði því og sagði að engin tillaga hefði komið frá minnihlutanum á kjörtímabilinu um að endurskoða launin, fyrr en þarna, rúmum tveimur vikum fyrir kosningar.

Laun bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar hækkuðu sömuleiðis lítið eitt milli áranna 2016 og 2017 samkvæmt upplýsingum frá bænum. Laun bæjarstjórnar námu alls 19,4 milljónum í fyrra samanborið við 18,5 milljónir árið áður.

**mikael@frettabladid.is**





JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK
TORFÆRUÚTGÁFAN AF ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPA

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ.
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING HÁTT OG LÁGT DRIF

Quadra-Drive™ fjórhjóladrif, driflæsing að aftan, loftpúðafjöðrun, 18” álfelgur, grófari dekk, 8,4” snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sport sæti frammi í með hita og kælingu, leður/rúskinnsáklæði, rafdrifinn afturhleri, Bi-Xenon og LED framljós, bakkmyndavél, hiti í stýrishjóli, íslenskt leiðsögukerfi, hlífðarplötur undir vél, kössum og eldsneytistönkum o.fl.

TRAILHAWK VERÐ FRÁ: 9.990.000 KR.
Grand Cherokee Laredo verð frá: 8.690.000 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.JEEP.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



LANDSLEIKURINN
1
2
3
4
5
6
7
8
SKORAÐU ÁTTA STIMPLA OG SKILAÐU INN
VIÐ DRÖGUM ÚT VINNINGA Í ALLT SUMAR
200.000
STIMPILGJAFIR OG VINNINGAR
ORMSSON
1x Samsung sjónvarp 55"
BOOZTBAR
25x 10 drykkir
5x Landmann ferðagasgrill
Heimsferðir
1x Fjölskylduferð til Tenerife
5x HM boltar
errea
5x Landsliðstreyjur
Eld smiðjan
5x Gjafabréf 15.000 kr.
ORMSSON
3x Samsung Multiroom hátalarar
1x Samsung Soundbar
ORMSSON
serrano
FRESH HAPPY MEX
5x Gjafabréf 15.000 kr.
N1 er stoltur bakhjarl KSÍ
LANDSLEIKURINN.IS
Alltaf til staðar
N1

# Niðurhal og netklám eykur líkur á að verða fyrir netbrotum

**SAMFÉLAG** Áhættusækin hegðun einstaklinga á netinu eykur líkur á að þeir verði fyrir netbrotum. Þetta segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir áhættusækna hegðun meðal annars felast í ólöglegu niðurhali og heimsóknum á vafasamar síður, þar á meðal síður með klámfengnu efni.

„Það sem er áhugavert í mælingunni sem við gerðum er að það er fylgni á milli þess að ef þú notar netið mikið, stundar mikið niðurhal á ólöglegu efni og heimsækir vafasamar síður, þá eru miklu meiri líkur á því að þú verðir fyrir netbrotum,“ segir Helgi og vísar í könnun sem gerð var á netbrotum á Íslandi fyrir tveimur árum.

Helgi fjallar meðal annars um netbrot í nýútkominni bók sinni Afbrot og íslenskt samfélag. „Síðasti kaflinn í bókinni er einmitt um netglæpi á Íslandi,“ segir Helgi.

Það kemur honum á óvart hversu algengt það er, sérstaklega meðal ungs fólks, að stunda ólöglegt niðurhal á höfundarréttarvörðu efni.

„Það þykir nánast sjálfsagt að stunda slíka iðju,“ segir hann og bendir á að í könnuninni hafi tveir af hverjum þremur í aldurshópnum 18 til 29 ára viðurkennt að hafa stundað slíkt niðurhal.


Helgi Gunnlaugsson.

Helgi telur líklegt að netbrot séu að færast í aukana, auk þess sem brotin eru að verða fjölbreyttari.

„Tæknin er að gera okkur mögulegt að fremja hefðbundin brot yfir netið, til dæmis auðgunarbrot. Svo er það dreifing á viðkvæmum myndum sem er til dæmis notuð til að kúga fólk.“

Þá er snjallsímaeign barna orðin nánast regla og því geta fylgt vandræði, svo sem netníð.

„Þetta er klárlega eitthvað sem við þurfum að taka harðari tökum en við gerum í dag,“ segir Helgi og bendir á að löggjafinn sé alltaf nokkrum skrefum á eftir í þessum málum.

Hann vinnur nú að því að safna nýjum gögnum um netbrot og vonar að fyrstu niðurstöður úr þeirri vinnu liggi fyrir í sumar. – gþs


Skellt var í lás í dag eftir að Fréttablaðið hafði samband við Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGUR

## Reka Iðnó án rekstrarleyfis

**REYKJAVÍK** Iðnó í Reykjavík er rekið án rekstrarleyfis samkvæmt sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar Fréttablaðið hafði samband við René Boonekamp, rekstraraðila Iðnó, sagði hann að málið væri byggt á misskilningi og að staðurinn væri rekinn á bráðabirgðaleyfi þar til rekstrarleyfi væri í höfn. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni rann umrætt leyfi út þann 16. janúar síðastliðinn.

Forsaga málsins er sú að sýslumanni barst umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki þrjú þann 20. september 2017 og fór umsóknin í lögbundið umsagnarferli. Neikvæðar umsagnir bárust þá frá skrifstofu borgarstjórnar þess efnis að öryggis- og lokaúttekt staðarins lægi ekki fyrir. Samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er leyfisveitanda óheimilt að gefa út rekstrarleyfi ef einhver lögbundinna umsagnaraðila leggst gegn útgáfu þess. Umsókninni var því formlega synjað þann 18. maí síðastliðinn.

Lögregla mætti á samkomu í Iðnó á fimmtudag í síðustu viku og lokaði staðnum. Í kjölfarið var sótt um rekstrarleyfi að nýju daginn eftir, þann 25. maí, en umsóknin er nú í umsóknarferli. Hvorki hefur verið gefið út rekstrarleyfi né bráðabirgðaleyfi vegna starfseminnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hins vegar samkvæmi í húsinu bæði föstudags- og laugardagskvöld. – gj

# Atvinnuveganefnd mælir með lækkun veiðigjalda á útgerðir

**Meirihluti atvinnuveganefndar leggur til lækkun á veiðigjöldum á yfirstandandi fiskveiðiári. Minnihluti nefndarinnar mótmælir harðlega vinnubrögðum meirihlutans. Um óboðlega stjórnsýslu sé að ræða.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Meirihluti atvinnuveganefndar þingsins hefur samþykkt frumvarp til lækkunar veiðigjalda á útgerðina. Lilja Rafney Magnúsdóttir, oddviti VG í Norðvesturkjördæmi og formaður nefndarinnar, segir verið að endurreikna veiðigjöld miðað við núverandi afkomu greinarinnar.

Innheimt veiðigjald ársins 2017 var 8,4 milljarðar króna. Yrði veiðigjald almanaksársins 2018 endurreiknað á grundvelli niðurstaðna spálíkans veiðigjaldsnefndar myndi gjaldið nema um 7,2 milljörðum króna að teknu tilliti til áhrifa svonefnds persónuafsláttar.

„Þetta er stórpólitískt mál sem verið er að leggja fram alveg í blálok þingsins. Hér er verið að leggja til krónulækkun á öllum tegundum og verið að lækka veiðigjöldin úr 11 milljörðum króna í 8,3 milljarða króna. Þessa stóru ákvörðun á svo að keyra í gegnum þingið á mettíma,“ segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, fulltrúi Samfylkingar í atvinnuveganefnd.

„Við erum að endurútreikna veiðigjöld miðað við afkomu greinarinnar í ár en ekki ársins 2015,“ segir Lilja Rafney. „Miðað við afkomu greinarinnar í ár er augljóst að hún hefur versnað frá því sem var áður. EBITDA-hagnaður útgerðanna er kominn niður í um 16 prósent sem er ákveðin þolmörk,“ bætir hún við.

Lækkun veiðigjaldanna er krónutölulækkun á allan veiddan afla en einnig er hækkaður svokallaður afsláttur á minni útgerðir. Krónutölulækkun veiðigjalda er hins vegar þannig að þær útgerðir sem veiða


Lilja segir afkomu greinarinnar hafa versnað og að hagnaður hennar sé kominn niður í 16 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Lilja Rafney Magnúsdóttir


Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

flest kílóin upp úr sjó, þau fyrirtæki sem eru með mesta aflahlutdeild, fá mestu veiðigjaldalækkunina.

„Það hefur alltaf verið talið að veiðigjöld ættu að vera afkomutengd og reynt hefur verið að setja kerfið upp á þann veg. Nýtt frumvarp, sem við ætlum að leggja fram í haust, mun taka á þessum málum þar sem við reiknum veiðigjöld út frá afkomu í rauntíma en ekki afkomu fyrirtækja fyrir tveimur árum,“ segir Lilja.

Albertína segir hagsmunaaðila fá afar stuttan frest til að skila inn umsögn um málið. Það sé skýrt dæmi um óvandaða stjórnsýslu. „Það er í raun óboðleg stjórnsýsla að meirihlutinn ætli aðeins að gefa rúman sólarhring í umsagnarferlið. Það er ekki í takt við það sem var lofað í upphafi stjórnarsamstarfs þessara flokka. Í öllu falli mótmælum við harðlega þessum vinnubrögðum stjórnarmeirihlutans.“

sveinn@frettabladid.is

### Úr greinargerð með frumvarpinu

„Óeðlilega hátt veiðigjald getur dregið úr starfshæfni fyrirtækja og samkeppnishæfni greinarinnar á alþjóðlegum markaði. Slík þróun getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á m.a. þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi og sveitarfélög sem byggja afkomu sína að stórum hluta á tekjum af sjávarútvegi. Þá getur hátt veiðigjald ýtt undir frekari fækkun sjálfstæðra atvinnurekenda í sjávarútvegi en aflahlutdeildarhöfum hefur fækkað ört á síðustu árum eða um tæp 60% á 12 árum.“




# Origins dagar

**í Hagkaup Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Njarðvík dagana 31. maí - 6. júní. Sheet maski fylgir* ef keyptar eru vörur fyrir 5.000 eða meira.**

*á meðan birgðir endast




Allir sem versla fara í pott og eiga möguleika á að vinna vörur frá Origins að andvirði **50.000!**


HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Net eftirlitsmyndavéla verður til

**Ríkislögreglustjóri stækkaði nýverið geymslurými tölvukerfis hjá sér til að taka í notkun fleiri háþróaðar eftirlitsmyndavélar. Net eftirlitsmyndavéla er að verða til sem er streymt frá til RLS. Ríkislögreglustjóri vill að allar vélar lögregluumdæmanna fari inn í þetta kerfi.**



Eftirlitsmyndavélar eru notaðar af lögregluembættum um allan heim. MYND/HENNING KAISER



Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

**61** eftirlitsmyndavél verður í notkun hjá embætti ríkislögreglustjóra innan nokkurra vikna.

**LÖGGÆSLA** Embætti ríkislögreglustjóra rekur net eftirlitsmyndavéla í Reykjavík, Garðabæ, Reykjanesbæ og Kópavogi. Einnig eru áform uppi um uppsetningu myndavéla á Akranesi, í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit auk fjölda annarra eftirlitsmyndavéla lögreglunnar sem ekki eru tengdar embættinu. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir eðlilegt að allar eftirlitsmyndavélar lögreglu séu beintengdar embætti ríkislögreglustjóra.

Nú eru í notkun 36 eftirlitsmyndavélar í Reykjavík, sex í Reykjanesbæ og ein í Garðabæ en á næstu dögum verða sjö nýjar vélar settar upp í Garðabæ og ellefu í Kópavogi. Þannig er hægt að haga eftirliti með íbúum í gegnum þessar vélar.

Í minnisblaði Gunnlaugs Júlíussonar, sveitarstjóra Borgarbyggðar, um uppsetningu eftirlitsmyndavéla, sem lagt var fyrir byggðarráð Borgarbyggðar, kemur fram að ríkislögreglustjóri hafi stækkað vefþjón sinn til að taka á móti meira efni:

„Upptökur úr slíkum myndavélum eru lesnar inn á miðlægan gagnagrunn sem ríkislögreglustjóraembættið hefur yfir að ráða. Geymslurými hans var aukið verulega rétt fyrir áramótin sem opnaði möguleika á að setja slíkar eftirlitsmyndavélar víðar upp en gert hafði verið þar áður. Áður hafði takmarkað geymslurými gert það að verkum að ekki var hægt að fjölga slíkum vélum.“

Um mitt ár 2016 var tekin ákvörðun um að sameina kerfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra þannig að nú er rekið eitt öryggismyndavélakerfi af ríkislögreglustjóra. Einnig voru öryggismyndavélar sem Reykjanesbær og lögreglustjórinn á Suðurnesjum ráku tengdar við kerfið.

Einnig er vitað um fleiri eftirlitsmyndavélar sem notaðar eru af lögreglu. Til að mynda eru minnsta kosti tvær myndavélar í miðbæ Akureyrar sem stýrt er af lögreglu. Þá hefur uppsetning á myndavélakerfum á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum ekki verið í samráði við ríkislögreglustjóra.

Að mati Haraldar væri mun betra ef allar vélarnar yrðu tengdar inn á miðlægt kerfi. „Jú, vissulega væri það til hagsbóta að allar eftirlitsmyndavélar sem lögregla notar við dagleg störf sín séu á sameiginlegu kerfi. Hins vegar er mikilvægt að slík vinnsla upplýsinga standist lög um meðferð persónuupplýsinga,“ segir hann.

„Það er rétt að kerfi ríkislögreglustjóra er tæknilega séð fært um að taka við upplýsingum, í þessu tilfelli myndefni, alls staðar að af landinu. Embættið stækkaði gagnagrunninn sinn fyrir nokkru síðan. Hins vegar höfum við ekki fengið beiðni frá lögreglustjórum um landið um að tengjast kerfinu,“ segir Haraldur ríkislögreglustjóri.

Í skriflegu svari embættisins kemur einnig fram að möguleiki sé á því að lesa bílnúmer bifreiða sjálfvirkt með vefmyndavélum. Það þurfi hins vegar að skoða í samræmi við nýja löggjöf ESB. „Ný lög um meðferð persónuupplýsinga og innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins um vinnslu persónuupplýsinga hjá löggæslu verður viðfangsefni viðkomandi stofnana á næstu misserum og því er ekki tímabært að ákveða um upptöku á sjálfvirkum bílnúmeraplötulestri með öryggismyndavélum,“ segir í svarinu.

sveinn@frettabladid.is




GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L




# Átt þú ólesin skilaboð í pósthólfinu þínu?

## Pósthólfið þitt er aðgengilegt á mínum síðum á island.is

Pósthólfið er stafræn upplýsingagátt þar sem ríki og sveitarfélög geta birt skjöl sem tengjast þér. Kannanir hafa sýnt að 93% þjóðarinnar hafa áhuga á að nýta sér persónulegt vefsvæði í anda pósthólfsins. Með því að senda rafræn skilaboð spörum við tíma og peninga, bætum þjónustu og höfum góð áhrif á umhverfið.

Stafrænt Ísland | island.is

**Stefnum saman á stafrænt Ísland**



Frá Nuuk, höfuðstað Grænlands. NORDICPHOTOS/AFP

## Grænland varað við Kínverjum

**GRÆNLAND** Velji Grænlendingar kínverskan verktaka vegna gerðar flugvalla er hætta á komu kínverskra hermanna til landsins. Þetta sagði varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Jim Mattis, á fundi með varnarmálaráðherra Danmerkur, Claus Hjort Frederiksen.

Kínverska ríkisfyrirtækið China Communications Construction Company, CCCC, býður í gerð flugvalla í Nuuk, Ilulissat og Qaqortoq.

Mattis benti á hernaðarumsvif Kínverja í Suður-Kínahafi. Gaf hann þar með í skyn að gera mætti ráð fyrir slíkum umsvifum víðar. – **ibs**

## Í forystu fyrir lífeyrissjóðina

**VIÐSKIPTI** Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, hefur verið kjörin formaður Landssamtaka lífeyrissjóða. Guðrún er fyrsta konan í formannsstóli samtakanna frá stofnun 1998. Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða frá 2011 er Þórey S. Þórðardóttir. Því eru konur í báðum æðstu forystustörfum lífeyrissjóðakerfis landsmanna. – **jhh**



**Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður LL.**

# Segir tillögur ríma við stefnuna

Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilar ráðherra tillögum að aðgerðum í nóvember. ESB leggur til bann við vissum einnota hlutum. Framkvæmdastjóri Sorpu vill að ráðist sé að rót vandans.

**UMHVERFISMÁL** Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, telur tillögur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðgerðir gegn notkun einnota plastumbúða ríma vel við stefnu íslenskra stjórnvalda.

Tillögurnar sem voru formlega kynntar á mánudag ganga meðal annars út á að sett verði bann við notkun ákveðinna einnota hluta úr plasti. Meðal þeirra hluta sem lagt er til að verði bannaðir eru drykkjarrör úr plasti, einnota diskar og hnífapör úr plasti og eyrnapinnar. Guðmundur Ingi segist gera ráð fyrir að tillaga að nýrri tilskipun verði tekin upp í EES-samninginn.

„Ég er í þann mund að setja á fót samráðsvettvang um aðgerðaáætlun í plastmálefnum sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um hvernig dregið verði úr notkun plasts,“ segir Guðmundur Ingi.

Hópnum sé einnig ætlað að koma með tillögur að æskilegum stjórnvaldsaðgerðum og hugmyndir um nýsköpun í vörum sem leyst geta plast af hólmi. Von sé á tillögunum í nóvember á þessu ári.

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir að magn plastumbúða sem skili sér til endurvinnslu sé alltaf að aukast. Hins vegar sé alltaf hægt að gera betur.

„Svo er líka spurning hvort það þurfi ekki að skoða hvernig hægt sé að minnka magn plastumbúða. Það þarf að ráðast að rót vandans,“ segir Björn.

Árið 2016 fóru rúm 15.000 tonn af plastumbúðum á markað hérlendis en tæp 43 prósent skiluðu sér til endurvinnslu sem er heldur hærra hlutfall en fyrir árin 2014 og 2015.

Að sögn Guðlaugs Gylfa Sverrissonar, rekstrarstjóra hjá Úrvinnslusjóði, er það hlutfall sambærilegt við önnur Evrópulönd en munurinn sé að víða í Evrópu fari það auki mikið magn af plasti í endurnýtingu í gegnum brennslu sem sé ekki mögulegt hér.



**Gríðarlegt magn af plastúrgangi hefur verið safnað í endursvinnslustöðinni í Gufunesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er okkar markmið að allar okkar umbúðir séu endurunnar eða endurnotaðar.**
>
> Stefán Magnússon, sölu- og markaðsstjóri Coca-Cola á Íslandi

Guðlaugur segir að með tilkomu grenndargáma og lausna eins og grænna tunna hafi í raun orðið ákveðið stökk í endurvinnslu plasts. „Það er okkar skoðun að það sé sterk fylgni milli árangurs og þess hve nálæg þjónustan er íbúum. Það tók í raun ekki langan tíma að kenna Íslendingum á þetta.“

Stefán Magnússon, sölu- og markaðsstjóri Coca-Cola á Íslandi, segir fyrirtækið fylgjast vel með umræðunni um plastnotkun og vera meðvitað um mikilvægi aukinnar endurvinnslu. Í gangi sé til að mynda verkefni sem snúi að því að minnka plastnotkun við framleiðslu umbúða.

„Það er okkar markmið að allar okkar umbúðir séu endurunnar eða endurnotaðar. Varðandi drykkjarrörin, þá er það í skoðun en það þarf að koma efni í staðinn sem hefur næg gæði.“ **sighvatur@frettabladid.is**


FORD KUGA TITANIUM S AWD

YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursegiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.

AFSLÁTTUR -420.000 KR.




FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR

VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

5.190.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford

ford.is



# **Ný sýn**
# á uppruna Íslendinga

**Opinn fræðslufundur í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar**
Sturlugötu 8, fimmtudaginn 31. maí kl. 17.00 til 18.30.

Kynntar verða niðurstöður nýrrar rannsóknar á erfðamengi landnámsmanna en grein um hana birtist í tímaritinu Science sama dag og fræðslufundurinn er haldinn.

Kaffiveitingar frá 16.30 – *allir velkomnir.*

ERINDI FLYTJA:



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.



**Sunna Ebenesersdóttir**
líffræðilegur mannfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu.



**Agnar Helgason**
líffræðilegur mannfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu.



**Margrét Hallgrímsdóttir**
þjóðminjavörður.

ÍSLENSK
ERFÐAGREINING

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 18-2221

# Lygileg atburðarás í Kænugarði

**Forsætisráðherra Úkraínu kenndi Rússum um morð á blaðamanni sem hefur gagnrýnt yfirvöld í Kreml. Rússar sögðust blásaklausir og reiddust grönnum sínum. Úkraínska leyniþjónustan sviðsetti hins vegar morðið og maðurinn birtist óvænt á blaðamannafundi.**



**Það sló viðstadda út af laginu þegar Vasijl Hrijtsak, stjórnandi SBU, (t.v.) kynnti Arkadij Babsjenkó til leiks á blaðamannafundi í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**RÚSSLAND** Volodímír Grojsman, forsætisráðherra Úkraínu, sagði í gær að „alræðisvélin í Rússlandi“ bæri ábyrgð á því að rússneski blaðamaðurinn Arkadij Babsjenkó hefði verið myrtur í úkraínsku höfuðborginni Kænugarði á þriðjudag. Óleska, eiginkona hans, fann hann samkvæmt fjölmiðlum alblóðugan við innganginn að heimili þeirra og sagði úkraínska lögreglan frá því að hann hefði dáið á leiðinni á sjúkrahús með þrjú skotsár í bakinu.

„Ég er viss um að alræðisvélin í Rússlandi hafi ekki fyrirgefið honum hreinskilni sína og afstöðu. Hann var sannur vinur Úkraínu sem sagði heimsbyggðinni allri frá árásum Rússa. Morðingjunum ætti að refsa,“ sagði Grojsman.

Rússar svöruðu ásökunum um leið og sagði Sergei Lavrov utanríkisráðherra að ásakanirnar væru uppspuni. Vladimír Peskov, fjölmiðlafulltrúi ríkisstjórnarinnar, sagði svo að Rússar vonuðust eftir raunverulegri rannsókn, ekki sviðsettri til að koma óorði á Rússa. Alexander Bortníkov, stjórnandi alríkislögreglunnar (FSB), sagði að málið væri sambærilegt því þegar eitrað var fyrir Skrípal-feðginunum í Salisbury.

Fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um málið. Meðal annars greindi BBC frá því að Babsjenkó hefði lengi gagnrýnt yfirvöld í Rússlandi. Hann hefði hins vegar neyðst til að flýja til Úkraínu á síðasta ári eftir að hafa verið hótað lífláti fyrir stöðuuppfærslu sem hann setti inn á Facebook. Í færslunni skrifaði Babsjenkó um að rússneski herinn varpaði sprengjum á almenna borgara í Aleppo í Sýrlandi.

Eftir þessi orðaskipti Rússa og Úkraínumanna, og umfjöllun fjölmiðla, kom það því gífurlega á óvart þegar Arkadí Babsjenkó sjálfur gekk inn á blaðamannafund í Kænugarði, við hestaheilsu, í gær. Á blaðamannafundinum sagði Vasijl Hrijtsak, forsvarsmaður úkraínsku leyniþjónustunnar (SBU), frá því að leyniþjónustan hefði sviðsett morðið á Babsjenkó.

Hrijtsak sagði morðið hafa verið sviðsett til þess að góma menn sem væru að reyna að koma Babsjenkó fyrir kattarnef. Rússnesk yfirvöld hefðu ráðið úkraínskan ríkisborgara til að finna fyrir sig leigumorðingja. Hann hefði rætt við ýmsa kunningja sína, meðal annars uppgjafahermenn, og boðið rúmar þrjár milljónir króna fyrir verkið. Einn hermannanna gaf sig síðan á tal við SBU, að sögn Hrijtsaks. Fyrir liggur að einn hefur verið handtekinn í tengslum við málið en ekkert hefur verið gert opinbert um handtökuna.

Júrij Lútsenkó ríkissaksóknari hélt fundinn með Hrijtsak og Babsjenkó. Sagði hann sviðsetninguna hafa verið nauðsynlega til að sannfæra þá sem vildu Babsjenkó feigan um að þeim hefði tekist ætlunarverk sitt.

Það kom blaðamönnunum sem sóttu fundinn skiljanlega í opna skjöldu þegar þeir sáu að Babsjenkó væri risinn upp frá dauðum. Það Babsjenkó kollega sína afsökunar og sagði: „Ég hef of oft þurft að fylgja vinum mínum og samstarfsmönnum til grafar og ég þekki tilfinninguna vel.“ Að sögn Babsjenkós tók tvo heila mánuði að undirbúa þessa aðgerð. Hann hefði sjálfur fengið að vita hvað til stæði fyrir mánuði.

Russia Today, ríkismiðill sem hefur verið kallaður hluti áróðursvélar Rússlandsstjórnar, greindi frá þessari óvæntu vendingu. Sagði RT að óljóst væri hvort úkraínskir stjórnmálamenn hefðu vitað af sviðsetningunni eða „einfaldlega haldið áfram að saka Moskvu um alla þá alvarlegu glæpi sem eru framdir í Úkraínu“.

María Sakaróva, fjölmiðlafulltrúi rússneska utanríkisráðuneytisins, sagði í samtali við rússneska miðilinn Interfax að morðið hefði verið sviðsett í áróðursskyni. Sagði hún Rússa þó ánægða að heyra að Babsjenkó væri á lífi. Konstantín Kosasjev, formaður utanríkismálanefndar rússneska þingsins, sagði við sama miðil að um væri að ræða enn eina aðgerð úkraínskra yfirvalda sem beindist sérstaklega gegn rússneska ríkinu.

Forseti Úkraínu, Petró Porosjenkó, sagði að nú myndi úkraínska ríkið halda varnarskildi yfir Babsjenkó. „Það er ólíklegt að yfirvöld í Moskvu róist núna. Ég hef fyrirskipað að vernda skuli Arkadij og fjölskyldu hans.“

Daily Beast sagði í umfjöllun sinni að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem atburðarás sem þessi ætti sér stað. Árið 1984 hefðu Egyptar sviðsett morð líbísks stjórnarandstæðings. „En í fjölmiðlaumhverfi nútímans er svona stórkostlegt dæmi um falsfrétt til þess fallið að rýra trúverðugleika þeirra sem að málinu standa, ekki bara þeirra sem gætu framið glæpinn í raun og veru,“ sagði í umfjölluninni.

Fjöldi blaðamanna lýsti sams konar skoðun á Twitter. Natalija Vasiljeva, blaðamaður AP, sagði til dæmis að nú gætu andstæðingar fjölmiðlafrelsis notað mál Babsjenkós sem dæmi um að fjölmiðlum væri ekki treystandi. John Sweeney, blaðamaður BBC sem hefur fjallað um Rússlandsstjórn, tók í sama streng og sagði slæmar hliðar málsins fleiri en þær góðu.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Verðlauna jákvæða umfjöllun um Spán

**SPÁNN** Spænska utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt um ný verðlaun sem verða veitt þeim erlenda blaðamanni sem gerir mest til þess að bæta orðspor Spánar út á við. Frá þessu greindi katalónski miðillinn El Nacional.


**Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar.**

„Sem sagt, ráðuneytið mun líta sérstaklega til þeirra skoðana sem koma fram í umfjölluninni og er því um að ræða verðlaun fyrir að tala vel um spænsku ríkisstjórnina og stefnumál hennar,“ sagði í umfjöllun Katalóníumiðilsins en sá blaðamaður sem hlýtur þessi verðlaun fær í vasann nærri eina og hálfa milljón króna.

El Nacional setur verðlaunin í samhengi við katalónsku sjálfstæðisbaráttuna og heldur því fram að spænska ríkisstjórnin líti svo á að alþjóðapressan hafi ekki verið nægilega gagnrýnin á hreyfinguna.

Graham Keeley, blaðamaður The Times á Spáni, sagði í skoðanagrein í gær að þessi tilraun Spánverja myndi ekki ganga upp. „Blaðamenn elska að vinna verðlaun, þau bæta okkar viðkvæmu sjálfsmynd. En nú berast fréttir af verðlaunum sem hvorki ég né nokkur annar blaðamaður með vott af sjálfsvirðingu ætti að vilja, hljóta þrátt fyrir verðlaunaféð.“

**Nærri 1,5 milljónir eru í boði fyrir þá sem fjalla um Spán á jákvæðan hátt.**

Styr stendur nú um Mariano Rajoy forsætisráðherra og ríkisstjórn hans vegna sakfellingar tuga flokksmanna í spillingarmálum. Atkvæðagreiðsla um vantraust á Rajoy fer fram á morgun. Þó er ólíklegt að vantraust verði samþykkt þar sem Ciudadanos-flokkurinn mun standa með Rajoy.

Ciudadanos-menn hafa þó farið fram á að boðað verði til kosninga sem fyrst. Miðað við kannanir myndi flokkur Rajoys, Partido Popular, fá um 20 prósent atkvæða en fékk 33 prósent í kosningunum 2016. **– þea**

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í TENNIS FYRIR FULLORÐNA
eru að hefjast
Skráning stendur yfir í síma 564 4030 og á tennishollin.is
TENNISHÖLLIN Kópavogi

TENNISÆFINGAR FYRIR 13-18 ÁRA
byrjendur í sumar
virka daga kl. 16.30-18
Upplýsingar & skráning í síma 564 4030 og á tfk.is
TFK Tennisfélag Kópavogs

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




## Valdir betri notaðir bílar á sérstöku sumarbombuverði og 50.000 vildarpunktar frá Icelandair fylgja

BNB



Toyota Corolla Active
Dísel, beinsk.
Á götuna 2/15 ekinn 42.000 km
Verð: 2.690.000.- Rn. 991915
SUMARBOMBA: 2.390.000.-

BNB



Toyota Rav4 GX Plus
Dísel, beinsk.
Á götuna 9/14 ekinn 79.000 km
Verð 3.350.000.- Rn. 992006
SUMARBOMBA: 2.950.000.-

BNB



Toyota Auris wagon Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/16 ekinn 33.000 km
Verð 2.690.000.- Rn. 991228
SUMARBOMBA: 2.290.000.-

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/17 ekinn 27.000 km
Verð 3.250.000.- Rn. 991824
SUMARBOMBA: 2.590.000.-

BNB



Toyota C-HR C-ENTER
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 1/17 ekinn 22.000 km
Verð 3.750.000.- Rn. 991790
SUMARBOMBA: 3.490.000.-

BNB



Toyota Auris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 9/16 ekinn 31.000 km
Verð 2.470.000.- Rn. 992044
SUMARBOMBA: 2.190.000,-

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/16 ekinn 59.000 km
Verð 2.350.000.- Rn. 991960
SUMARBOMBA: 1.990.000.-

BNB



Lexus NX300h Comfort Hybrid
Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 1/16 ekinn 39.000 km
Verð 5.990.000.- Rn. 991966
SUMARBOMBA: 5.390.000.-

## SUMARBOMBA BETRI NOTAÐRA BÍLA

Nú er frábært tækifæri til þess að tryggja sér betri notaðan bíl á enn betra verði fyrir sumarið.
Völdum bílum fylgja 50.000 vildarpunktar frá Icelandair og sértilboð á aukahlutum.

Dráttarbeisli, farangursbox, þverbogar og mottur í skott gera ferðalagið þægilegt og skemmtilegt í sumar.

Komdu og kíktu í sumarkaffi og gómsætt meðlæti.

*Sumarbomba Betri notaðra bíla gildir út laugardaginn 2. júní.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPTÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

ergo


GERÐU GÓ
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kj
FORESTER
SUBARU FORESTER
Bensín, sjálfskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 4.550.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 440.000 kr.
ZOE
ESPACE
RENAULT ESPACE
Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 5.190.000 kr.
Listaverð: 5.790.000 kr.
ÞÚ SPARAR 600.000 kr.
LEVORG
SUBARU LEVORG
Bensín, sjálfskiptur, ekinn 1.073 km.
Sérkjör: 3.950.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 1.040.000 kr.
MEGANE
RENAULT MEGANE
Bensín, beinskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 2.850.000 kr.
Listaverð: 3.150.000 kr.
ÞÚ SPARAR 300.000 kr.
Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og athugið að búnaður bíla á myndum kann að vera frábrugðinn auglýstu verði bíla.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is


Ð KAUP
örum á www.bl.is í sumar
KJARABÍLAR
ENGINN BIÐTÍMI!
TIL AFHENDINGAR
STRAX!
HYUNDAI TUCSON
Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 4.190.000 kr.
Listaverð: 4.790.000 kr.
Hyundai, Kauptúni 1
ÞÚ SPARAR
600.000 kr.
MINI COUNTRYMAN
FJÓRHJÓLADRIFINN, PLUG-IN-HYBRID
Bensín, sjálfskiptur, ekinn 1.800 km.
Sérkjör: 4.890.000 kr.
Listaverð: 5.790.000 kr.
ÞÚ SPARAR
900.000 kr.
RENAULT ZOE INTENS
100% Rafbíll, ekinn 0 km.
Sérkjör: 3.290.000 kr.
Listaverð: 3.590.000 kr.
ÞÚ SPARAR
300.000 kr.
SUBARU XV PREMIUM
Bensín, sjálfskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 4.550.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR
440.000 kr.
HYUNDAI i10
Bensín, beinskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 1.947.000 kr.
Listaverð: 2.140.000 kr.
Hyundai, Kauptúni 1
ÞÚ SPARAR
193.000 kr.
RENAULT TALISMAN
Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.
Sérkjör: 4.490.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR
500.000 kr.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.
ENNEMM / SÍA / NM88495

# Hagnaður Samkaupa dróst saman um átján prósent á milli ára

Hagnaður Samkaupa, þriðju stærstu matvörukeðju landsins, nam 258 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 58 milljónir eða ríflega 18 prósent á milli ára. Þetta kemur fram í ársreikningi Kaupfélags Suðurnesja, stærsta hluthafa Samkaupa, en félagið og dótturfélag þess fóru með 62 prósenta hlut í matvörukeðjunni í lok síðasta árs.

Síðasta ár reyndist matvöruverslunum krefjandi, sér í lagi vegna innreiðar bandaríska verslunarrisans Costco hingað til lands. Breytt samkeppnisumhverfi á smásölumarkaði hefur gert það að verkum að íslensk verslunarfyrirtæki hafa þurft að finna leiðir til þess að stækka og hagræða í rekstri. Þannig var sem dæmi greint frá því fyrr á árinu að Samkaup hefði keypt valdar verslanir Basko, sem rekur meðal annars verslanir undir vörumerkjum 10-11 og Iceland, en kaupin eru háð fyrirvörum um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Fram kemur í ársreikningi kaupfélagsins að eigið fé Samkaupa hafi numið um 2.430 milljónum króna í lok síðasta árs borið saman við 2.547 milljónir árið 2016. Er eignarhlutur Kaupfélags Suðurnesja í matvörukeðjunni bókfærður á um 1.432 milljónir króna en til samanburðar var hluturinn metinn á 1.502 milljónir árið 2016.

Samkaup rekur um fimmtíu verslanir um allt land, meðal annars undir vörumerkjum Nettó, en í kringum þúsund manns starfa hjá félaginu. – kij




**Afkoma Samkaupa versnaði í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**Kvika banki var skráður á markað í mars síðastliðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Arion bætir við sig í Kviku

Arion banki hefur keypt um 1,4 prósenta hlut, jafnvirði um 210 milljóna króna, í Kviku fjárfestingarbanka fyrir hönd viðskiptavina. Eftir viðskiptin heldur Arion á um 4,9 prósenta hlut í fjárfestingarbankanum.

Ekki er vitað hvaða fjárfestar standa á bak við hlut Arion banka. Bankinn hefur stækkað eignarhlut sinn í Kviku um hátt í þrjú prósentustig frá því í byrjun síðasta mánaðar.

Þá hefur félag Einars Sveinssonar fjárfestis selt um 0,6 prósenta hlut í Kviku en umrætt félag, P 126, á nú 1,26 prósenta hlut. Einkahlutafélagið RFP, sem er í jafnri eigu Gunnars Sverris Harðarsonar og Þórarins Arnars Sævarssonar, eigenda fasteignasölunnar RE/MAX Senter, hefur jafnframt keypt 0,5 prósenta hlut í bankanum og fer nú samtals með um 2 prósenta hlut.

Gengi hlutabréfa í Kviku stóð í 8,1 krónu á hlut við lokun markaða í gær en bréfin hafa hækkað um 4,5 prósent í verði undanfarnar þrjár vikur eftir lækkanir vikurnar á undan. Kvika banki var skráður á First North-markaðinn í mars síðastliðnum en algengt verð í viðskiptum með bréf í bankanum fyrir skráningu var í um 6,5 krónur á hlut. – kij

# Controlant hyggst umbreyta 13,4 milljarða dollara markaði

**Umtalsverður hluti bóluefna og matvæla skemmist í flutningi vegna breytinga á hitastigi. Neytendur greiða fyrir sóunina. Vodafone Global birti grein um íslenska tæknifyrirtækið Controlant og dreifði á heimsvísu. Controlant er farið að þjónusta stór alþjóðleg fyrirtæki og sækir fjármagn til fjárfesta til að vaxa frekar.**

Íslenska tæknifyrirtækið Controlant hyggst endurhanna virðiskeðju með kældar vörur. Verðmæti markaðarins er talið nema 13,4 milljörðum dollara. Þetta kemur fram í grein Vodafone Global sem dreift er á heimsvísu, bæði innanhúss og á samfélagsmiðlum.

Ingi Björn Ágústsson, sérfræðingur hjá Vodafone á Íslandi, sagði í samtali við Fréttablaðið, að slíkar greinar (e. case study) séu birtar ef starfsmenn Vodafone Global telja að efni þeirra geti vakið athygli á heimsvísu. Þetta sé í fyrsta skipti sem Vodafone Global birtir grein um íslenskt fyrirtæki.

„Controlant býður heildarlausnir fyrir fyrirtæki til þess að útrýma sóun í allri virðiskeðjunni hvað varðar hitastig og ferla við flutninga,“ segir Erlingur Brynjúlfsson, einn af stofnendum fyrirtækisins og tæknistjóri þess, í samtali við Fréttablaðið. Fyrirtækið leggur áherslu á að vakta lyf og matvæli.

### Lyf skemmast í flutningi

Fram kemur í skýrslu Vodafone að markaðurinn með flutning á kældum vörum sé talinn velta 13,4 milljörðum dollara á ári á heimsvísu. Allt að 35 prósent bóluefna skemmast í flutningi vegna breytinga á hitastigi og um 33 prósent matvæla ætluð fólki ýmist skemmast eða týnast við flutning.

„Á endanum greiða neytendur fyrir þessa sóun og því er um mikið hagsmunamál að ræða. Það þarf ekki annað en að minnka sóunina um fáein prósent til þess að það skipti miklu máli fyrir fyrirtæki og neytendur. Hið raunverulega samfélagstjón á sér hins vegar stað þegar fólki fær lyf sem hafa skemmst og enginn veit af því,“ segir Erlingur.



**Mikið samfélagslegt tjón verður þegar fólk fær skemmd lyf og enginn veit af því, segir Erlingur Brynjúlfsson, tæknistjóri Controlant.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Erlingur Brynjúlfsson.**

### Nýstárleg nálgun

Hann segir nálgun Controlant á vandann nýstárlega samanborið við keppinautana, sem selji vélbúnað sem mæli hitastig. „Við bjóðum heildarlausn og seljum ekki vélbúnað heldur þjónustu þar sem varan er vöktuð í rauntíma. Það fellur vel í kramið hjá alþjóðlegum fyrirtækjum.“

Áður en fyrirtækið hóf að vakta kældar vörur í flutningum bauð það upp á vöktun á staðbundnum rýmum, eins og lagerrými og kælum.

„Fyrir sjö árum fékk Controlant fjármagn frá fjárfestum, þar á meðal fjárfestingarsjóðnum Frumtaki, og nýtti það meðal annars til að hefja innreið í Skandinavíu, því næst lá leiðin til Bretlands og nú höfum við verið að ná fótfestu í Bandaríkjunum. Á þessum svæðum erum við þegar að þjónusta stór og alþjóðleg fyrirtæki í bæði lyfja- og matvælageiranum,“ segir Erlingur.

Að hans sögn hefur fyrirtækið sótt aukið fjármagn til fjárfesta til að knýja vöxtinn áfram. „Við ætlum okkur stóra hluti og sækjum fjármagn til að ná þeim markmiðum.“

Erlingur bendir á að Controlant sé í samstarfi við Vodafone Global. „Við störfum í alþjóðlegu umhverfi og rákum okkur á að við urðum að semja við símafyrirtæki í hverju landi fyrir sig til að halda kostnaði niðri því vörurnar sem við fylgjumst með eru sendar um heim allan. Með samstarfinu losnum við undan því og gagnamagnið kostar ávallt hið sama,“ segir hann. Um er að ræða svokallaða IoT tækni.

helgivifill@frettabladid.is







Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins þriðja árið í röð.

***KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Okrarar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Græðgin gengur ljósum logum á leigumarkaði. Hjá of mörgum leigusölum, bæði leigufélögum og einstaklingum sem leigja út íbúðir, ríkir áberandi áhugaleysi á að bjóða upp á sanngjarna leigu, áhuginn beinist að því hversu mikið sé hægt að komast upp með. Ljóst er að hægt er að komast upp með svívirðilegustu hluti á leigumarkaði, vitanlega á kostnað annarra. Þetta freistar margra leigusala, en samt ekki allra. Í umræðunni um okurleigu má ekki gleymast að sómakærir leigusalar finnast víða. Þeir innheimta sanngjarna leigu, en sprengja ekki upp leiguverð, og hækka það síðan með reglulegu millibili, vegna þess eins að þeir geta það. Þeir hafa þroska til að setja sjálfum sér mörk.

Á leigumarkaði skortir regluverk og eftirlit. Okrararnir geta því athafnað sig að vild. Sá einstaklingur sem er óviljugur að borga svimandi háa leigu má éta það sem úti frýs. Hann má líka búast við að ekki einungis leigusalar heldur einnig þeir sem trúa í blindni á markaðslögmál muni mæta kvörtunum hans með orðunum: Svona er nú einu sinni markaðurinn og hann verður að fá að ráða!

Auðvitað eiga okrarar ekki að stjórna markaðnum. Gjörðum þeirra á ekki að mæta með þögn, hvað þá samþykki, heldur benda á þær. Einmitt það hefur forysta stéttarfélagsins VR gert, en þar á bæ var nýlega safnað saman sögum leigjenda sem lýsa andstyggilegu okri leigusala. Þetta eru sögur af fólki í miklum vanda og þær koma ekki á óvart því svo að segja allir þekkja til einstaklinga sem búa við okurleigu.

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, kallaði hlutina sínum réttu nöfnum þegar hann lét hafa eftir sér að leiguverð væri víða á skjön við allt velsæmi og líkti því við fjárkúgun. Undir forystu hans ætlar VR að beita sér fyrir því að sett verði regluverk til verndar fólki á leigumarkaði. Hinn nýi formaður VR er umdeildur, enda er hann æði herskár, en hann á fyllilega skilið að honum sé hrósað rösklega fyrir að láta sig aðstæður fólks á leigumarkaði miklu varða.

Félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, hefur látið í sér heyra vegna málsins, en hann segist hafa fengið fjölda ábendinga um okur á leigumarkaði. Hann hyggst kalla á sinn fund fulltrúa helstu leigufélaga, leita skýringa hjá þeim og meta síðan hvort rétt sé að grípa til aðgerða. Það getur ekki verið annað en gott að fólk hittist og ræði málin. Það er hins vegar erfitt að sjá fyrir sér að fulltrúarnir viðurkenni okur á fundi með ráðherra. Þeir eru mun líklegri til að koma með fjölda skýringa, kenna aðstæðum um og vísa í markaðslögmál.

Mikið væri samt gleðilegt ef leigusalar sem okra tækju sinnaskiptum eins og Scrooge gerði svo eftirminnilega í jólasögu Charles Dickens. Fyrir vikið öðlaðist Scrooge virðingu þeirra sem hann hafði áður okrað svo illilega á. Sjálfur stórgræddi hann á sinnaskiptunum, því hann varð að nýjum, betri og hamingjusamari manni. Ekki amalegur gróði þar á ferð!

> **Ljóst er að hægt er að komast upp með svívirðilegustu hluti á leigumarkaði, vitanlega á kostnað annarra.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Pubqiz helvítis við Austurvöll**

**Fyrirspurnagleði Píratans Björns Levís Gunnarssonar er landsfræg. Andrés Magnússon, blaðamaður á Viðskiptablaðinu, gerir athugasemd við fyrirspurn hans um hvaða óskráðar reglur og hefðir gilda um störf þingmanna. Andrés dregur þá ályktun að næst muni Björn Leví meðal annars spyrja um hver sé besta leiðin til þess að búa til góðan latte, um tilgang lífsins og hvað Óðinn hafi mælt í eyra Baldri. „Velkomin í pubquiz helvítis.“**

**Sósíalistar X**

**Sjálfsagt settu margir x við sósíalista til þess að koma þeim til áhrifa og furða sig á að oddvitinn, Sanna Magdalena, hafi afþakkað slíkt með vísan í Malcholm X. Myndlistarmaðurinn Jón Óskar er einn þeirra sem klóra sér í hausnum yfir þessu á Facebook: „Heyrir maður nokkurn tíma rödd minnihlutans? Malcolm X; er ekki viss um að síteringar í hann sé góður leikur.“ Gunnar Smári Egilsson, einn stofnenda Sósíalistaflokksins og helsti hugmyndafræðingur, tekur illa í orð Jóns og spyr: „Og hvers vegna kvartar þú nú yfir tilvitnunum í Malcolm X? Slagorð sósíalista í kosningunum var Valdið til fólksins, slagorð Black Panther Party.“**

thorarinn@frettabladid.is

# Átak í uppbyggingu hjúkrunarrýma



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Skortur á hjúkrunarrýmum hefur leitt til þess að biðtími eftir þeim hefur lengst. Árið 2017 var meðalbiðtími þeirra sem fara í hjúkrunarrými 106 dagar. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019-2023 er það markmið kynnt að biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum á tímabilinu. Árið 2017 var hlutfall íbúa sem fá dvöl í hjúkrunarrými og hafa beðið skemur en 90 daga 59% en markmið nú er að þetta hlutfall hækki og verði 80% í lok tímabils fjármálaáætlunar.

Það er óþarfi að fjölyrða um mikilvægi uppbyggingar hjúkrunarrýma. Fjölgun hjúkrunarrýma hefur auðvitað fyrst og fremst jákvæð áhrif á lífsgæði aldraðra sem eru á biðlistum eftir slíkum rýmum. Uppbyggingin hefur einnig áhrif á heilbrigðiskerfið allt; fleiri hjúkrunarrými létta á deildum Landspítalans, heilbrigðisstofnunum um allt land og heilsugæslunni. Þannig leiðir uppbyggingin til þess að mögulegt er að veita heilbrigðisþjónustu í meiri mæli á réttu þjónustustigi. Þannig aukast gæði þjónustunnar fyrir alla landsmenn, óháð aldri.

Heildarfjöldi hjúkrunarrýma sem eru á framkvæmdaáætlun núna eru 790. Ný viðbótarrými eru 550 og rými sem þegar eru fyrir hendi en þar sem aðbúnaður verður bættur eru 240. Fjöldi rýma sem bætt var við frá fyrri fjármálaáætlun er rúmlega 300, þar af 241 nýtt rými og 63 rými þar sem bæta á aðbúnað. Staðsetning fyrrgreindra rýma liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti en samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er fremur horft til heilbrigðisumdæma en nákvæmrar staðsetningar. Það skýrist af því að möguleikar sveitarfélaga til að koma að verkefninu með ríkinu geta haft áhrif á áætlaðar framkvæmdir.

Vinnan sem fram undan er við staðarval, byggingu og rekstur umræddra hjúkrunarrýma er bæði viðamikið og spennandi verkefni. Það er ánægjulegt að geta sagt frá þessari áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma og ég er viss um að uppbyggingin mun hafa mjög jákvæð áhrif á heilbrigðiskerfið allt.

> **Fjölgun hjúkrunarrýma hefur auðvitað fyrst og fremst jákvæð áhrif á lífsgæði aldraðra sem eru á biðlistum eftir slíkum rýmum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hæstiréttur og prentfrelsið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Í ritgerð sinni „Prentfrelsi og nafnleynd“ í Úlfljóti 1969 lýsir Ólafur Jóhannesson, lagaprófessor og síðar forsætisráðherra, þeirri skoðun að blaðamenn og heimildarmenn þeirra njóti nafnleyndar að lögum. Nöfn heimildarmanna eru vernduð á þeirri forsendu að tjáningarfrelsi blaðamanna væri einskis virði án nafnleyndar eða nafnleyndarskyldu. Um ritfrelsi blaðamanna segir Ólafur: „Sé prentfrelsi ... takmarkað er lýðræðið í hættu. Prentfrelsi má því með réttu kallast einn af hyrningarsteinum stjórnfrjálsra þjóðfélaga.“

Ólafur Jóhannesson minnir á að í Svíþjóð njóti prentréttarlöggjöf verndar í stjórnarskrá. Á Íslandi sé þetta hins vegar undir almennri löggjöf komið en fyrst og fremst prentlögum og meiðyrðalöggjöf. Almenna reglan hér heima virðist vera sú að höfundi prentaðs máls (eða ónefndum heimildarmanni) sé óskylt að nafngreina sig. „Blöð gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðislandi,“ segir Ólafur í grein sinni. „Þau eiga að vera frjálsir fréttamiðlar, halda uppi gagnrýni á því, sem miður fer í þjóðfélaginu, og veita stjórnvöldum og öðrum forráðamönnum aðhald. Góð blöð eiga að leita sannleikans og segja hann, þegar við á, hver sem á í hlut.“

Ólafur heldur áfram: „Nafnleyndarréttur á ekki aðeins að taka til greina sem ritaðar eru í blað, heldur og til þeirra heimildarmanna blaðamanna, er gefa þeim munnlegar upplýsingar. Hér á ekki aðeins að vera um rétt að ræða heldur og skyldu til leyndar.“ (bls. 309-322).

Frjáls fjölmiðlun hvílir á trúnaðarsambandi blaðamanna og heimildarmanna þeirra. Þetta samband tryggir m.a. tjáningarfrelsið. Þess vegna kveður nýja stjórnarskráin sem Alþingi á enn eftir að staðfesta á um vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara í stjórnarskrá. Orðið „uppljóstrari“ kemur fyrst fyrir í Klausturpóstinum á ofanverðri 19. öld og er nú notað um þá sem afhjúpa óheiðarlega eða ólöglega háttsemi. Orðið rataði inn í frumvarpið skv. ábendingu frá sérfræðingi sem benti á að slæleg vernd uppljóstrara leiddi iðulega til óheilbrigðrar leyndar um ýmis mikilvæg þjóðmál. Bandaríski hæstaréttardómarinn Louis Brandeis 1916-1939 orðaði sömu hugsun vel: „Birta ... er bezta sótthreinsunarlyfið.“

Réttur blaðamanna til að leyna heimildum sínum og heimildarmönnum er annars eðlis en þagnarskylda lækna og bankastarfsmanna. Þagnarskylda læknis og bankastarfsmanns er skylda til að deila ekki með öðrum – jafnvel fyrir rétti – upplýsingum sem þeir hafa komizt að um einstaklinga í starfi sínu. Hlutverk blaðamanns er þvert á móti að greina frá því sem hann veit. Leyndin sem lögin krefjast handa blaðamanninum og þarfnast verndar nær ekki til upplýsinganna sem blaðamaðurinn hefur aflað, heldur aðeins til uppruna þessara upplýsinga, þ.e. til heimildarmanns. Þessi greinarmunur er grundvallaratriði.

Með lögum þarf að útfæra hvenær réttlætanlegt sé að aflétta nafnleynd en henni skyldi aldrei aflétt nema í tengslum við rannsókn alvarlegustu sakamála. Að öllu jöfnu myndu ríkir einkahagsmunir ekki geta réttlætt það að nafnleynd væri aflétt skv. undanþáguheimild í stjórnarskrá. Þegar stjórnarskráin hefur hlotið staðfestingu þarf að endurskoða lög til að torvelda málsóknir á hendur blaðamönnum.

Pentagon-skjölin sem Daniel Ellsberg hagfræðingur lak til bandarískra fjölmiðla 1971 afhjúpuðu lygar stjórnvalda um gang stríðsins í Víetnam og vöktu almenna hneykslan. Forsetinn og menn hans vissu að stríðið var tapað en sendu unga menn samt áfram út í opinn dauðann. Ríkisstjórnin höfðaði mál gegn New York Times og Washington Post og krafðist lögbanns gegn birtingu skjalanna. Hæstiréttur Bandaríkjanna hafði snör handtök og staðfesti lagalegan rétt beggja blaða til að birta skjölin aðeins tveim vikum eftir að fyrsti hluti skjalanna var birtur. Við héldum prentfrelsinu í gíslingu 15 dögum of lengi, sagði Hugo Black hæstaréttardómari og bætti við:

„Með prentfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar veittu höfundar hennar frjálsum fjölmiðlum þá vernd sem þeir verða að njóta til að rækja grundvallarhlutverk sitt í lýðræðisskipan okkar. Fjölmiðlum var ætlað að þjóna fólkinu, ekki stjórnvöldum. Vald ríkisins til að ritskoða fjölmiðla var afnumið til að tryggja þeim varanlegt frelsi til að gagnrýna stjórnvöld. Fjölmiðlum var veitt vernd svo þeir gætu afhjúpað leyndarmál stjórnvalda og upplýst fólkið. Aðeins frjálsir og óheftir fjölmiðlar eru þess megnugir að afhjúpa blekkingar stjórnvalda.“ [Mín þýðing, ÞG.]

Skömmu fyrir þingkosningarnar 2017 fengu bankamenn framgengt lögbanni gegn Stundinni sem hafði birt upplýsingar úr leknum gögnum um meint innherjaviðskipti formanns Sjálfstæðisflokksins í hruninu. Héraðsdómur Reykjavíkur synjaði 2. febrúar sl. öllum kröfum Glitnis HoldCo í málinu og hafði þá haldið prentfrelsinu í gíslingu frá því um miðjan október. Og nú hefur Hæstiréttur tekið sér marga mánuði enn til að fjalla um málið. Afstaða sumra hæstaréttardómara til prentfrelsis ætti þó varla að koma neinum á óvart enda hefur einn dómarinn nýlega höfðað meiðyrðamál gegn fv. dómara í réttinum. Hvar annars staðar skyldu hæstaréttardómarar standa í málaferlum hver við annan? Hvergi á byggðu bóli – nema á Íslandi. Ég held ég viti hvað Ólafi Jóhannessyni hefði fundizt um þessa dómara o.fl.


skattur.is




**Álagningu skatta á einstaklinga er lokið**

**Álagningar- og innheimtuseðlar einstaklinga 2018**

*eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra rsk.is og skattur.is.*

**Barnabætur, vaxtabætur og inneign vegna álagningar verður greidd út 1. júní.**

**Upplýsingar um greiðslustöðu veita tollstjóri og sýslumenn.**

*Álagningarskrár liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra dagana 31. maí til 14. júní 2018, að báðum dögum meðtöldum.*

**Kærufresti lýkur 31. ágúst 2018.**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

STOFNUN ÁRSINS 2018

# Fólkið fyrst



**Edda Hermannsdóttir**
samskiptastjóri Íslandsbanka

Hátt í 300 háttsettir stjórnendur í Bandaríkjunum hafa látið af störfum í kjölfar umræðu um kynbundna mismunun. Hlutirnir hafa gerst hratt á undanförnum mánuðum og afleiðingarnar eru alvarlegar. Vandamálið er líka rótgróið, hefur fengið að vaxa og verið ósnert í áratugi og í raun öldum saman. Það getur verið erfitt að koma orðum yfir vandann enda er stór hluti hans óáþreifanlegur. Talað er niður til kvenna, þeim mismunað og áreitnin er á tíðum kynferðisleg.

Þegar hópur hugrakkra kvenna vakti máls á #metoo hér heima fóru stjórnendur að líta inn á við og sumir vöknuðu upp við vondan draum. Fjölda karlmanna var brugðið við frásögn kvenna af áreitni á vinnustöðum, sögur af samstarfsfélögum, yfirmönnum og viðskiptavinum. Sögur af mönnum sem eru alls ekki slæmir, í raun bara mjög góðir náungar. Þær sögur sýna best hversu inngreypt hugarfarið er í menningu okkar og við oft blind á eigin hegðun.

Í Íslandsbanka er mikil áhersla lögð á jafnrétti og við höfum staðið fyrir virkri umræðu innan sem utan bankans um jafnréttismál. Auk þess hafa á annað þúsund sótt fundi bankans um jafnréttismál sem við erum mjög stolt af. Unnið hefur verið að því að jafna kynjahlutföll en helmingur stjórnenda og framkvæmdastjórnar eru konur. Við, líkt og aðrir, þurftum að fara í naflaskoðun en frá upphafi var ákveðið að taka málið föstum tökum. Um leið og við lögðum okkur fram við að gæta sanngirni og fara varlega í ásakanir voru skilaboðin skýr um að mál yrðu ekki þögguð niður. Farið var yfir starfsreglur og ferlar yfirfarnir svo ekki færi á milli mála hvernig ætti að bregðast við kynbundinni mismunun og áreitni.

**Stærsta verkefnið**

Stærsta verkefnið var að hlusta enn betur á starfsfólkið. Æðstu stjórnendur hittu fólk úr ólíkum áttum í bankanum en það er mikilvægt að mál sem þessi séu inni á borði framkvæmdastjórnar en ekki komið fyrir í mis valdamiklum nefndum. Konur jafnt sem karlar í bankanum ræddu markvisst saman. Konur sögðu sögur af sinni upplifun í gegnum tíðina og karlar ræddu hvort þeir hefðu einhvern tíma tekið þátt í slíku athæfi eða orðið vitni að því.

Auðmýkt er undanfari virðingar og það á vel við í þessari umræðu. Það á að bera virðingu fyrir umræðunni og öllum sögunum en þar skipta áherslur og viðbrögð stjórnenda máli því eftir höfðinu dansa limirnir. Öll getum við litið inn á við og spurt okkur hvort það sé eitthvað sem við getum gert á annan hátt og verið auðmjúk og einlæg í því samtali. Það er því aðdáunarvert að horfa á konur segja sínar sögur en það er ekki síður áhugavert að hlusta á sögur karla sem sjá hvaða hegðun er óásættanleg og vilja breyta henni enda verðum við fyrst og fremst að læra og horfa til framtíðar.

Davia Temin, sérfræðingur í krísustjórnun, kom til landsins í síðustu viku og ræddi um afleiðingar #metoo í Bandaríkjunum. Hún sagði að í öllum krísum þyrftu fyrirtæki að hafa eitt í huga, það er: fólkið fyrst. Það er algjört grundvallaratriði og fyrirtæki ættu ekki aðeins að hugsa um það í krísum heldur í daglegum rekstri.

Það er enginn vinnustaður neitt án fólksins og ef einhver gerir eitthvað á hlut þess skaðar það vinnustaðinn. Þessi orð eiga líka vel við gagnvart #metoo. Það eru engin viðskipti verðmætari en fólkið sjálft og því mest um vert að ekki sé gengið á hlut þess. Þetta er áskorun fyrirtækja í framhaldi af umræðu síðustu vikna. Að tryggja starfsfólki sínu góðan vinnustað þar sem það getur treyst því að það skipti máli og komið sé fram við það af virðingu. Ef reglur eru brotnar skal tekið á þeim málum og línan er skýr, kynbundin mismunun er ekki umborin.

**Það er enginn vinnustaður neitt án fólksins og ef einhver gerir eitthvað á hlut þess skaðar það vinnustaðinn. Þessi orð eiga líka vel við gagnvart #metoo. Það eru engin viðskipti verðmætari en fólkið sjálft og því mest um vert að ekki sé gengið á hlut þess. Þetta er áskorun fyrirtækja í framhaldi af umræðu síðustu vikna.**

# Konur, breytum heiminum saman





**Arna Hauksdóttir** **Unnur Anna Valdimarsdóttir**
prófessorar við læknadeild Háskóla Íslands

Á laugardaginn sameinast þúsundir kvenna um allt land og hlaupa sér til ánægju og heilsuauka í Kvennahlaupi ÍSÍ. Það er einstök gleði og bjartsýni sem fylgir því þegar kynslóðir kvenna – ömmur, mæður, dætur, systur, frænkur og vinkonur – sameinast á þessum skemmtilega degi.

Vísindarannsóknir síðustu áratuga hafa einmitt sýnt að hreyfing er ein grunnstoð heilsu og vellíðunar. Uppgötvanir í heilbrigðisvísindum skapa forsendur fyrir því að við getum bætt og lengt líf fólks. Meirihluta síðustu aldar var slagsíða í inntaki vísindarannsókna á karlbundna þætti heilsufars. Sú staðreynd leiddi til dæmis til þess að kvenbundin einkenni og áhættuþættir hjartasjúkdóma voru illa skilgreindir og það sama gildir enn um fjölmarga sjúkdóma sem fremur hrjá konur.

Það má einnig vera ljóst, ekki síst með tilkomu #metoo byltingar síðasta árs, að skuggahliðar tilveru kvenna eru kynbundið ofbeldi og önnur áföll sem þær upplifa, oft snemma á lífsleiðinni. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að sennilega verði þriðjungur kvenna fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi á lífsleiðinni. Þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi gefa til kynna að þetta sé einnig raunveruleikinn á Íslandi. Þá eru ótalin önnur áföll á borð við ástvinamissi, erfiða fæðingarreynslu, náttúruhamfarir, einelti, og skilnaði.

Þó rannsóknir séu tiltölulega skammt á veg komnar eru sterkar vísbendingar um að ofbeldi og önnur áföll geti haft veruleg áhrif á bæði sálræna og líkamlega heilsu kvenna. En betur má ef duga skal. Við þurfum vísindarannsóknir til þess að lyfta grettistaki í þekkingarsköpun og þar með forvörnum á þessu sviði. Við þurfum að skilja betur hvernig koma má í veg fyrir áföll eins og ofbeldi og hvernig við komum í veg fyrir að þolendur áfalla missi heilsuna í kjölfar þeirra. Við þurfum sterka vísindalega þekkingu til að breyta heiminum.

Áfallasaga kvenna er vísindarannsókn á vegum Háskóla Íslands sem hefur það að markmiði að bæta vísindalega þekkingu á þessu sviði. Nú á vormánuðum hefur staðið yfir þjóðarátak þar sem öllum konum, 18 ára og eldri, stendur til boða að taka þátt í rannsókninni með því að svara spurningalista á netinu. Þúsundir kvenna hafa nú þegar lagt okkur lið með þátttöku sinni og þannig lagt mikilvægt lóð á vogaskálarnar að bættri þekkingu fyrir komandi kynslóðir. Skráning í rannsóknina stendur enn yfir og við hvetjum allar konur, óháð fyrri sögu um áföll, að kynna sér málið á www.afallasaga.is eða staldra við upplýsingaefni og upplýsingabása okkar á Kvennahlaupsdaginn.

Með samstilltu átaki getum við konur breytt heiminum – gleðilegt Kvennahlaup!

**Þó rannsóknir séu tiltölulega skammt á veg komnar eru sterkar vísbendingar um að ofbeldi og önnur áföll geti haft veruleg áhrif á bæði sálræna og líkamlega heilsu kvenna.**

# Afnema þarf skerðingu TR vegna lífeyrissjóða



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Það er athyglisvert, að enginn stjórnmálaflokkur sker sig úr á Alþingi í baráttu fyrir bættum kjörum eldri borgara. Enginn flokkur berst svo vasklega fyrir eldri borgara, að aldraðir geti sagt án þess að hika: Þetta er flokkurinn okkar. Þeir flokkar, sem bera hag aldraðra fyrir brjósti, verða því að taka sig verulega á. Það er vissulega mikil þörf á því í dag, að þeir geri það. Ríkisstjórnin er aðgerðalaus í þessum málaflokki. Og stjórnarandstaðan stendur sig heldur ekki nógu vel.

**Lífeyrir dugar ekki fyrir framfærslukostnaði!**

Hvað er brýnast að gera í málum eldri borgara?

Það er þetta: Það þarf að hækka lífeyri aldraðra frá almannatryggingum verulega. Lífeyrir almannatrygginga er svo naumt skammtaður, að þeir eldri borgarar, sem einungis hafa tekjur frá Tryggingastofnun, hafa ekki nóg fyrir framfærslukostnaði. Einhverjir útgjaldaliðir verða því alltaf útundan og oftast verða það annaðhvort lyf eða lækniskostnaður eða báðir þessir liðir. Stundum gerist það síðustu daga mánaðarins, að ekki er nóg fyrir mat. Þá verður viðkomandi eldri borgari að leita til ættingja eða hjálparstofnana. Það eru þung spor. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi ástand; þetta er mannréttindabrot. Ríkisstjórnin getur ekki skammtað öldruðum svo naumt, að þeir hafi ekki fyrir framfærslukostnaði. Ríkisstjórnin veit af þessu. Ég skrifaði forsætisráðherra bréf um þetta mál í byrjun ársins og formaður Félags eldri borgara sneri sér til forsætisráðherra út af sama máli nokkru síðar. En samt gerir ríkisstjórnin ekkert í málinu!

**425 þúsund á mánuði fyrir skatt lágmark**

Hvað þarf lífeyrir aldraðra að vera hár til þess að hann dugi til framfærslu? Að mínu mati er lágmarkslífeyrir þessi: 425 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt. 311 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Ekki á að gera mun á einhleypum og giftum eldri borgurum að því er lífeyri varðar. Framangreindur lífeyrir er algert lágmark til þess að eldri borgarar hafi fyrir nauðsynlegustu útgjöldum. Þetta dugar þó tæplega, ef eldri borgarinn þarf að greiða mikið í húsnæðiskostnað, til dæmis háa húsaleigu eða miklar afborganir og vexti af íbúð. Einnig er ókleift að kaupa og reka bíl af lífeyri, sem eingöngu er frá TR. Hann hrekkur ekki til þess.

**Miklar skerðingar lífeyris TR**

Þeir sem hafa lágan lífeyri úr lífeyrissjóði eru lítið betur settir en hinir, sem eingöngu hafa lífeyri frá almannatryggingum. Húsnæðiskostnaður skiptir gífurlega miklu máli fyrir eldri borgara. Þeir, sem eiga skuldlaust eða skuldlítið húsnæði, eru miklu betur staddir en hinir. Þeir geta veitt sér meira á efri árum. Þeir, sem hafa góðan lífeyrissjóð, eru einnig betur settir en hinir sem hafa engan lífeyrissjóð eða mjög lélegan en þeim svíður, að ríkið skuli refsa þeim fyrir að hafa sparað í lífeyrissjóði.

Ríkið skerðir lífeyri aldraðra frá TR hastarlega, ef þeir hafa greitt í lífeyrissjóð. Það gengur í berhögg við yfirlýsingar, sem voru gefnar, þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir. En þá var sagt, að lífeyrissjóðirnir ættu að vera hrein viðbót við almannatryggingar. Þessu lýsti m.a. ASÍ yfir 1969. Þegar ríkið skerðir tryggingalífeyri eldri borgara frá TR í dag finnst umræddum eldri borgurum sem þeir hafi verið sviknir.

Það er brýnt að afnema skerðingu tryggingalífeyris vegna lífeyrissjóða sem fyrst. Margir álíta að afnema eigi skerðingarnar í einum áfanga, þar eð ríkið hafi haft mikinn ávinning af skerðingunum svo lengi og þessar skerðingar eigi ekki rétt á sér. Ég tek undir það.

**Kostar 35 milljarða að afnema allar skerðingar**

Dr. Haukur Arnþórsson hefur rannsakað skerðingarnar og skrifað mikið um þær. Hann telur, að það sé ekki eins dýrt fyrir ríkið að afnema þær eins og talið hefur verið. Hann telur, að það kosti ríkið 35 milljarða kr. að afnema alveg allar skerðingar tryggingalífeyris vegna annarra tekna. En auk þess telur hann að það vanti svipaða upphæð upp á að greiðslur ríkisins hér til eftirlauna nái meðaltali slíkra opinberra greiðslna í OECD-ríkjunum.

Þessar tölur dr. Hauks setja málið alveg í nýtt ljós. Það er ekki lengur spurning um það hvort ríkið ráði við það að afnema skerðingar vegna lífeyrissjóða. Ríkinu ber bókstaflega skylda til þess. Spurningin er fremur hvort afnema eigi allar skerðingar eða einungis vegna lífeyrissjóða. Miðað við OECD hefur íslenska ríkið hlunnfarið eftirlaunamenn hér um sömu upphæð og það kostar að afnema allar skerðingar.

**Enginn stjórnmálaflokkur sker sig úr á Alþingi í skeleggri baráttu fyrir bættum kjörum eldri borgara.**

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN
900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum


Skoðaðu úrvalið á www.patti.is
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

SAMSUNG

# Auðvelt að velja!

SAMSUNG

## Ekta UHD 4K

UE**49"**MU6175.....**kr. 119.900,-**
UE**55"**MU6175.....**kr. 129.900,-**
UE**65"**MU6175.....**kr. 219.900,-**
UE**75"**MU6175.....**kr. 349.900,-**

*Öll þessi tæki hafa: Raunverulega UHD 4K myndvinnslu, þráðlaus samskipti um Bluetooth við Soundbar eða heyrnartól. Speglun á mynd við önnur snjalltæki. Myndgæði 1300 PQI. Forðumst eftirlíkingar.*




**Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar**

SAMSUNG

## QLED TV

**Eigum nokkur 7 og 8 línu QLED-tæki á lækkuðu verði í stærðum 49" 55" 65" og 75".**

Dæmi: 55" **QE55Q7C.**
**Verð nú 249.900,-**

Dæmi: 65" **QE65Q7C.**
**Verð nú 359.900,-**

**Q picture**

Litur
Sýnir alla liti 100%

Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

**Q style**

Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil
Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

**Q smart**

Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita




Samsung QLED is Quantum dot based TV

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**LOKAÐ LAUGARDAGA Í SUMAR**

**SAMSUNG SETRIÐ**
NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# 16 DAGAR í HM



**Ólafur Ingi Skúlason**

**Aldur:** 35 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Fylkir
**Landsleikir:** 35/1

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**ÍBV - Valur 1-3**
0-1 Thelma Björk Einarsdóttir (49.), 0-2 Elín Metta Jensen, víti (62.), 1-2 Shameeka Fishley (78.), 1-3 Elín Metta (82.).

**Mjólkurbikar karla**

**Valur - ÍBV 3-2**
1-0 Sigurður Egill Lárusson (6.), 1-1 Kaj Leo í Bartalsstovu (46.), 1-2 Sigurður Grétar Benónýsson (71.), 2-2 Sindri Björnsson (84.), 3-2 Tobias Thomsen (101.).

**Fjölnir - Þór 4-5 (1-1)**
0-1 Ignacio Gil Echevarria (42.), 1-1 Valmir Berisha (87.).

*Þór vann 3-4 í vítaspyrnukeppni.*

**Stjarnan - Þróttur R. 5-0**
1-0 Baldur Sigurðsson (36.), 2-0 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (43.), 3-0 Guðmundur Steinn (62.), 4-0 Guðmundur Steinn (80.), 5-0 Hilmar Árni Halldórsson (89.).

**Fram - Víkingur Ó. 0-1**
0-1 Vignir Snær Stefánsson (36.).

**Breiðablik - KR 1-0**
1-0 Oliver Sigurjónsson (5.).

**Grindavík - ÍA 1-2**
0-1 Steinar Þorsteinsson (48.), 1-1 Aron Jóhannsson (79.), 1-2 Arnar Már Guðjónsson (88.).



Ester Óskarsdóttir átti góðan leik í íslensku vörninni gegn Tékklandi í gær. Hér sést Eyjakonan hins vegar sækja að marki Tékka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Of lengi í gang gegn Tékkum

**Slæm byrjun varð Íslandi að falli gegn Tékklandi í síðasta heimaleiknum í undankeppni EM 2018 í gær. Ísland lenti sjö mörkum undir í fyrri hálfleik en spilaði vel í þeim seinni og var ekki langt frá því að ná í stig.**

**HANDBOLTI** Ísland tapaði 24-26 fyrir Tékklandi í næstsíðasta leik sínum í undankeppni EM kvenna í handbolta í gær. Íslendingar eru enn með eitt stig á botni síns riðils. Íslenska liðið mætir Danmörku í lokaleik sínum í undankeppninni á laugardaginn.

Íslenska liðið virtist þjakað af spennu í upphafi leiks í gær. Tékkar skoruðu fyrstu fjögur mörkin og náðu mest sjö marka forskoti. Sóknarleikurinn var, eins og svo oft í undankeppninni, stirður og mistökin alltof mörg. Þá vantaði mikið upp á markvörsluna.

Í stöðunni 7-14 undir lok fyrri hálfleiks fór íslenska liðið loks í gang. Það skoraði tvö síðustu mörk fyrri hálfleiks og staðan í hálfleik var því 9-14, Tékklandi í vil.

Ísland byrjaði svo seinni hálfleikinn af miklum krafti og Arna Sif Pálsdóttir minnkaði muninn í 15-17. Íslendingar náðu svo öðru góðu áhlaupi þegar um 10 mínútur voru til leiksloka, minnkuðu muninn í eitt mark og fengu tækifæri til að jafna metin.

Þau fóru hins vegar í súginn og Tékkar gerðu nóg til að landa tveggja marka sigri, 24-26.

Landsliðsþjálfarinn Axel Stefánsson getur verið sáttur við frammistöðuna í seinni hálfleik sem var framúrskarandi. Byrjunin reyndist hins vegar dýrkeypt.

Guðný Jenný Ásmundsdóttir átti frábæra innkomu í íslenska markið og varði 13 skot. Ísland hélt Tékklandi í aðeins 12 mörkum í seinni hálfleik þar sem varnarleikurinn var sterkur. Líkt og í síðustu leikjum lék Ester Óskarsdóttir fremst í 5-1 vörn og leysti það vel. Sóknarleikurinn var hins vegar ekki nógu beittur og er enn aðalveikleiki íslenska liðsins.

ingvithor@frettabladid.is

### Undankeppni EM 2018

**Ísland 24-26 Tékkland**
(9-14)

**Mörk Íslands** Karen Knútsdóttir 7/2, Arna Sif Pálsdóttir 5, Helena Rut Örvarsdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Ester Óskarsdóttir 1, Perla Ruth Albertsdóttir 1, Steinunn Björnsdóttir 1, Thea Sturludóttir 1, Steinunn Hansdóttir 1.
**Varin skot:** Hafdís Renötudóttir 2, Guðný Jenný Ásmundsdóttir 13/1.



Guðný Jenný Ásmundsdóttir varði frábærlega í seinni hálfleiknum gegn Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þurfum meiri stöðugleika

**HANDBOLTI** „Við gerðum okkur þetta erfitt fyrir. Við kláruðum ekki brotin í fyrri hálfleik og vörðu boltarnir enduðu oft í höndunum á Tékkunum,“ sagði Guðný Jenný Ásmundsdóttir sem átti flotta innkomu í íslenska markið í leiknum gegn Tékklandi í gær og varði 13 skot.

Íslenska liðið byrjaði leikinn skelfilega en spilaði vel í seinni hálfleik. Það dugði þó ekki til að fá stig. Lokatölur 24-26, Tékklandi í vil.

„Mér finnst við vera á réttri leið en það spurning hvort spennustigið hafi verið of hátt og leikmenn ætlað að gera of marga hluti í einu. En við drögum lærdóm af því,“ sagði Jenný.

„Í seinni hálfleik brutum við betur á þeim, þannig að þær náðu ekki að brjótast í gegn. Það hjálpaði heilan helling. Við þurfum að ná meiri stöðugleika, þannig að við séum ekki að lenda í löngum slæmum köflum.“ – iþs

# Svekkjandi að fá ekki að spila gegn Fulham

**FÓTBOLTI** Birkir Bjarnason mætti á sína fyrstu æfingu með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu í undirbúningi liðsins fyrir HM í gær. Birkir lauk tímabili sínu með Aston Villa um síðustu helgi, en liðið tapaði þá fyrir Fulham í hreinum úrslitaleik um laust sæti í ensku úrvalsdeildinni. Birkir sagði gott að koma hingað til Íslands, hitta strákana og komast frá vonbrigðunum sem umlykja Aston Villa-hluta Birmingham.

„Það er góð tilfinning að vera kominn heim eftir langt og strangt keppnistímabil með Aston Villa. Ég er hægt og rólega að jafna mig eftir vonbrigðin yfir að komast ekki upp í efstu deild með Aston Villa. Það var mjög svekkjandi að fá ekki tækifæri á að hafa áhrif á leikinn. Ég hefði viljað spila í þessum leik og reyna að hafa jákvæð áhrif á niðurstöðuna, en svona er þetta og ég er búinn að leggja þetta að baki mér. Nú er bara einbeitingin komin á fullt á íslenska landsliðið og HM,“ segir Birkir í samtali við Fréttablaðið.

Birkir glímdi við meiðsli í kálfa og baki í apríl og missti af nokkrum leikjum með Aston Villa, en hann segist vera laus við meiðslin núna. Íslenska þjóðin þarf því ekki að bæta honum við á listann yfir þá leikmenn sem þeir hafa áhyggjur af þessa dagana, það er hvort þeir verði klárir í tæka tíð vegna meiðsla.

„Ég er bara fínn og alveg laus við þau meiðsli sem voru að plaga mig undir lok deildarkeppninnar úti. Ég var orðinn alveg leikfær í síðustu leikjum Aston Villa á tímabilinu og er bara í fínu standi þessa stundina. Mér líður vel í skrokknum og svo vex spennan með hverjum deginum fyrir stóru stundinni. Þetta er bara fyrsti dagurinn hjá mér í undirbúningnum og ég finn það strax hvað leikmenn og allir í kringum liðið eru spenntir,“ segir Birkir um andlegt og líkamlegt ástand sitt. – hó



Birkir á æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 31. MAÍ 2018

# Til hamingju með reyklausa daginn

Ertu til í heilbrigðara líf? Taktu skrefið í átt að reyklausu lífi. Þú getur hætt. Nicorette getur hjálpað fólki að hætta reykingum. Nicorette er nikótínlyf sem hefur verið á markaði frá árinu 1986 á Íslandi. →2



Gerðu eitthvað magnað þegar þú hættir að reykja.



**Flíkurnar í sumarlínu Olsen Clothing eru mjög þægilegar og stílhreinar með sumarlegum og björtum litum. Línuna má m.a. sjá í tónlistarmyndbandi við lagið Fake ást** →4



Nicorette býður upp á sjö mismunandi lyfjaform í dag,“ segir Guðný Traustadóttir, reykleysisráðgjafi og markaðstengill hjá Vistor hf. „Fólk getur notað Nicorette ef það vill hætta alveg að reykja, hætta tímabundið eða til að draga úr reykingum,“ bætir hún við.

Hægt er að velja um lyfjatyggigúmmí, munnsogstöflur, plástur, munnholsúða, nefúða, tungurótartöflur eða innsogslyf. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munninum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnstykkið. Nefúða er úðað í hvora nös. Forðaplástur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúða skal úða í munn.

### Af hverju að nota nikótínlyf?

Nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki.

Fráhvarfseinkenni og reykþörf eru helsta ástæða þess að fólk byrjar aftur að reykja en einkennin geta verið margvísleg, bæði tilfinningaleg og líkamleg, svo sem:

- svefnleysi og depurð
- skapstyggð
- ergelsi eða reiði
- kvíði og eirðarleysi
- hægari hjartsláttur
- aukin matarlyst eða þyngdaraukning
- hósti
- hægðatregða
- reykþörf

Skammtastærðin fer eftir því hversu háður þú ert nikótíni. Það er einstaklingsbundið hversu lengi fólk þarf að nota Nicorette. Ekki skal nota Nicorette lengur en í 9-12 mánuði. Þú gætir þó haft þörf fyrir að nota Nicorette í lengri tíma til að koma í veg fyrir að byrja að reykja aftur. Ráðfærðu þig við lækninn eða heilbrigðisstarfsfólk.

**» Nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki.**




Nicorette býður nú upp á 7 mismunandi lyfjaform



Guðný Traustadóttir, reykleysisráðgjafi og markaðstengill hjá Vistor hf. MYND/ERNIR

### Að nota tvö lyfjaform samtímis

Ef ef þú ert mjög háð(ur) nikótíni geturðu notað tvö lyfjaform samtímis. Þá er Nicorette Invisi forðaplástur notaður í grunninn sem gefur jafnan nikótínskammt allan daginn samhliða öðru lyfjaformi sem vinnur gegn skyndilegri nikótínþörf, t.d. Nicorette lyfjatyggigúmmí, QuickMist munnholsúða, Microtab tungurótartöflum, innsogslyfi eða Cooldrops munnsogstöflum.

### Hversu mikið nikótín þarftu

Það er mikilvægt að þú fáir nóg nikótín í upphafi reykleysis svo þú eigir síður á hættu að falla. Fagerström prófið gefur þér hugmynd um hve háð(ur) þú ert nikótíni, en tekur einnig tillit til reykingavenja þinna. Hægt er að nálgast prófið og fá ráðgjöf um val á lyfi í öllum apótekum.

### Hefurðu áhyggjur af þyngdaraukningu ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun nikótíntyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu í kjölfar þess að reykingum er hætt. Nicorette® dregur úr reyklöngun og gefur þér tækifæri til að ná tökum á mataræði og hreyfingu til frambúðar.

**» Sýnt hefur verið fram á að notkun nikótíntyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu.**

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

## Taktu prófið og hættu að reykja

FAGERSTRÖM SKALINN

| Svaraðu spurningunum og leggðu saman stigin | STIG |
|---|---|
| 1. Hve langur tími líður frá því þú vaknar og þar til þú reykir fyrstu sígarettuna? ○ Minna en 5 mín. (3) ○ 6-30 mín. (2) ○ 31- 60 mín. (1) ○ Meira en 60 mín. (0) | |
| 2. Átt þú erfitt með að reykja ekki þar sem reykingar eru bannaðar? ○ Já (1) ○ Nei (0) | |
| 3. Hvaða sígarettu finnst þér verst að vera án? ○ Fyrstu sígarettunnar að morgni (1) ○ Einhverrar annarrar (0) | |
| 4. Hve margar sígarettur reykir þú daglega? ○ 1-10 (0) ○ 11-20 (1) ○ 21-30 (2) ○ 31 eða fleiri (3) | |
| 5. Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta? ○ Já(1) ○ Nei (0) | |
| 5. Reykir þú þegar þú ert veik/veikur eða rúmliggjandi? ○ Já(1) ○ Nei (0) | |
| Samanlagður fjöldi stiga | |

VIÐMIÐUNARTAFLA: 1 pípa = 3 sígarettur / 1 vindill = 4-5 sígarettur / 1 smávindill = 3 sígarettur

nicorette
gerðu eitthvað magnað

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



# Útskriftarnemendur í samtímadansi frá Listaháskóla Íslands sitja fyrir í fatnaði frá okkur

Við þökkum þessum flotta hópi kærlega fyrir skemmtilega samvinnu og óskum þeim hjartanlega til hamingju með áfangann.

hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Cherry Berry kvartbuxur



Kr. 4.990.-
Str. 2-9 (38-52) - 6 litir
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Eva Rós Bjarnadóttir hér í rauðri og hvítri hettupeysu frá Olsen Clothing. Anton Bjarki Olsen klæðist rauðum og hvítum stuttbuxum. MYNDIR/BRYNJAR SNÆR JÓHANNESSON

# Sækir innblástur sinn í sumarið

**Flíkurnar í sumarlínu Olsen Clothing eru mjög þægilegar og stílhreinar með sumarlegum og björtum litum. Línuna má m.a. sjá í tónlistarmyndbandi við lagið Fake ást.**

Fyrsta heila fatalína íslenska fatamerkisins Olsen Clothing er væntanlega á næstu dögum. Takmarkað upplag verður framleitt af hverri flík að sögn Antons Bjarka Olsen, eiganda og hönnuðar fatamerkisins, enda saumar hann allar flíkur eftir pöntunum. „Línan heitir Olsen summer collection 2018 og ég er eðlilega mjög spenntur fyrir að kynna hana fyrir landsmönnum. Ég er búinn að vinna hörðum höndum undanfarna mánuði og hef eytt mörgum svefnlausum nóttum við að plana, sauma, versla, taka upp myndband og fleira fyrir línuna. Flíkurnar í línunni eru mjög þægilegar og stílhreinar með fallegum, sumarlegum og heitum litum. Innblásturinn að fatalínunni er í rauninni bara sumarið sjálft.“

Hann segir fatastíl sinn og getu sem fatahönnuður hafa þróast mjög mikið á síðasa ári. „Stíllinn minn er töluvert opnari núna þegar kemur að öðruvísi fötum. Ég fæ innblástur og hugmyndir úr ólíkum áttum, t.d. á rölti í miðbænum eða ef ég sé eitthvað spennandi á vefnum.“

## Sameina krafta sína

Anton kynnir sumarlínuna á skemmtilegan hátt en hann og félagar hans gerðu n.k. tónlistar- og kynningarmyndband. „Ég og félagi minn, Brynjar Snær Jóhannesson, sem er í kvikmyndanámi, vorum búnir að ákveða að gera myndband sem auglýsingu fyrir línuna mína. Við vorum hins vegar ekki vissir með hvernig við vildum hafa það. Síðan gerist það að annar félagi minn, Ezekiel Karl, sýndi mér lag sem hann samdi og heitir Fake ást. Ég vissi að hann langaði að gera myndband við lagið þannig að ég bar undir hann þá hugmynd að sameina krafta okkar í tónlistar- og kynningarmyndbandi sem honum leist mjög vel á.“

## Byrjaður á næstu línu

Erfitt reyndist að finna tíma þar sem allir þrír voru lausir og því enduðu þeir á að taka upp myndbandið á einum degi en Anton segir þá vinnu hafa tekið sautján klukkustundir. „Það var þó alveg þess virði og afraksturinn er hægt að skoða á YouTube undir Fake ást.“

Aðspurður hvað sé í vændum síðar hjá Olsen Clothing segist Anton ekki vilja gefa of mikið upp en hann sé þó byrjaður að plana næstu línu. „Draumurinn er að gefa út eina fatalínu á hverri árstíð en það kemur í ljós með tímanum hvort það gangi upp.“

> **Draumurinn er að gefa út eina fatalínu á hverri árstíð en það kemur í ljós með tímanum hvort það gangi upp.**
> Anton Bjarki Olsen



Bleik og svört peysa í stíl við bleikar og svartar stuttbuxurnar.



Rauð og hvít hettupeysa og buxur í stíl.

Hægt er að skoða og kaupa fötin á Facebook og Instagram undir Olsen Clothing eða senda tölvupóst á contact.antonolsen@gmail.com. Fyrrnefnt myndband er á YouTube undir Fake ást og Ezekiel Carl.
















ZIKZAK TÍSKUHÚS

# 20-70%

afsláttur af völdum vörum **dagana 31.maí-7.júní**

# SUMAR-SPRENGJA!

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**













Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Sigraði heiminn 11 mánaða

## Eilífðarbjútíið Brooke Shields er 53 ára í dag. Hún varð ung fullorðin fyrir framan myndavélarnar og þótti mörgum nóg um þegar hún sat fyrir og lék í nektarsenum aðeins barn að aldri.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Brooke Shields var aðeins fimm daga gömul þegar móðir hennar, Teri Shields, lýsti því yfir að stúlkubarnið ætti framtíðina fyrir sér sem fyrirsæta enda væri hún fegursta barn veraldar. Sjálf skyldi hún sjá til þess að dóttir sín hlyti frægð og frama.

Teri stóð við stóru orðin, varð umboðsmaður dóttur sinnar og aðeins ellefu mánaða sat Brooke fyrir í sinni fyrstu auglýsingu, fyrir sápuframleiðandann Ivory Soap. Við tók annríki barnæskunnar framan við myndavélarnar og sagði Eileen Ford, eigandi Ford Models, að hún hefði bætt barnadeild við umboðsskrifstofuna til þess eins að fá Brooke á mála hjá sér.

Brooke stundaði ballett, píanónám og hestamennsku á uppvaxtarárunum. Aðeins fjórtán ára varð hún yngsta fyrirsæta heims sem vermdi forsíðu tískubiblíunnar Vogue og seinna sama ár varð hún andlit Calvin Klein-gallabuxna. Í frægri sjónvarpsauglýsingu sagði hún: „Viltu vita hvað er á milli mín og Calvin-gallabuxnanna minna? Ekkert.“ Einmitt það gerði Calvin Klein-gallabuxur að þeim heitustu í heimi.



Michael Jackson bað oft um hönd Brooke og vildi að þau ættleiddu börn.



Brooke, tólf ára, í hlutverki barnavændiskonu í kvikmyndinni Pretty Baby.



Bíómyndin Blue Lagoon gerði hina 15 ára Brooke að heimsþekktri leikkonu.



Mæðgurnar Brooke og Teri Shields árið 1981, þegar Brooke var 16 ára.

### Tíu ára á nektarmyndum

Brooke sagði skilið við fyrirsætustörfin 1983 til að nema franskar bókmenntir við Princeton-háskóla. Þar missti hún meydóminn, orðin 22 ára, og sagði að ef það hefði gerst fyrr hefði hún haft sterkari sjálfsmynd.

Hún er yngsta leikkonan sem boðið var í þátt Prúðuleikaranna og aðeins tólf ára lék hún stúlku sem býr og starfar á vændishúsi í kvikmyndinni Pretty Baby eftir Louis Malle. Í kjölfarið spruttu upp deilur um barnaklám enda eru fjölmargar nektarsenur í



Frami og frægð réðust við fæðingu.

myndinni. Á unglingsaldri lék Brooke líka í nektarsenum í kvikmyndunum Blue Lagoon og Endless Love.

Árið 1981 lenti móðir Brooke í málaferlum við Playboy-tímaritið og ljósmyndarann Garry Gross vegna eignarréttar á nektarmyndum sem Gross tók af Brooke tíu ára, með leyfi móður hennar. Á þeim stendur og situr stúlkan fyrir nakin og kafmáluð í baðkari.

Brooke sneri sér aftur að kvikmynda- og sjónvarpsleik á tíunda áratugnum og lék um árabil í sjónvarpsþáttunum Suddenly Susan.

**» Brooke Shields var yngsta fyrirsætan til að prýða forsíðu Vogue.**

Í fyrra tók hún að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Law & Order, Special Victims Unit.

### Stóra ást Michaels Jackson

Brooke Shields er grænkeri og kunn fyrir dýravernd. Hún er tvígift, fyrst tennisleikaranum Andre Agassi og síðar handritshöfundinum Chris Henchy sem hún á með tvær dætur.

Lengi var talið að þau Michael Jackson væru kærustupar en þau kynntust þegar Brooke var þrettán ára og hann 21 árs. Þau urðu strax perluvinir og sáust víða saman. Við andlát Michaels 2009 sagði Brooke að sem barnastjörnur hefðu þau bæði þurft að verða fullorðin fljótt en þegar þau voru bara tvö saman skemmtu þau sér saman eins og börn. Michael viðurkenndi að elska Brooke hjá Oprah Winfrey og Brooke hefur staðfest að konungur poppsins hafi margoft beðið um hönd hennar og að þau ættleiddu börn saman.

# Geta loksins gengið á ný

## Hjá Heilsu- og fegrunarstofu Huldu næst skjótur bati og undraverður árangur til bættrar heilsu í háþróuðum heilsutækjum frá þýska heilsuvöruframleiðandanum Weyergans High Care.

Þegar Steindór Hálfdánarson leitaði fyrst í meðferð hjá Heilsu- og fegrunarstofu Huldu var hann illa haldinn af brjósklosi í baki sem leiddi verki niður í fætur hans og gerðu honum óhægt um gang.

„Ég var við það að fara undir hnífinn þegar ég prófaði að fara í Vacusport-tankinn til Huldu og allt fór að ganga til baka. Eftir tvö skipti létti allt á bakinu og ég varð allur léttari á mér,“ segir Steindór sem í kjölfarið slapp við að fara undir hnífinn. „Þessi meðferð hjálpaði mér verulega; verkirnir minnkuðu til mikilla muna, hreyfigetan jókst og allt varð miklu liðugra, betra og þægilegra.“

Sylvía Ágústsdóttir var sárþjáð í hnjám og fótum þegar hún ákvað að slá til og prófa meðferð í Vacusport-tækinu hjá Huldu.

„Ég gekk við staf og var nánast komin í hjólastól af kvölum og komst varla yfir þröskuldinn heima, né inn í bíl eða út úr honum



Heilsu & fegrunarstofa Huldu notar Weyergans High Care-tæki frá heilsuvöruframleiðandanum Weyergans í Þýskalandi í meðferðir sínar. Hér má sjá Vacusport-tækið og súrefnishjálminn sem segir frá í greininni. MYND/ERNIR

án hjálpar. Eftir fyrsta tímann hjá Huldu fann ég strax mikinn mun og þegar ég fór í annan tíma hafði ég stafinn með mér í bílnum en þurfti ekki á honum að halda. Í þriðja skiptið skildi ég hann bara eftir heima, enda var batinn hraður og góður,“ segir Sylvía sem getur varla lýst því með orðum hversu ánægð hún er með meðferðina sem tók alls fimm skipti. „Núna finn ég ekki fyrir neinu, hef endurheimt hreyfigetuna og er til í hvað sem er. Ég er óskaplega glöð og þakklát, nær verkjalaus og laus við stafinn. Ég labba hvert sem er og fer þangað sem mig langar.“

Gísli Geirsson hafði glímt við heilsubrest þegar hann sá auglýsingu frá Huldu og ákvað að prófa meðferðir í sogæðastígvélum og Vacusport-tækinu.

„Ég fór í aðgerð síðastliðið haust vegna þess að fjórir neðstu hryggjarliðirnir lágu svo þétt saman að þeir klemmdu taug niður í hægri fótinn og gerðu mig hálf máttlausan í fætinum. Batinn var hægur og læknirinn sagði taka langan tíma að þjálfast upp og um áramótin var ég nánast kominn í hjólastól,“ segir Gísli sem vegna skorts á blóðflæði var líka kaldur á fætinum.

„Ég var ekki búinn að fara nema einu sinni í sogæðastígvélin og Vacusport-tækið að mér fór að líða betur í fótunum og nú er ég alltaf heitur á fótum. Ég er líka farinn að geta keyrt aftur, er laus við göngugrindina og get farið allra minna ferða fótgangandi þótt ég hafi stafinn með til öryggis út af jafnvæginu,“ segir Gísli sem glímt hefur við svimaköst vegna kristalssteinaloss í höfði. „En eftir meðferð í nýjum súrefnishjálmi með ljósum er ég laus við svimann, auk þess sem hrúður við gagnaugað er horfið. Þennan góða árangur get ég þakkað meðferðum hjá Huldu sem eru einkar notalegar og endurnærandi á meðan á stendur.“

Heilsu - og fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3. Þeir sem kaupa tíu tíma kort fá 10% afslátt út júní. Sími 557 4575 og 772 4575. Tímapantanir einnig á hfhulda.timapantanir.is. Nánari upplýsingar á Facebook.

# Næring, heilsa og lífsstíll

FIMMTUDAGUR 31. MAÍ 2018 Kynningar: Eldum rétt, Florealis, Icepharma



## Lætur draumana rætast

Hlaupin hafa gefið Rúnu Rut Ragnarsdóttur miklu meira en hana grunaði. Hún notar þau m.a. sem andlega uppbyggingu og hvatningu til að láta drauma sína rætast. ➔2

„Hlaupin hafa gefið mér aukið sjálfstraust og ég hef lært að ég er enginn meðaljón heldur manneskja sem getur svo miklu meira en ég hélt,“ segir Rúna Rut Ragnarsdóttir. MYND/EYÞÓR

Nicorette Fruitmint

Mjúkt, bragðbætt nikótínlyfjatyggigúmmí sem auðveldar þér að hætta að reykja




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette
gerðu eitthvað magnað

**Nicorette Classic/Freshmint/Fruitmint/Whitemint lyfjatyggigúmmí** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn hjá einstaklingum eldri en 15 ára. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki. Það er tuggið hægt í um 30 mín. og látið liggja í munni þess á milli. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

IS/NIC/LK-2018-06-1

Hlaupaferill Rúnu Rutar Ragnarsdóttur hófst um aldamótin þegar hún byrjaði að hlaupa úti á sumrin eftir langa inniveru í ræktinni yfir veturinn. Sama ár tók hún þátt í sínu fyrsta keppnishlaupi en eftir bakslag lagði hún hlaupaskóna á hilluna í fáein ár. Þegar fjölskyldan flutti til Boston árið 2005 hófst hlaupaferillinn á ný og hefur staðið yfir óslitið síðan. Nokkrum árum síðar hóf hún að stunda utanvegahlaup en síðasta rúma árið hefur hún tekið þátt í tveimur skemmtilegum og krefjandi utanvegahlaupum í Hong Kong og á eyjunni Elbu skammt undan ströndum Ítalíu.

Rúna segir að upphaflega hefði hún ekki trúað því að hún gæti haft gaman af hlaupum enda ekki þolað þau sem barn. Það var ekki fyrr en eiginmaður hennar, Tómas Ingason, dró hana út að hlaupa sem hún lærði að njóta þess að hreyfa sig utandyra. „Ég man þegar ég fór í Öskjuhlíðina með honum í fyrsta sinn hvað ég þoldi ekki ójafnt undirlagið. Á þeim tímapunkti hefði ég aldrei trúað því að ég ætti eftir að hlaupa í 100 km fjallahlaupi á lífsleiðinni.“

Hún segir mest heillandi við hlaupin að þar sé hægt að láta drauma sína rætast. „Það er eitthvað svo heillandi við að hlusta á draumana sína, láta þá verða að veruleika og leyfa þeim að þróast í nýjar áskoranir.“

## Gefa aukið sjálfstraust

Ákveðin kaflaskil urðu á hlaupaferli Rúnu þegar fjölskyldan flutti til Boston árið 2005. „Á þessum tíma hafði ég hvílt hlaupin í góðan tíma. Ég datt inn á heimasíðu um Boston hálfmaraþon og ákvað að slá til. Dóttir mín var þá tveggja ára þannig að ég hljóp með hana í hlaupakerru þegar ég var að undirbúa mig. Ég man að þegar ég kom í mark hugsaði ég að það væri nú bara skrítið fólk sem færi tvöfalt þá vegalengd. Þremur mánuðum síðar rákumst við hjónin á bók um maraþon eftir Hal Higdon og í ágúst 2006 hlupum við okkar fyrsta maraþon. Síðan þá hef ég hlaupið í þrettán maraþonhlaupum og nokkrum ultra hlaupum. Þrisvar sinnum hef ég hlaupið Laugaveginn og einu sinni Esjumaraþon og Hengilshlaupið.“

Hún segir magnað að horfa til baka og sjá hvernig hlaupin hafi þróast hjá henni en þau hafi gefið sér miklu meira en hana grunaði. „Ég hef notað þau að mestu sem andlega uppbyggingu og hvatningu til að láta drauma mína rætast, stóra sem smáa. Hlaupin hafa gefið mér aukið sjálfstraust og ég hef lært að ég er enginn meðaljón heldur manneskja sem getur svo miklu meira en ég hélt.“

## Getur nánast allt

Langhlaupin hafa líka gert Rúnu þolinmóðari en hún segist ekki þolinmóð að eðlisfari heldur vilji kýla á hlutina strax. „Þess vegna hef ég t.d. ekki lagt í að stunda golf. Með hverju skrefinu sem ég tek verð ég sterkari. Það að ákveða eitthvað, og láta af því verða, hefur gefið mér mikinn styrk og trú á að ég geti nánast allt. Auðvitað hafa hlaupin líka byggt mig upp líkamlega en það er ekki ástæðan fyrir því að ég hleyp, það er bara bónus. Til að hlaupa langar vegalengdir þarf að vera sterkur en ekki síður þarf höfuðstykkið að vera í lagi. Svo er líka nauðsynlegt að hafa húmor fyrir sjálfum sér og geta skemmt sér einn. Hlaupin hafa ekki bara hjálpað mér andlega og líkamlega heldur í vinnunni líka þar sem ég nota þessa aðferðafræði varðandi þær hugmyndir sem ég fæ.“

## Brosandi í mark

Eins og fyrr segir lauk Rúna tveimur utanvegahlaupum í Hong Kong og á Ítalíu á síðasta ári og nú nýlega. Hún segir Hong Kong hlaupið hafa átt sér smá aðdraganda. „Sumarið 2016 ákvað ég að hlaupa í Laugavegshlaupinu og var planið að bæta tímann. Það breyttist þegar ég ákvað að taka Esjumaraþon, sem er 45 km hlaup með 3.200 m hækkun, mánuði áður og Reykjavíkurmaraþonið mánuði síðar. Ég fór því þessi þrjú hlaup á þremur mánuðum en ég var ákveðin í að ef ég gæti það þá myndi ég skrá mig í Hong Kong hlaupið sem er 100 km hlaup.“

Hún tók undirbúninginn mjög skynsamlega að eigin sögn og ákvað í raun að æfa eins lítið og hún kæmist upp með. Markmiðið var í raun að koma brosandi í mark og hafa gaman af. „Þetta hlaup var ein magnaðasta upplifun mín til þessa og ég kláraði innan þeirra tímamarka sem mig dreymdi um. Við vinkonurnar komum saman brosandi í mark en það sem gerði hlaupið algjörlega einstakt var að við hlupum saman alla leiðina. Það var alls ekki planið því ég vil hlaupa á mínum forsendum og það er bónus ef maður er í samfloti með góðri vinkonu eða vini. Þetta var upplifun sem ég mun aldrei gleyma og hefur mótað mig mikið sem einstakling.“

## Lét hjartað ráða

Rúna byrjaði að þjálfa hjá hlaupahópnum Náttúruhlaupum í apríl og þannig heyrði hún um hlaupið á Elbu. „Það var í kringum miðjan apríl sem ég ákvað að fara með hópnum. Ég skráði mig fyrst í 20 km hlaup en innst inni langaði mig í lengra hlaup. Rúmum tveimur vikum fyrir hlaupið ákvað ég að láta hjartað ráða og fara frekar 40 km og voru hlaupafélagar mínir himinlifandi.“

Hún segir hlaupið hafa gengið vonum framar og kláraði hún það á 30 mínútna skemmri tíma en plön gerðu ráð fyrir. „Ég fann ekki mikið fyrir þessu hlaupi enda komin með góðan hlaupagrunn. Ég vildi þó ekki fara hraðar enda var planið ekki að fara í neina keppni þar sem upplagið var bara að njóta.“

## Alltaf þakklát á ráslínu

Á löngum hlaupaferli hefur ekki allt gengið upp að sögn Rúnu og einu sinni þurfti hún að hætta keppni vegna veikinda. „Það var mjög svekkjandi en bara partur af þessu og eftir það er ég alltaf þakklát fyrir að vera á ráslínu og svo að komast í mark. Tími er svona meira auka markmið en ég fer ýmist í hlaup með tímamarkmið í huga eða þar sem ég er alls ekkert að spá í það.“

Hún segist endalaust þakklát manninum sínum fyrir að hafa dregið sig út að hlaupa á sínum tíma og að hafa stutt sig í gegnum þessi ævintýri. „Eins hafa börnin hvatt mig til dáða. Það er aldrei að vita nema maður setji saman maraþon myndabók til að sýna barnabarnabörnunum en markmið mitt er að hlaupa maraþon eða lengra hlaup þegar ég verð 70 ára.“


Rúna Rut Ragnarsdóttir kemur hér í mark í Hengill Ultra hlaupinu síðasta sumar. MYND/HENGILL ULTRA


Rúna Rut fyrir miðri mynd ásamt hlaupavinkonum sínum Helgu Maríu (t.v.) og Millu, eftir að hafa klára 40 km hlaup á eyjunni Elbu í síðasta mánuði.


Helga María, hlaupafélagi Rúnu Rutar, tekur hér mynd af öllum hópnum við drykkjarstöð á Elbu.


Sæl og glöð eftir flott 45 km Esjumaraþon síðasta sumar.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is


TYR

Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr DURAFAST 300+ efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.
Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar
www.aquasport.is

Aqua Sport www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035


LIPOSAN




Náttúrulegar trefjar sem hjálpa til við þyngdarstjórnun, viðhalda eðlilegu kólesteróli og bæta meltinguna

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

# MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

## Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!




Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín**

## Allt lífrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

# Breytingar til batnaðar

Framtíðin er björt hjá Eldum rétt sem í sumar tekur í gagnið nýtt vefkerfi og kynnir app fyrir snjalltæki næsta haust. Sérstakir HM-matarpakkar verða í boði á meðan á HM í knattspyrnu stendur.

Vinsældir matarpakka Eldum rétt hafa farið stigvaxandi frá því fyrirtækið var sett á fót árið 2014. Á aðeins fjórum árum hefur umfangið vaxið úr aðeins nokkrum tugum matarpakka í það að framleiddar eru mörg þúsund máltíðir í hverri viku og flestar sendar viðskiptavinum heim að dyrum. Fyrir fáeinum vikum samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Baskó ehf. á 50% hlutafé í Eldum rétt og segir Kristófer Júlíus Leifsson, einn stofnenda Eldum rétt og annar framkvæmdastjóra, að það geri fyrirtækinu mögulegt að henda eftirsóknarverðum hugmyndum fyrr í framkvæmd en ella. „Við Valur [Hermannsson, mágur Kristófers og jafnframt framkvæmdastjóri] munum áfram stýra fyrirtækinu og það kemur í sjálfu sér ekkert til með að breytast í rekstrinum en þetta gerir okkur kleift að stækka hraðar og ráðast fyrr í það sem okkur dreymir um að gera.“

Hluti af stækkunaráformum Eldum rétt var að fá til liðs við sig nýjan markaðsstjóra, Erlu Arnbjarnardóttur, og mun hún sjá um að stýra markaðsmálum fyrirtækisins og aðstoða við ýmis verkefni sem tengjast samskiptum við viðskiptavini. „Við vorum afar heppin að fá Erlu en hún hefur áralanga reynslu af markaðsstörfum og starfaði síðastliðin fimm ár hjá auglýsingastofunni Pipar\TBWA,“ segir Kristófer.


Valur og Kristófer Júlíus eru mágar og framkvæmdastjórar Eldum rétt.

## Einfalt og hnitmiðað

Þá mun Eldum rétt taka í notkun nýtt vefkerfi í sumar og segir Kristófer að viðskiptavinir muni sjá verulegar breytingar til batnaðar. „Við erum að gera allt einfaldara. Það verður auðveldara að kaupa matarpakka og hægt fá sérstakar áminningar í smáskilaboðum um pöntunarfrest og það að sækja matarpakkann. Þá verður einnig hægt að nálgast uppskriftarleiðbeiningar á heimasíðunni undir aðgangi notenda en þannig getum við bætt aðgengi og mögulega minnkað pappírsnotkun í leiðinni. Við viljum gera allt hnitmiðaðra og þægilegra fyrir viðskiptavini okkar.“

Kristófer segir að Eldum rétt muni svo enn auka við þjónustu við viðskiptavini á fjórða ársfjórðungi en þá stendur til að setja á markað Eldum rétt appið. „Með appinu getum við meðal annars boðið upp á að eldað verði eftir uppskriftum sem þar má finna og stilla áminningu þannig að maturinn gleymist ekki í ofninum. Eftir að viðskiptavinir hafa notið matarins geta þeir svo gefið einkunn og ritað ummæli.“ Hann bætir við að í appinu verði með einföldum hætti hægt að halda utan um uppáhalds uppskriftir og stilla áminningar til að minnka líkur á því að það gleymist að panta matarpakka næstu viku.

Samhliða þessu hyggst Eldum rétt gera breytingar á áskriftarþjónustu sinni. „Við erum alltaf að leita leiða til að auka ánægju áskrifenda og meðal þess sem við ætlum að bæta er möguleikar áskrifenda á að skipta með auðveldum hætti á milli matarpakka. Þá fær áskrifandi áminningu um að góður tími sé til að ákveða pakka næstu viku og þarf þá ekki annað að gera en haka í box til að breyta.“

Enn fremur er stefnt að því að bjóða upp á aukið vöruúrval á heimasíðu Eldum rétt. „Okkur dreymir um að geta boðið upp á meira úrval, kannski til að byrja með nokkrar vel valdar vörur. En með því móti gætu þeir sem panta matarbakka með auðveldum hætti nýtt sér sömu afhendingu til að fá fleiri nauðsynjavörur með.“


HM-pakkinn sem Eldum rétt býður upp á og verður til meðan á HM stendur.



Eldum rétt sendir matarpakka beint heim að dyrum.



Afgreiðsla Eldum rétt er að Nýbýlavegi 16 í Kópavogi.

## HM-matarpakkar í boði

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst í næsta mánuði og þarf vart að taka fram að Íslendingar verða þar í eldlínunni, ásamt öllum öðrum fremstu knattspyrnuþjóðum heims. Tímasetningar leikjanna á mótinu gera það að verkum að matarinnkaup sitja eflaust á hakanum og er þá gott að geta fengið matinn sendan heim. „Hugmyndin var að gera eitthvað öðruvísi en um leið taka þátt í gleðinni sem fylgir heimsmeistaramótinu,“ segir Kristófer. „Það voru margar hugmyndir sem settar voru fram en á endanum sáum við að þetta var málið.“

Eldum rétt mun bjóða upp á sérstaka HM-matarpakka á meðan á mótinu stendur og í þremur útfærslum. Í pökkunum má meðal annars finna kjúklingavængi, hamborgara, nachos-flögur og drykki frá Ölgerðinni.

„Við erum að reyna að höfða til sem flestra með vöruúrvali okkar og framleiða það sem eftirspurn er eftir. Þarna sáum við tækifæri til að bjóða knattspyrnuáhugamönnum upp á góðan mat sem auðvelt er að útbúa og njóta yfir boltanum.“

Hægt verður að panta HM-matarpakka frá 7. júní næstkomandi.

Nánari upplýsingar um Eldum rétt má finna á heimasíðu fyrirtækisins, eldumrett.is, eða í síma 571-1855.

# Hafa fengið frábær viðbrögð

## Snorri Guðmundsson og Helga Sif Guðmundsdóttir skipa vöruþróunarteymi Eldum rétt og fer mikill hluti vinnunnar í að sanka að sér hugmyndum og einfalda flókna rétti og uppskriftir.

Við reynum alltaf að velja þrjá rétti sem passa vel saman en eru um leið nógu ólíkir til þess að kvöldverðir vikunnar verði spennandi fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Snorri og bætir við að sérstaklega sé hugað að því að kynna fólk fyrir einhverju nýju. „Þetta snýst mikið um upplifun og að bæta í vopnabúr viðskiptavina í eldhúsinu. Því veljum við oft hráefni sem kannski fást ekki í matvöruverslunum eða fólk færi almennt ekki út í að prófa sjálft.“

Hver matarpakki inniheldur þrjár kvöldmáltíðir og það eina sem viðskiptavinir gætu þurft að eiga í eldhúsinu er hveiti, sykur, mjólk, olía, salt og pipar. „Við sendum allt annað sem þarf að eiga til þess að elda eftir uppskriftum okkar og þetta er auðvitað nokkuð fín lína sem þarf að feta. Mikill hluti þróunarvinnunnar fer því í að einfalda erfiðari aðferðir og uppskriftir, reyna að finna leiðir til að gera hlutina á sem einfaldastan hátt. Meðal þess sem við þurfum að huga að er að aðstæður eru mismunandi hjá viðskiptavinum, það eiga ekki allir flottustu græjurnar, og reynslan fólks í eldhúsinu er sömuleiðis breytileg. Hugsunin hjá okkur er að viðskiptavinir geti verið nánast óeldandi og í fábrotnu eldhúsi en samt gert réttinn eins og hann á að vera.“


Helga Sif Guðmundsdóttir og Snorri Guðmundsson eru í vöruþróunarteymi Eldum rétt. MYND/ERNIR

### Líka kennsla í eldamennsku

Með þessari formúlu Eldum rétt má eiginlega segja að fyrirtækið bjóði einnig upp á kennslu í matreiðslu. „Þessu fylgir viss æfing fyrir stóran hóp og þrátt fyrir að fólk læri kannski ekki eitthvað nýtt í hverjum einasta matarpakka þá hef ég heyrt sögur af fólki sem byrjaði í áskrift hjá okkur og kunni þá lítið sem ekkert en var orðið nokkuð sleipt í eldhúsinu eftir fáeina mánuði. Auðvitað gerist það þegar fólk kynnist alls konar aðferðum og er ekki alltaf í sama farinu. Með því að panta hjá Eldum rétt fær fólk eitthvað nýtt í hverri viku, nýjar eldunaraðferðir og hráefni.“

> Þetta snýst mikið um upplifun og að bæta í vopnabúr viðskiptavina. Því veljum við hráefni sem fást ekki í verslunum eða fólk færi ekki út í að prófa sjálft.

Snorri segir að reynt sé að forðast endurtekningar eftir fremsta megni og miðað við að sömu uppskriftir berist ekki viðskiptavinum fyrr en að minnsta kosti þremur mánuðum liðnum. „En það hefur komið fyrir, þegar uppskrift fellur sérstaklega vel í kramið hjá viðskiptavinum, að við höfum sent hana aftur út með styttra millibili.“

Spurður út í viðbrögð viðskiptavina og hvernig þeir láti þau í ljós segir Snorri viðbrögðin oft og tíðum mikil. „Við erum með þann möguleika inni á vefsvæði okkar að skráðir notendur geta gefið réttum einkunn og það er svakalega gott tæki fyrir okkur sem við styðjumst við. Sömuleiðis geta notendur skilið eftir ummæli og við hvetjum þá eindregið til að gera það því þannig sjáum við best hvað er að virka og hvað ekki. Þannig geta virkir notendur haft bein áhrif á matarpakkana.“

### Lífið snýst um mat

Vöruþróunarteymið sér alfarið um að þróa og velja matarpakka Eldum rétt auk þess að mynda réttina fyrir heimasíðuna og auglýsingar. Það kemst því fátt annað að hjá Snorra og Helgu Sif en matur. „Við verjum deginum í að sanka að okkur hugmyndum og öðru til að gera nýja og spennandi rétti, byrjum á að þróa réttinn og eldum hann svo upp á nýtt fyrir myndatökuna. En það má samt segja að við séum alltaf í vinnunni því eftir hefðbundinn vinnudag tekur við að horfa á matreiðsluþætti, skoða uppskriftir á netinu og panta matreiðslubækur. Lífið snýst um mat.“

Spurður að því hvað sé á döfinni segir Snorri að þau Helga séu að hefja vinnu við nýjan matarpakka, svonefndan heilsupakka. „Við höfum fundið fyrir þrýstingi frá fólki að það vilji enn heilsusamlegri kost og við erum í þróunarvinnu að mæta þeim kröfum sem er mjög spennandi. Ef allt gengur eftir ættum við hjá Eldum rétt að geta boðið upp á hann í haust.“


Girnilegir ávextir frá Eldum rétt.

# Gómsætir ávextir tilvaldir í sumar

Eldum rétt býður ekki eingöngu upp á matarpakka sem útheimta eldamennsku af hálfu viðtakenda því fyrir síðasta hausti hefur fyrirtækið einnig boðið upp á tvo ávaxtapakka, það er að segja annars vegar fyrir tvo til þrjá og hins vegar fjóra til fimm, og innihalda þeir sjö skammta af gómsætum ávöxtum á mann eða einn ávöxt á dag út vikuna. Þá er jafnframt að finna fróðlegar greinar á vefsvæði Eldum rétt, eldumrett.is, um hina og þessa ávexti sem finna má í ávaxtapökkunum.

„Staðreyndin er sú að Íslendingar borða of lítið af ávöxtum og þyrfti að vera mun meira til að uppfylla ráðleggingar um hollt mataræði. Þarna sáum við hjá Eldum rétt okkur því leik á borði til þess að efla þennan þátt í fæðu viðskiptavina okkar,“ segir Kristófer Júlíus Leifsson, annar framkvæmdastjóra Eldum rétt. „Við leggjum kapp á að allir ávextir sem við sendum frá okkur séu ferskir, bragðgóðir og tilbúnir til neyslu. Þetta er því frábær viðbót við aðra matarpakka frá Eldum rétt eða ein og sér.“

### Vinsældir farið vaxandi

Kristófer segir að burtséð frá lýðheilsusjónarmiðum hafi hugsunin verið sú að fólk fái ferska og spennandi ávexti til að eiga út vikuna. Þrátt fyrir að epli, appelsínur og banana megi finna í ávaxtapökkunum sé lagt mikið upp úr því að velja árstíðabundna ávexti. Þannig séu í pökkunum ber, mangó, melónur og fleira í þeim dúr, allt eftir því hvað er best hverju sinni. „Málið er nefnilega það, að þrátt fyrir að flestir ávextir fáist í matvörubúðum allan ársins hring er ekki þar með sagt að þeir séu fullkomlega ferskir eða tíndir á góðum tíma.“

Þá bendir Kristófer einnig á að svonefndir þeytingar (e. smoothies) séu afskaplega vinsælir um þessar mundir en oftar en ekki er að finna ávexti í uppskriftum að þeim. „Ávaxtapakkarnir passa mjög vel inn í hugsjón Eldum rétt og vinsældir þeirra hafa farið vaxandi með hverri vikunni. Við vorum nokkuð efins í byrjun því það er auðvitað svoleiðis að fólk vill skoða þá ávexti sem það kaupir og velja þá sem líta vel út. Ég held að okkur hafi einfaldlega tekist að standast þær gæðakröfur sem gerðar eru til ávaxta og þess vegna pantar fólk ávaxtapakkana aftur og aftur og sífellt fleiri bætast í hópinn. Það er því tilvalið að mæla með gómsætum ávöxtum frá Eldum rétt fyrir alla í sumar.“





HM pakkinn inniheldur allt sem þú þarft í gott HM kvöld fyrir 6 manns og kemur í þremur útfærslum:




**Pakki 1:** Buffalo kjúklingavængir með gráðostasósu og ferskum grænmetisstöfum
- Buffalo kjúklingavængir (2,5 kg)
- Ofur-nachos Eldum rétt
- Drykkir í boði Ölgerðarinnar (6 dósir)
- **Verð aðeins 7.590 kr (1.265 kr á mann)**




**Pakki 2:** Hamborgaraveisla – borgarar með beikoni og osti
- Hamborgaraveisla – borgarar með beikoni og osti (6 hamborgarar)
- Ofur-nachos Eldum rétt
- Drykkir í boði Ölgerðarinnar (6 dósir)
- **Verð aðeins 8.590 kr (1.430 kr á mann)**




**Pakki 3:** Hamborgaraveisla og buffalo kjúklingavængir með gráðostasósu ásamt ferskum grænmetisstöfum
- Hamborgaraveisla – borgarar með beikoni og osti (8 hamborgarar)
- Buffalo kjúklingavængir (2,5 kg)
- Ofur-nachos Eldum rétt
- Drykkir í boði Ölgerðarinnar (12 dósir)
- **Verð aðeins 12.990 kr (1.080 kr á mann)**

ELDUM RÉTT *Minni matarsóun!* www.eldumrett.is

# Það er óhollt að borða einn

Rannsóknir segja að það sé hollt að borða með öðrum og óhollt að borða mikið einn. Manneskjur eru einfaldlega líkamlega og andlega hannaðar til að eiga mikil samskipti augliti til auglitis.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





Það er andlega og líkamlega hollt að hittast yfir matarborðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Það að borða einn hefur sterkari fylgni við óhamingju en nokkuð annað, fyrir utan geðsjúkdóma. Þetta var niðurstaða rannsóknar Oxford Economics sem náði til 8.250 þátttakenda. Samkvæmt henni mælist fólk sem borðar alltaf eitt minna hamingjusamt að meðaltali en aðrir.

Þetta stemmir við rannsókn frá Oxford-háskóla frá síðasta ári, sem komst að þeirri niðurstöðu að því oftar sem fólk borðar með öðrum, þeim mun líklegra er það til að vera hamingjusamt og ánægt með lífið. Sú rannsókn komst líka að þeirri niðurstöðu að fólk sem borðar með öðrum sé líklegra til að vera ánægt með sig og hafa stærra félagslegt stuðningsnet.

Þetta kemur ekki beinlínis á óvart, því það má gera ráð fyrir sterkri fylgni milli þess að vera einmana og borða einn og það er vel þekkt að einmanaleiki er mjög óhollur.

## Einmanaleiki næstum eins óhollur og reykingar

Robin Dunbar, prófessor í sálfræði, vann að rannsókninni hjá Oxford-háskóla. Hann segir að við vitum einfaldlega ekki hvers vegna fólk sem borðar saman er hamingjusamara.

„Það að eiga vini gerir okkur bara hamingjusamari,“ segir hann. „Það sem þú gerir við matarborðið með öðrum er vel til þess fallið að koma endorfín-kerfinu í gang. Endorfín er boðefni sem heilinn framleiðir sem er efnafræðilega skylt ópíóðum og gefur okkur vellíðunartilfinningu.“ Dunbar segir að það sé framleitt þegar við stundum alls kyns félagslegar athafnir og sé lykilþáttur í því hvernig prímatar bindast tengslum í félagshópum og samböndum.

Dr. Nick Lake sálfræðingur segir að einmanaleiki sé áhrifaþáttur fyrir alls kyns líkamleg og andleg vandamál. Hann segir að það séu skýrar sannanir fyrir því að þeir sem séu einmana eða einangraðir séu mikið líklegri til að verða fyrir erfiðum langtímaveikindum eins og hjartasjúkdómum eða krabbameini og það sé næstum jafnmikill áhættuþáttur og reykingar.

Prófessor Dunbar segir að eitt skýrasta dæmið um þetta sé samantekt sem var gerð á 148 faraldsfræðirannsóknum. Þar var verið að leita að þeim þáttum sem voru líklegastir til að hjálpa fólki að lifa í 12 mánuði eftir hjartaáfall. Það kom í ljós að það sem hjálpaði langmest var að eiga góða vini og hætta að reykja.

> „Það sem þú gerir við matarborðið með öðrum er vel til þess fallið að koma endorfín-kerfinu í gang. Endorfín er boðefni sem heilinn framleiðir sem er efnafræðilega skylt ópíóðum og gefur okkur vellíðunartilfinningu.
>
> Robin Dunbar

## Líkamlega hönnuð fyrir samskipti

Manneskjur eru líffræðilega hannaðar fyrir samskipti, sérstaklega augliti til auglitis. Rannsókn frá Michigan-háskóla komst að þeirri niðurstöðu að það að skipta samskiptum við vini og fjölskyldu augliti til auglitis út fyrir skilaboð á samfélagsmiðlum gæti tvöfaldað hættuna á þunglyndi. Rannsakendur sögðu líka að þeir sem áttu félagsleg samskipti við vini og fjölskyldu að minnsta kosti þrisvar í viku hefðu fæst einkenni þunglyndis.

Þeim sem glíma við þunglyndi getur hins vegar reynst erfitt að hugsa sér samskipti við fólk augliti til auglitis. Þá er miklu hollara að eiga að minnsta kosti samskipti í gegnum samfélagsmiðla en að eiga ekki í neinum samskiptum. Allt er betra en ekkert.

## Vekjum jákvæðar tilfinningar

„Við erum mesta félagsveran af öllum dýrum,“ segir Paul Gilbert, prófessor í sálfræði. „Heilinn og líkaminn eru byggð til að vera mótuð og stjórnað af samskiptum við aðra allt frá fæðingu.“

Gilbert segir að eitt það mikilvægasta sem fólk getur gert fyrir hvert annað sé að róa hvert annað og vekja jákvæðar tilfinningar. Móðir sem nær augnsambandi og brosir til ungbarnsins síns vekur til dæmis jákvæðar tilfinningar hjá barninu, sem brosir yfirleitt til baka.

Á sama hátt vekjum við jákvæðar tilfinningar hjá þeim sem við berum jákvæðar tilfinningar til með samskiptum við þau, segir Gilbert. Til dæmis með því að hitta vini okkar og segja þeim að okkur þyki gaman að sjá þá. Gilbert segir að þetta sé mikilvægt.

Gilbert segir að bestu samböndin séu þegar fólk elskar okkur þrátt fyrir gallana okkar eða það sem við lítum á sem slæmu hliðarnar á okkur. Hann segir að ást snúist um að elska aðra þegar það er erfitt, ekki þegar það er auðvelt. Hann segir að það séu þeir sem þekkja okkur náið sem geti gefið okkur þessa ást og þeir geri það með nærveru sinni, með snertingu og með því að borða, drekka og deila með okkur. Gilbert segir að þess vegna sé það andleg næring að verja tíma saman.

Það er því um að gera að leggja sig fram um að reyna að eiga sem mest samskipti augliti til auglitis. Þetta þýðir að það þarf ekki að finna neina afsökun til að bjóða vinum og fjölskyldu í mat, það er vísindalega sannað að það er hollt fyrir bæði þau og okkur, jafnvel þó að maturinn sé það kannski ekki.






# Nýtt nikótínlyf: Skammtapokar undir vör

**Zonnic mint er nýtt nikótínlyf í mjög nettum skammtapoka sem settur er undir vör. Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og er ætlað til meðferðar við tóbaksfíkn og auðveldar þannig fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. Fæst í apótekum.**

Zonnic mint skammtapokar (posar) eru þróaðir í Svíþjóð og hafa verið notaðir þar í landi í nokkur ár til að auðvelda fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. Lyfið er einnig komið á markað í Noregi og Finnlandi.

### Nikótínið frásogast í munnholinu

„Zonnic mint skammtapokarnir með nikótíni eru vættir með tungunni og settir undir vörina og geymdir þar," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Gott er að færa pokann til öðru hvoru með tungunni en það eykur losun nikótínsins úr honum." Sumir fá brjóstsviða og ertingu í maga við notkun á nikótín lyfjatyggigúmmíi en munnvatn myndast stöðugt þegar það er tuggið og er síðan kyngt og fer niður í maga. Nikótínið úr Zonnic skammtapokum frásogast í munnholinu, sem lágmarkar magn nikótíns sem berst niður í háls og maga, þar sem það getur valdið ertingu.

> » Nikótínið úr Zonnic skammtapokum frásogast í munnholinu, sem lágmarkar magn nikótíns sem berst niður í háls og maga, þar sem það getur valdið ertingu.

### Hættu á þínum hraða

Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta tóbaksnotkun alveg og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sígaretta sem sleppt er að reykja er sigur.



Máttu ekki reykja? Zonnic mint skammtapokinn hentar þar.

Þar sem mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að hætta reykingum hefur aftur tóbaksnotkun er mikilvægt að hver og einn taki ferlið á sínum hraða – sleppi einni sígarettu í einu. Oft á ekki við að nota tóbak og þá er Zonnic mint skammtapoki góð lausn. Þegar fólk vill ekki, getur ekki eða má ekki reykja, t.d. á fundum, í flugvélum eða á veitingahúsum, getur Zonnic mint skammtapokinn hentað vel þar sem hann er það lítill og þunnur að hann sést ekki, nikótínið losnar úr pokanum yfir lengri tíma og gefur um leið ferskan andardrátt.

> » Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta tóbaksnotkun alveg og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sígaretta sem sleppt er að reykja er sigur.

### Sölustaðir

Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og kemur í 20 stk. dósum með skrúfloki og barnalæsingu. Salan hófst 1. september og er Zonnic mint komið í sölu í helstu apótekum og í fjölda verslana og bensínstöðva. Ítarlegar upplýsingar um Zonnic mint er að finna á www.zonnic.is.

Athugið að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.







zonnic®

# Nýtt jurtalyf við blöðrubólgu frá Florealis slær í gegn

Lyngonia er jurtalyf við endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum. Það er eina lyfið við slíkum sýkingum sem fæst án lyfseðils. Lyfið er unnið úr sortulyngsútdrætti og er fyrsta jurtalyfið sem var viðurkennt af lyfjayfirvöldum á Íslandi. Lyngonia fæst í öllum helstu apótekum um land allt.

Við höfum fengið frábærar viðtökur við þessu nýja lyfi en Lyngonia er jurtalyf við endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum. Jafnframt er það eina lyfið sem fæst án lyfseðils við slíkum sýkingum,“ segir Elsa Steinunn Halldórsdóttir, doktor í lyfja- og efnafræði náttúruefna og þróunarstjóri Florealis.

„Konur sem fá endurtekna þvagfærasýkingu eru greinilega tilbúnar að prófa önnur úrræði en hefðbundin sýklalyf sem geta leitt til sýklalyfjaónæmis. Konur þekkja almennt einkennin vel og hafa fengið greiningu hjá sínum lækni. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð og fjölmargar konur komast yfir vandamálið með aðstoð Lyngonia,“ segir Elsa.

### Viðurkennt af lyfjayfirvöldum

Lyngonia er unnið úr sortulyngslaufsútdrætti en lyfið var fyrsta jurtalyfið sem var viðurkennt af lyfjayfirvöldum á Íslandi. Lyngonia fæst í öllum apótekum án lyfseðils sem auðveldar konum aðgengi að lyfinu og gefur þeim tækifæri til að bregðast við um leið og fyrstu einkenni gera vart við sig.




„Jurtalyfið er staðlað með tilliti til virkra efna sem tryggir að neytandinn fær alltaf réttan skammt af lyfinu en það er mjög mikilvægur þáttur til að tryggja verkun og öryggi lyfsins,“ segir Elsa. MYND/ERNIR

**„Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á virkni sortulyngs og hafa sambærileg lyf verið notuð víða í Evrópu.**

„Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á virkni sortulyngs og hafa sambærileg lyf verið notuð víða í Evrópu. Jurtalyfið er staðlað með tilliti til virkra efna sem tryggir að neytandinn fær alltaf réttan skammt af lyfinu en það er mjög mikilvægur þáttur til að tryggja verkun og öryggi lyfsins,“ segir Elsa.

### Nota virk efni úr náttúrunni

Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á jurtalyfjum og lækningavörum sem innihalda virk efni úr náttúrunni. Vörulína Florealis fer ört stækkandi en auk Lyngonia fást Rosonia og Liljonia við óþægindum á kynfærasvæði, Smaronia við leggangaþurrki, Aleria við bólum og óhreinindum í húð og Liljeria við frunsum. Frekari upplýsingar um vörurnar er að finna á www.florealis.is.

Lyngonia hefur reynst vel við endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum.

**Helstu einkenni þvagfærasýkingar (blöðrubólgu) geta verið:**

- Sviði við þvaglát
- Aukin tíðni þvagláta
- Lítið þvag í einu
- Breyting á lit og/eða lykt þvags

Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Hvorki ætlað þunguðum konum né konum með barn á brjósti, körlum eða börnum og unglingum yngri en 18 ára. Notið ekki lengur en í viku. Ef einkenni eru viðvarandi í meira en 4 daga eða versna við notkun Lyngonia skal hafa samband við lækni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

# Góðgæti með rabarbara

Rabarbaratíminn er hafinn. Ýmislegt er hægt að matbúa úr rabarbara. Íslendingar hafa lengi notað hann í grauta, sultu og bakstur. Það má líka nota hann í boozt eða aðra holla og góða heilsudrykki.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rabarbari er mjög góður í ýmsa rétti og hann er auk þess hollur. Til dæmis er hann ríkur af andoxunarefnum og K-vítamíni. Hér er nokkrar uppskriftir þar sem rabarbari kemur við sögu og kveikir þar með vonandi í sumrinu. Ef fólk hefur ekki tíma til að nýta rabarbarann strax má skera hann niður og frysta. Þá er hægt að hafa rabarbaradesert hvenær sem mann langar í hann. Mjög gott er að blanda jarðarberjum saman við rabarbara.

## Rabarbarapæ

Góð baka með mylsnu sem er ljúffeng með kaffinu eða sem eftirréttur með ís eða rjóma. Uppskriftin miðast við sex.

**600 g rabarabarastilkar**
**100 g sykur**
**1 tsk. kanill**
**Mylsna**
**50 g valhnetur**
**60 g sykur**
**60 g púðursykur**
**160 g hveiti**
**100 g smjör**



Rabarbarabaka með mylsnu er framúrskarandi með ís eða rjóma.

Það er einfalt að gera bökuna. Hnetunum má skipta út fyrir haframjöl ef fólk vill það heldur eða nota aðrar tegundir af hnetum. Þvoið rabarbarann og skerið hann í um það bil 3 cm bita. Sjóðið í smástund með sykri undir loki eða í 5-10 mínútur. Setjið bitana í eldast mót. Hakkið hneturnar í matvinnsluvél og blandað síðan í skál með sykri og hveiti. Setjið mjúkt smjör saman við og hrærið allt saman. Má vera gróft. Stráið blöndunni yfir rabarbarann og bakið í ofni í 30 mínútur við 180°C.

## Rabarbarasulta með engifer

Þetta er mjög góð sulta sem passar bæði ofan á kex með osti, á pönnukökur, vöfflur eða með mat.



Rabarbarasulta með engifer.

**1 kg rabarbari**
**750 g sykur**
**25 g ferskur engifer**
**100 g sultaður engifer**

Þvoið rabarbarann og skerið hann í bita. Leggið hann í sykurinn og látið standa yfir nótt. Skrælið engifer og rífið hann niður. Blandið út í rabarbarann og sykurinn, sjóðið í 15 mínútur. Blandið þá smátt skornum sultuðum engifer saman við og sjóðið áfram í 5 mínútur.

Setjið í hreinar heitar krukkur og lokið strax. Geymist á köldum og dimmum stað.

## Rabarbaragrautur

Rabarbaragrautur er góður hversdagsmatur með mjólk eða rjóma. Uppskriftin er fyrir fjóra.

**400 g hreinsaður og niðurskorinn rabarbari**
**5 dl vatn**
**1 ½ dl sykur**
**2 ½ msk. kartöflumjöl**
**Smávegis vatn**

Setjið rabarbarann í pott ásamt sykri og sjóðið þar til rabarbarinn er orðinn mjúkur. Hrærið kartöflumjöli saman við smá vatn. Hellið blöndunni út í grautinn svo hann þykkni. Berið fram heitan eða kaldan.



## De Beers ætlar að selja manngerða demanta

Demantaframleiðandinn De Beers, einn stærsti framleiðandi og söluaðili demanta í heimi, hefur ákveðið að byrja að selja skartgripi með manngerðum demöntum í fyrsta sinn í 130 ára sögu sinni.

Fyrirtækið hefur lengi sagt að það myndi aldrei selja manngerða steina, en nú verða þeir markaðssettir í Bandaríkjunum undir vörumerkinu Lightbox og kosta miklu minna en demantar úr námu.

Þessi ákvörðun á eftir að hafa áhrif á verðið á manngerðum demöntum. Eins karats manngerður demantur kostar um það bil 420 þúsund krónur en náttúrulegur demantur kostar um það bil 850 þúsund krónur. Sams konar demantur frá rannsóknarstofu De Beers kemur til með að kosta um 85 þúsund krónur.

Svo virðist sem demantar höfði ekki nægilega vel til yngri neytenda, sem vilja oft frekar eyða peningunum sínum í dýr raftæki eða ferðalög. Demantaframleiðsla hefur líka fengið slæmt orðspor því hún tengist mannréttindabrotum og mengun.

En manngerðir demantar hafa sömu eiginleika og efnasamsetningu eins og náttúrulegir demantar og tæknin er svo háþróuð að sérfræðingar þurfa vél til að greina þá í sundur.

De Beers er nú þegar einn af leiðandi framleiðendum manngerðra demanta í heiminum, en hingað til hafa þeir bara verið notaðir í iðnað.



Bikinítíðin kemur með sumarsólinni.

## Flott í bikiníi

- Stráhattur passar mjög vel við bikiní og er auk þess hentugur í sólinni. Hann heldur hárinu í skefjum, varnar sólbruna í andliti og gefur stællegt útlit.
- Varist saltan mat og sætindi þremur dögum fyrir bikinísýningu. Forðist líka baunir, lauk og brokkólí sem valdið getur uppþembdum maga en borðið í staðinn vatnslosandi spínat, sellerí og tómata.
- Tómur magi er á stærð við hnefa. Maginn helst sléttur ef borðuð er hnefafylli af mat í einu. Hafið því þurrkaða ávexti og hnetur við hendina í passlegum skömmtum.
- Það skiptir máli hvernig setið er í bikiníi. Að sitja á rassinum og draga hnén að sér er einkar falleg stelling. Það lyftir upp mögulegri fitu af mjöðmum og dregur athygli að efri hluta líkamans og hnjám. Gott er að ýta sér aðeins dýpra ofan í sandinn ef hylja á hugsanlega aukakeppi á rassi og mjöðmum.

# Prins sem vekur athygli

Það var mikið um dýrðir í dönsku konungshöllunni á laugardag þegar Friðrik krónprins hélt upp á 50 ára afmælið. Margt fyrirmanna var þar samankomið og meðal þeirra voru íslensku forsetahjónin. Þarna mættu einnig konungshjónin í Svíþjóð auk Viktoríu krónprinsessu. Þarna mátti sömuleiðis sjá norsku krónprinshjónin, konungshjón Belgíu og Hollands auk annarra.

Friðrik þótti lengi vel einn eftirsóttasti piparsveinn Evrópu eða þangað til hann gekk að eiga Mary Donaldson. Nú hefur skotið upp kollinum nýr myndarlegur prins sem eftir er tekið. Það er Nikolai prins, sonur Jóakims og fyrrverandi eiginkonu hans, Alexöndru. Prinsinn verður 19 ára í ágúst og hefur þegar haslað sér völl sem eftirsótt fyrirsæta. Nikolai tók þátt í tískuvikunni í London í febrúar þar sem hann sýndi tískufatnað frá Burberry. Prinsinn þykir einstaklega glæsilegur ungur maður og á eflaust eftir að láta að sér kveða í framtíðinni, nú þegar Harry prins er genginn út.



**Prins Nikolai kemur til afmælisveislunnar ásamt föður sínum, prins Jóakim, og eiginkonu hans, Marie.** NORDICPHOTO/GETTY


Er flóran þín í lagi?

(y)




OptiBac For women inniheldur hágæða lifandi gerla sem hafa verið prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim og eru með klínískar rannsóknir á bak við sig. Sérstaklega hefur verið sýnt fram á að gerlarnir ná alla leið á kynfærasvæðið.

Veldu Optibac, sérfræðing í góðgerlum.
Ekki þjást að óþörfu.

Fæst í apotekum og heilsuvörubúðum

OptiBac probiotics










# Sumartískan er mjög blómleg

Léttir og síðir kjólar með blómamynstri verða áberandi í sumar og röndóttar, víðar buxur í ljósum litum hámóðins. Tískan í sumar er umfram allt rómantísk, litrík og lífleg.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Sumarið er sá tími sem svörtu fötin fara í frí og litríkur og léttari fatnaður fær að njóta sín. Tískustraumar sumarsins eru því allt annað en leiðinlegir þetta árið.

Fíngert blúnduefni og stórar blúndur til skrauts verða áberandi og ljóst er að kjólar með blómamynstri eru eitt af því allra heitasta í sumar. Mynstrið er ýmist fínlegt eða gróft og hægt að klæða sig ýmist upp eða niður eftir því hvernig fylgihlutirnir eru. Jakkar yfir kjóla og háir skór í stíl munu sjást víða. Síddin á kjólunum er í lengri kantinum og þeir eru fremur víðir og frjálslegir. Það lítur því út fyrir að sumartískan sé á rómantískari nótum en oft áður.

## Röndóttir bolir og buxur

Rendur verða einnig mjög áberandi í sumartískunni en þær gefa frekar svalt útlit. Röndóttir jakkar, bolir, peysur og jafnvel buxur eiga eftir að sjást á hverju götuhorni. Jakkar með einni rönd á bakinu og þverröndóttir jakkar verða í tísku, líkt og þverröndóttir bolir í hvítu og rauðu eða bláu eða jafnvel grænu. Langröndóttar buxur með víðu sniði eru svo sannarlega komnar í tísku bæði fyrir dömur og herra. Þær eru fremur stuttar og í ljósum lit með dökkum, mjóum röndum.

## Pastellitir og ljósir tónar

Dökkir litir víkja fyrir pastellitum og ljósum tónum. Sterkir, djúpir litir eins og djúpfjólublár og fagurgrænn, verða líka vinsælir, sérstaklega í jökkum og einnig skóm.

Aukahlutir eru auðvitað ómissandi í sumar sem endranær. Fremur stór, kringlótt sólgleraugu með fíngerðum ramma og jafnvel glerjum í ýmsum litum halda velli og töskur koma einna helst í svörtu eða í því nýjasta nýja: basti.



Viktoría, krónprinsessa Svía, var klædd eftir nýjustu tísku þegar hún mætti á samkomu í Stokkhólmi fyrr í þessari viku, þar sem barnabókmenntaverðlaun til minningar um Astrid Lindgren voru veitt. Grænu skórnir setja mikinn svip á heildarútlitið. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Hvítar, langröndóttar buxur hafa aldrei verið jafnvinsælar og nú. Þær eru vinsælar bæði hjá dömum og ungum herrum. Einlitur efri partur passar vel við og íþróttaskórnir setja svo punktinn yfir i-ið á þessari svölu samsetningu.



Það er sama hvert litið er þessa dagana, blómakjólar eru greinilega málið í sumar. Í svölu veðri er hægt að vera í þeim utan yfir þröngum buxum og háir hælar setja svo sparilegt yfirbragð á heildarútlitið.





Götutískan í París sýnir glöggt að gallaefni fer aldrei úr tísku, sem hentar íslensku veðurfari einmitt mjög vel. Töff sólgleraugu, hvít skyrta, gallabuxur og smart blazerjakki er skotheld samsetning í sumar.



Ég fer á fjöll
FÍ
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is




## Mazda CX-3 Vision

Nýskráður 4/2017, ekinn 9 þús.km., bensín, sjálfskiptur, bluetooth, fjarlægðarskynjarar og fleira.

**Verð kr. 2.990.000**




## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 4/2010, ekinn 111 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, dráttarkrókur.

**Verð kr. 2.090.000**




## Honda Accord Tourer

Nýskráður 7/2013, ekinn 85 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, Isofix og 396 lítra skott.

**Verð kr. 1.990.000**




## Honda Jazz Elegance

Nýskráður 6/2013, ekinn 55 þús.km., bensín, sjálfskiptur, álfelgur og fleira.

**Verð kr. 1.790.000**

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Snyrtileg 3. herb íbúð í Gbr til leigu. Góð umgengni og reykleysi skilyrði. Uppl. í síma 770 7950

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**


Útvegum starfsmenn

**TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA**

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

## Fasteignir

**LIND** FASTEIGNASALA

**510 7900**

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

### Eskihlíð 20

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 111 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Lind fasteignasala kynnir 4ra herbergja rúmgóða íbúð á efstu hæð við Eskihlíð 20. Fallegt útsýni, mjög gott skipulag. Þrjú stór svefnherbergi. Stór stofa.

**43.900.000 kr**



OPIÐ HÚS › 31. MAÍ 17:15 – 17:45







*Heyrumst*

**Hrafn Valdísarson**

Löggiltur fasteignasali

› 775 4988

› hrafn@fastlind.is

---

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

S.773-4700 og 520-3500

### Netverslun með tískuvörur.

**Til sölu netverslun með kventískuvörur, m.a. skó og fylgihluti. Góð viðskiptasambönd, er á Facebook með tugi þúsunda fylgjenda. Hefur starfað við góðan orðstír undanfarin ár. Mjög gott verð eða tilboð.**

**Uppl. veitir Óskar Mikaelsson á netfanginu oskar@atveignir.is og 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

---

Skeifan fasteignasala

Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali

Þórir Hallgrímsson / hdl. Löggiltur fasteignasali

FÖST LÁG SÖLUÞÓKNUN

### Snorrabraut 65

**Opið hús í dag, fimmtudaginn 31. maí, 17:30-18:00**




Töluvert endurnýjuð og virkilega falleg 130,6 fm. efri hæð í þríbýlishúsi í Norðurmýrinni.

**Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46**
**108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is**

---

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

---

## Fundir

### Aðalfundur

Aðalfundur Þorbjarnar hf vegna ársins 2017 verður haldinn miðvikudaginn 13. júní nk. kl. 10:00 á skrifstofu félagsins í Grindavík

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. grein samþykkta félagsins
2. Önnur mál

Dagskrá, endanlegar tillögur og reikningar félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund.

**Stjórn Þorbjarnar hf.**

---





LeBron James og Stephen Curry mætast í úrslitum NBA fjórða árið í röð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Úrslit í NBA hefjast í nótt

**KÖRFUBOLTI** Úrslitaeinvígi NBA-deildarinnar í körfubolta hefst í nótt. Fjórða árið í röð mætast Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers í úrslitum. Golden State varð meistari 2015 og 2017 en Cleveland vann titilinn í fyrsta og eina sinn í sögu félagsins eftir sigur í oddaleik fyrir tveimur árum.

Golden State er með miklu sigurstranglegra enda færri veikleikar á þeirra liði og þá eru Stríðsmennirnir með heimavallarréttinn. Helsta ástæðan fyrir því að hið skringilega samsetta lið Cleveland er komið í úrslit er frammistaða LeBrons James sem hefur verið magnaður sem aldrei fyrr í úrslitakeppninni. James er með 34,0 stig, 9,2 fráköst og 8,8 stoðsendingar að meðaltali í 18 leikjum í úrslitakeppninni í ár. Næststigahæsti leikmaður Cleveland í úrslitakeppninni (Kevin Love) er með 13,9 stig að meðaltali í leik.

Golden State er með fleiri og beittari vopn í sínu vopnabúri. Kevin Durant, Stephen Curry og Klay Thompson draga sóknarvagninn og Draymond Green er límið í vörninni. Óvíst er með þátttöku Andres Igoudala sem hefur oft fengið það hlutverk að dekka James. Að sama skapi er óvíst hvort eða hvenær Love getur byrjað að spila eftir höfuðmeiðslin sem hann varð fyrir í einvíginu gegn Boston Celtics. – iþs

# Settið skilaði sér á endanum

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr GL, lenti í því óláni á leiðinni á golfmót að golfsettið hennar skilaði sér ekki í fluginu til Frakklands á dögunum. Hefst Jabra-heimsaramótið sem er hluti af LET-mótaröðinni, þeirri sterkustu í Evrópu, í dag en settið skilaði sér til hennar í tæka tíð og verður hún því klár í slaginn.

Þetta er í annað skiptið í ár sem golfsett Valdísar skilar sér ekki en hún þurfti að sækja kylfurnar sjálf út á völl á þriðjudagskvöldið. Er hún orðin vön þessu en hún hefur nokkrum sinnum lent í því að flugfélögin skilji eftir golfsettið að hennar sögn.



Þetta er fyrsta mót hennar á LET-mótaröðinni í nokkrar vikur en leikið verður á Evian-golfvellinum sem er við landamæri Sviss. – kpt

# Gerir Ólafía atlögu að fyrsta risatitlinum?

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, hefur leik í dag á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi en hún hefur þá tekið þátt í öllum fimm risamótunum í golfi.

Er þetta annað árið í röð sem við Íslendingar eigum kylfing á þessu risamóti en Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, var meðal þátttakenda í fyrra en missti af niðurskurðinum.

Þetta er í fimmta sinn sem Ólafía leikur á risamóti í golfi en besti árangur hennar er 48. sæti á Evian-meistaramótinu í Frakklandi.

Leikið er á Shoal Creek vellinum í Alabama en það er mikil bleyta á vellinum. Í samtali við Golfsambandið sagði Ólafía að blautur og kaldur vetur hefði reynst vellinum erfiður, eitthvað sem íslenskir kylfingar ættu að kannast við.

„Við gátum ekki klárað æfingarhringinn á mánudaginn vegna úrkomu og þrumuveðurs, það má ekki vera úti á vellinum í slíkum aðstæðum,“ sagði Ólafía við Golfsambandið.

„Það lítur út fyrir að það verði blautt í þessari viku en það munu allir leika við þessar aðstæður og ég get ekki leyft þessu að hafa áhrif á mig. Ég ætla ekki að eyða orku í að hafa áhyggjur af hlutum sem ég get ekki breytt.“



**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er mætt til Alabama.** NORDICPHOTOS/GETTY

Ólafía segist spennt að spreyta sig á þessu risamóti en verðlaunaféð hljóðar upp á fimm milljónir dollara eða um hálfan milljarð króna.

„Lykilatriðið er að stjórna væntingunum til þess að njóta upplifunarinnar, ég fer út á völl án þess að hugsa of mikið um hlutina og seta um leið of mikla pressu á sjálfa mig.“ – kpt




# Sýningin Svartmálmur í skoti Ljósmyndasafnsins

**Svartmálmur er yfirskrift nýrrar sýningar í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem opnuð verður í dag. Ljósmyndir á sýningunni eru eftir Hafstein Viðar Ársælsson.**

Svartmálmur, ný sýning í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur, verður opnuð í dag klukkan 17. Undanfarin þrjú ár hefur Hafsteinn Viðar Ársælsson markvisst ljósmyndað „black metal“ eða svartmálms-senuna á Íslandi undir dulnefninu „Verði Ljós“.

Heimurinn í kringum þessa tónlistarstefnu virkar á marga sem óaðgengilegur og dularfullur og er því mjög áhugavert fyrir almenning að fá innsýn í hann. Svartmálmur gegnir lykilhlutverki í landslagi neðanjarðartónlistar og nýtur vinsælda víða um heim.

Þrátt fyrir landfræðilega einangrun hefur svartmálmstónlist blómstrað á Íslandi síðastliðin áratug og klifið upp metorðastigann erlendis. Má þar vafalaust þakka þekktum íslenskum svartmálms-tónlistarútgáfufyrirtækjum, hátíðum á borð við Eistnaflug og Oration og einnig alþjóðlega þekktum hljómsveitum sem hafa borið hróður þessarar tónlistar víða.

Á sýningunni eru meðal annars að finna myndir sem teknar eru undir formerkjum skrásetningar og skáldskapar af hljómsveitum eins og Misþyrmingu, Nöðru, Nyiþ, Sinmara, Svartadauða og Wormlust, sólóverkefni ljósmyndarans sjálfs.


Svartmálmur gegnir lykilhlutverki í landslagi neðanjarðartónlistar og nýtur vinsælda.

Meðan á sýningu stendur verður til sölu í safnbúð safnsins samnefnd bók sem komin er út, en hún hefur nú þegar fengið mikla umfjöllun í erlendum miðlum og viðtöl birst við Hafstein Viðar í blöðum á borð við Washington Post og í þungarokks-tónlistartímaritunum Revolver og Kerrang! Einnig hefur hún hlotið umfjöllun í British Photo Journal.

Hafsteinn Viðar stundaði nám við Ljósmyndaskólann á árunum 2014 til 2017.

**benediktboas@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
**Unnur Jónsdóttir**
Sóltúni 2, Reykjavík,
lést 11. maí.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Stefanía Þórarinsdóttir**
**Sigríður Þórarinsdóttir**

---



✝

Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Thomas M. Ludwig**
lést á Landspítalanum þann 28. maí.
Útförin fer fram frá Lindakirkju þann 6. júní kl. 11.

**Margrét Ludwig** — **Björgvin Jósefsson**
**Brandur Thor Ludwig** — **Anna Margrét Rögnvaldsdóttir**
**Clara Regína Ludwig**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Kristín Halldóra Kristjánsdóttir**
sem lést á Hrafnistu Hafnarfirði 24. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 4. júní kl. 15.

**Sigurbjörg Kristjánsdóttir**
**Kristján Jónasson** — **Kristín Brynjólfsdóttir**
**Ásmundur Jónasson** — **Halldóra Hermannsdóttir**
**Jón Ingvar Jónasson** — **Halldóra Gröndal**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
**Þóra Þorbergsdóttir**
Hátúni 10, Vík í Mýrdal,
lést á Hjallatúni mánudaginn 28. maí sl. Útförin fer fram frá Víkurkirkju mánudaginn 4. júní nk. kl. 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þykkvabæjarklausturskirkju eða Dvalarheimilið Hjallatún Vík í Mýrdal.

**Þorbergur Þ. Reynisson** — **Gunnhildur Haraldsdóttir**
**Sigurður Karl Hjálmarsson** — **Áslaug Einarsdóttir**
**Vilborg Hjálmarsdóttir** — **Kristján Benediktsson**
**Anna M. Hjálmarsdóttir** — **Einar H. Ólafsson**
**Jón Hjálmarsson** — **Sigrún Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær faðir minn, sonur minn og bróðir,
**Sigursteinn Sigurðsson**
Flókagötu 54, 105 Reykjavík,
varð bráðkvaddur á heimili sínu, þriðjudaginn 15. maí.

Útför hans fer fram í kyrrþey.
Þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.
Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð.

**Alva Sigurdsson**
**Audrey Magnússon**
**Ingibjörg, Anna María, Snjólaug Elín, Hjördís og fjölskyldur.**

---



✝

Kæru vinir og ættingjar, þökkum ykkur fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall móður okkar,
**Láru Stefaníu Ólafsdóttur**

**Ólafía G. Kristmundsdóttir**
**Kristmundur Kristmundsson**
**Ólafur S. Kristmundsson**

---



✝

Elskulegur sonur okkar, bróðir, barnabarn, langömmubarn, frændi, mágur og vinur,
**Einar Darri Óskarsson**
Hagamel 1, Hvalfjarðarsveit,
lést á heimili sínu 25. maí síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju, þriðjudaginn 5. júní kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast Einars Darra er bent á Styrktarsjóð Einars Darra fyrir ungmenni í fíkniefnavanda
Reikn. nr. 0354-262322, kt. 160370-5999.

**Óskar Vídalín Kristjánsson** — **Bára Tómasdóttir**
**Andrea Ýr Arnarsdóttir**
**Aníta Rún Óskarsdóttir**
**Árni Kristján Rögnvaldsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ingibjörg Þorleifsdóttir**
Boðahlein 20 í Garðabæ,
andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 28. maí.
Útför hennar verður gerð frá Garðakirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.

**Hjálmfríður Ragnheiður Sveinsdóttir**
**Þorgeir Magnússon** — **Erla Guðjónsdóttir**
**Þorleifur Friðrik Magnússon** — **Anna Björg Aradóttir**
**Viðar Magnússon** — **Sigríður Elín Thorlacius**
**Snorri Magnússon** — **Elín Steiney Kristmundsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar dóttur okkar og móður minnar,
**Katrínar Ólafsdóttur**
læknis í Malmö, Svíþjóð.

**Ólafur Haraldsson** — **Inga Lára Bachmann**
**Kormákur Hólmsteinn Friðriksson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Jón Þorkels Eggertsson**
netagerðarmaður, Keflavík,
lést laugardaginn 26. maí að hjúkrunarheimilinu Hlévangi.
Útförin verður auglýst síðar.

**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Eggert Jónsson** — **Una Hafdís Hauksdóttir**
**Ingimundur Jónsson**
**Aðalgeir Jónsson** — **Þóra Lilja Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,
**Guðmundur Sigurður Jóhannsson**
ættfræðingur, Sauðárkróki,
lést sunnudaginn 27. maí.
Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 8. júní, klukkan 14.00.

**Guðný Klara Guðmundsdóttir, Rafn Heiðdal**
**Ómar Alex Garðarsson**
**Ylfa Hrund Heiðdal**
**Guðmundur Jóhann Guðmundsson, Þórey Eiríksdóttir**
**systkini og makar.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Filippía Guðrún Kristinsdóttir**
lést mánudaginn 28. maí á Dvalarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 4. júní kl. 10.30.

**Elín Dögg Gunnarsdóttir** — **Valmar V. Väljaots**
**Kristdór Þór Gunnarsson** — **Ásgerður Halldórsdóttir**
**Kristín Lind, Bóel Birna, Karen Tara, Sóley Sara og Gunnar Aron**


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Tropi
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ
sena

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Vestlæg átt í dag, víða 3-8, en heldur hvassara á Vestfjörðum og allra syðst. Skýjað að mestu og yfirleitt þurrt, en bjart með köflum á austanverðu landinu. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á Suðausturlandi.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 8° | 14° |
| ↘ 3 | ↗ 14 | → 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 15° | 10° |
| ↓ 2 | ↑ 4 | ↘ 4 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 9° | 13° |
| → 2 | ↗ 14 | ↗ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 17° | 11° |
| → 4 | ↗ 3 | ↗ 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þíða
5. umrót
6. titill
8. krota
10. hljóm
11. tækifæri
12. fita
13. ógætinn
15. kroppur
17. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. vínandi
2. mót
3. klaka
4. afhending
7. gunga
9. slæpist
12. stela
14. bót
16. skóli



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LÁRÉTT:** **1.** afísa, **5.** los, **6.** fr, **8.** krassa, **10.** óm, **11.** lag, **12.** tólg, **13.** óvar, **15.** líkami, **17.** karat.
**LÓÐRÉTT:** **1.** alkóhól, **2.** form, **3.** ísa, **4.** afsal, **7.** raggeit, **9.** slórar, **12.** taka, **14.** vík, **16.** ma.

## Skák

Gunnar Björnsson

Colditz átti leik gegn Just í Frankfurt árið 1975.

**Svartur á leik**

**1...Dxd4! 2. Dxd4 Re2+! 0-1.**

Íslandsmótið í skák – Icelandic Open – minningarmótið um Hemma Gunn hefst á morgun í Valsheimilinu. Skráningarfrestur til miðnættis. Mótið er öllum opið.

**www.skak.is:** Íslandsmótið í skák.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Sendum frítt
með Flytjanda
Nánari upplýsingar á
www. grillbudin.is
Opið virka daga 11-18
Opið lauagardaga 11-16
HM VEISLA
LANDMANN Your World of BBQ
gasgrill PANTERA 2ja brennara
4 KW
34.900
2 brennarar
Grindur úr pottjárni
LANDMANN gasgrill REXON 3ja brennara
10,95 KW
37.900
LANDMANN Your World of BBQ
HM grillið
9.900
LANDMANN gasgrill
TRITON 2ja brennara
Niðurfellanleg hliðarborð
Verð áður 59.900
49.900
LANDMANN gasgrill
TRITON 3ja brennara 10,5 KW
Niðurfellanleg hliðarborð
Verð áður 79.900
69.900
Vönduð
yfirbreiðsla fylgir
LANDMANN gasgrill
TRITON 4ra brennara 14,8 KW
Verð áður 89.900
79.900
3 litir
LANDMANN gasgrill
AVALON 4ra brennara 18,7 KW
Verð áður149.900
129.900
LANDMANN gasgrill
AVALON 5 brennara 22,8 KW
Verð áður 229.900
209.900
Vönduð
yfirbreiðsla fylgir
LANDMANN Gashitari
Afl: 11 KW
Hitunarsvæði: Ø 7m
Stærð: Ø75 x 220 cm
Verð áður 34.900
29.900
Skoðið vefverslunina
www.grillbudin.is eða hringið
og fáið faglegar ráðleggingar
Grillbúðin
SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN
Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hilðina á Bónus)
Sími 554 0400
grillbudin.is














# BÍLAR



Hvað fjölda landa varðar hefur Skoda Octavia vinninginn á meginlandi Evrópu en í sex löndum er hann söluhæstur.

# Vinsælustu bílar hvers Evrópulands

Forvitnilegt er að sjá hvaða einstöku bílgerðir eru vinsælastar á meginlandi Evrópu, en heimabílar hafa gjarnan vinninginn. Í sex löndum er Skoda Octavia vinsælastur og VW Golf í fimm löndum.

Á Íslandi hafa Toyota Yaris og Skoda Octavia keppst um efstu sætin á meðal mest seldu bílgerða undanfarin ár, en hvaða bílar ætli sé vinsælustu bílgerðirnar í öðrum Evrópulöndum það sem af er ári? JATO Dynamics heldur utan um slíkar tölur og birti þær nýjustu um daginn. Hvað fjölda landa varðar hefur Skoda Octavia vinninginn á meginlandi Evrópu en í sex löndum er hann söluhæstur, þ.e. í heimalandinu Tékklandi, Króatíu, Finnlandi, Sviss, Póllandi og Eistlandi. Volkswagen Golf er vinsælastur í fimm löndum og það kemur ekki á óvart að það skuli vera í Þýskalandi og Austurríki, en einnig í Belgíu, Lettlandi og Lúxemborg. Í Danmörku er Peugeot 208 vinsælastur og Toyota Yaris á Grikklandi. Renault Clio er söluhæstur í Frakklandi eðlilega, en líka í Portúgal og Slóveníu.

**Heimabílar hafa vinninginn**

Suzuki Vitara stendur efstur á blaði í Ungverjalandi enda framleiddur þar fyrir Evrópumarkað, Nissan Qashqai á Írlandi, Fiat Panda á Ítalíu, Fiat 500 í Litháen og Nissan Leaf í rafbílalandinu Noregi. Ekki kemur á óvart að Dacia Logan sé vinsælastur í heimalandinu Rúmeníu. Smábíllinn Skoda Fabia er vinsælastur í Slóvakíu og heimabíllinn Seat Ibiza á Spáni. Heimabílar eru einnig vinsælastir í Svíþjóð og Bretlandi, þ.e. Volvo XC60 í Svíþjóð og Ford Fiesta í Bretlandi. Það koma því ansi margar bílgerðir til sögunnar hvað varðar að vera vinsælust í hverju landi, eða alls 16 bílgerðir í 27 löndum. En í þeim löndum þar sem einhver bílaframleiðsla fer fram er nokkuð víst að heimabíll hefur vinninginn.

# Þingmaður Evrópusambandsins segir dísilvélina dauðadæmda

Elzbieta Bienkowska, þingmaður Evrópusambandsins, segir daga dísilvélarinnar brátt liðna og að tilvist hennar muni algjörlega heyra sögunni til. Hún segir að dísilvélasvindl Volkswagen hafi opnað augu fólks fyrir þeirri hættulegu NOx mengun dísilvélarinnar og að þrýstingur frá ráðandi opinberum öflum muni valda því að allir bílaframleiðendur hætti framleiðslu á bílum með dísilvélar. Nokkrir bílaframleiðendur hafa þegar lýst því yfir að þeir muni alfarið hætta framleiðslu á dísilbílum, meðal annars Volvo og Fiat Chrysler Automobiles. Volvo hefur sagt að frekari þróun dísilvéla sé þegar hætt og að þeir bílar sem þeir enn bjóða með dísilvélum muni renna sitt skeið með tilkomu síðustu kynslóða þeirra. Fiat Chrysler ætlar alfarið að hætta að selja dísilbíla árið 2022, eða eftir aðeins fjögur ár.



Mengun dísilbíls frá Mercedes Benz mæld.

**Ýtir dísilvélinni út í kuldann**

Aðrir bílaframleiðendur eins og Mercedes Benz og Jaguar Land Rover hafa réttlætt tilvist dísilvélarinnar vegna þess að þær eyða svo litlu, en öll löggjöf sem unnið er að í löndum Evrópu er á þá lund að erfitt getur reynst bílaframleiðendum að halda áfram sölu dísilbíla og kröfur um stórminnkandi hættulega mengun verða sífellt strangari. Elzbieta segir að með því sé bílaframleiðendum ýtt að framleiðslu tengiltvinnbíla og rafmagnsbíla og þar hefur bílaframleiðandi eins og Volkswagen Group sannarlega brugðist hratt við og brátt munu allar bílgerðir fyrirtækisins brátt verða þannig útbúnar. Enn fremur hræðast bílaframleiðendur þau bönn sem annaðhvort nú þegar hafa verið sett eða verða sett á dísilbíla, en þeir verða bannaðir í mörgum borgum og jafnvel heilu löndunum, eins og Hollandi, eftir nokkur ár. Með því muni kaupendur hræðast dísilbíla og bílaframleiðendum nauðugur einn kostur að hætta framleiðslu á þeim.

markhönnun ehf

# netto

# ER MATSEÐILLINN KLÁR FYRIR HELGINA?



-50%

**LÚXUS GRÍSAGRILLPAKKI**
GRÍSAGRILLSNEIÐAR
**949 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~

KJÖTSEL

*Hefur þú grillað kengúru?*



**KENGÚRUFILLE**
**2.799 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~

-30%

-30%



**HINDBER EÐA BRÓMBER**
250 G
**545 KR/ASKJAN**
ÁÐUR: ~~779 KR/ASKJAN~~

-30%



**NAUTAHAMBORGARAR**
M. BEIKONI. 4X100 GR.
**699 KR/PK**
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~

STJÖRNU GRÍS

-30%



**KJÚKLINGABRINGUR**
MEXICO MARINERAÐAR
**1.889 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~

ÍSFUGL

-40%



**KALKÚNASNEIÐAR**
Í SUÐRÆNNI MARINERINGU
**1.679 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~

-30%



**PLOKKFISKUR**
**1.189 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.698KR/KG~~

-25%



**GRÍSAHNAKKI SNEIÐAR**
BRASILÍUKRYDDAÐAR
**1.499 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

KJARNAFÆÐI

-20%




**LAMBALÆRI**
**FULLÚRB. RÓSMARÍN**
KOKKUR ÁRSINS
**2.158 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~




-20%




**LAMBA T-BONE RÓSMARÍN**
KOKKUR ÁRSINS
**2.958 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.698KR/KG~~

netto
Á NETINU



Risaeðlurnar frá Close-Act Theater hafa heillað áhorfendur á götum borga vítt og breitt um heiminn, enda mikið sjónarspil. MYND/MARIKA MINIATI

# Gráar en góðlegar risaeðlur streyma út á göturnar

**Listahátíð í Reykjavík hefst á morgun en á opnunarhátíðinni í miðborg Reykjavíkur á laugardaginn ætlar Hester Melief, stjórnandi Close-Act Theater, að hleypa gráu og silfruðu risaeðlunum sínum á göturnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Eftir tveggja ára bið er loks komið að því að Listahátíð í Reykjavík hefjist að nýju. Hátíðin hefst föstudaginn 1. júní en opnunarhátíðin fer fram á laugardaginn þegar götuleikhópurinn Close-Act Theater stormar út á göturnar og það eitt er víst að eftir því verður tekið. Á laugardaginn leggur götuleikhúsið af stað frá Iðnó klukkan tvö og fer um Lækjargötu, Austurstræti og Austurvöll. En á sunnudag kl. 11 ætlar Close-Act Theater að vera við Egilshöll í Grafarvogi í tilefni Grafarvogsdagsins.

## Götuleikhúsið heillar

Close-Act Theater á að baki fjölda stórsýninga sem hópurinn hefur ferðast með um víða veröld en nýjasta sýning leikhópsins er mögulega ein þeirra stærsta og tilkomumesta til þessa. Hester Melief, listrænn stjórnandi sýningarinnar og stofnandi Close-Act Theater, segir að þó svo hún hafi lagt stund á grafíska hönnum á sínum tíma þá hafi götuleikhúsið bókstaflega verið henni í blóð borið.

„Mamma er líka götulistamaður og þegar ég var barn þá fékk ég oft að fara með henni og fylgjast með. Þannig að þó svo ég hafi lært annað þá togaði götuleikhúsið alltaf í mig og það er ekki eins og ég hafi ekki vitað út í hvað ég var að fara þegar ég stofnaði Close-Act Theater fyrir 26 árum. Til að byrja með þá vorum þetta bara ég og Marja Wijnands, dansari og vinkona mín, en síðan hefur þetta svo sannarlega vaxið svo ekki sé meira sagt.“

Aðspurð um leiklistina segir Hester Melief að það hafi aldrei komið annað til greina en götuleikhús eftir að hún hafi ákveðið að feta þessa braut. „Ég elska götuleikhús. Það felur í sér svo miklu meira frelsi en hefðbundið innanhússleikhús því götuleikhúsinu halda engin bönd. Í hefðbundnu leikhúsi er allt skipulagðara og meira niður njörvað og það er í raun allt annar heimur sem er ekki hægt að bera saman við götuleikhúsið. Ekki síst vegna þess að aðkoma og viðbrögð áhorfenda eru allt önnur, sem ræðst af forsendunum. Í götuleikhúsi er það stundum þannig að áhorfendur eiga ekki von á þér þegar á götuna er komið en þeir sem fara í leikhús undirgangast með því ákveðinn sáttmála og vita nokkurn veginn við hverju er að búast.

Að auki fær maður að ferðast og sjá heiminn með götuleikhúsi. Skoða ólíkar borgir og kynnast ólíkri menningu,“ segir Hester og brosir. Hún bætir við að þetta feli í sér að götuleikhúsið sé í eðli sínu mun gagnvirkara. „Viðbrögðin leika svo stóran þátt í götuleikhúsi og það er einmitt það sem heillar mig við formið.“

## Risaeðlur á ís

Sýningin sem Close-Act Theater mætir með á Listahátíð í Reykjavík kallast Saurus. Sýningin felur það í sér að risaeðlur streyma um göturnar ásamt tón- og fjöllistamönnum svo úr verður mikið sjónarspil. Aðspurð um ástæðu þess að hópurinn hafi ákveðið að búa til sýningu þar sem risaeðlur eru í forgrunni segir Hester að það hafi lengi blundað í þeim að skapa eitthvað forsögulegt. „Það sem er svo það allra skemmtilegasta við þessa sýningu er hversu mikil en um leið fjölbreytt viðbrögð við fáum frá áhorfendum.

Sérstaklega virðist þetta höfða til krakka því þetta kveikir hjá þeim fróðleiksþorsta um risaeðlurnar og náttúruna. Þau taka hann með sér heim og koma svo aftur á sýninguna og hafa þá mótað sér skoðanir. Stundum verða þau pínulítið hrædd vegna þess að risaeðlurnar okkar bera ekki sinn rétta lit heldur eru gráar og silfraðar sem gefur það til kynna að þær hafi tapað húðinni. En það sjá þó allir fljótt að það er ekkert að óttast enda eru þetta ljúfar og góðar grænmetisætur. Þannig að við erum afskaplega ánægð með að hafa skapað þessa sýningu enda höfum við fengið ákaflega jákvæð viðbrögð víða um heim.“



Hester Melief hefur götuleikhúsið í blóðinu. MYND/MARIKA MINIATI

Hester Melief segir að útgáfan af sýningunni sem þau koma með til Íslands sé í raun sett upp sem skrúðganga. „Það er fjöldi fólks sem kemur að einni svona sýningu og það er dýrt að ferðast með þetta á milli landa þannig að við reynum að vera með misviðamiklar útfærslur í gangi.

Ég er reyndar orðin mjög spennt fyrir því að koma til Íslands og hef verið að velta því fyrir mér hvort risaeðlurnar mínar þurfa þá að ganga á ís,“ segir Hester og hlær en bætir við: „Við gerðum það nefnilega einu sinni en það var í Noregi að vetrarlagi. Þá tókum við með okkur sérstakar stultur sem eru með broddum og það gekk bara alveg ljómandi vel. Risaeðlum á ís var vel tekið í Noregi.“

## Ólíkir menningarheimar

Aðspurð hvort það sé mikill munur á viðtökum eftir því hvar leikhópurinn er staddur í heiminum segir Hester að það sé alveg óhætt að segja það. „Það er ótrúlega mikill munur.

Þegar við förum og sýnum í Suður-Ameríku þá eru viðbrögðin gríðarleg. Fólkið verður alveg galið og lifir sig inn í þetta, dansar, hrópar og kallar. En í Asíulöndum á borð við Kína þá stendur fólk og klappar kurteislega og óneitanlega hvarflar að manni að því líki bara hreint ekki við sýninguna. En svo eftir sýninguna kemur fólk og þakkar þúsund sinnum fyrir og lýsir því hvað þetta hafi verið gaman. En það er alltaf gaman að fá viðbrögðin og líka skemmtilegt hversu ólík þau eru.“

*En á hverju áttu þá von fyrir sýninguna á Íslandi á laugardaginn?*

„Ég á auðvitað í fyrsta lagi von á því að það verði sólskin og fallegt veður,“ svarar Hester og hlær. „En þetta er í fyrsta sinn sem við komum til Íslands þannig að það verður bara að koma í ljós hvernig Íslendingar taka okkur. Það eina sem ég veit er að við hlökkum gríðarlega mikið til því þetta verður alveg rosalega gaman.“


PIER
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTIHÚSGAGNASETTUM
SÓFA OG STÓLADAGAR
15-35%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM
SÓFUM OG STÓLUM
20%-40%
AFSLÁTTUR AF
SVEFNHERBERGISHÚSGÖGNUM
3 FYRIR 2
AF
BLÓMAPOTTUM
OG BLÓMUM
Allt að
30%
AFSLÁTTUR AF
SPEGLUM,
VEGGMYNDUM
OG KLUKKUM
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 31. maí - 6 júní. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
PIER












## BÍÓ



**Halldóra Geirharðsdóttir fer með himinskautum fram og aftur um allan skala mannlegra tilfinninga í hlutverki umhverfisterroristans Höllu. Mann skortir eiginlega orð!**

# Rambó skellir sér í skautbúning

**KVIKMYNDIR**

**Kona fer í stríð**
★★★★★

**Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson
**Handrit:** Benedikt Erlingsson, Ólafur Egilsson
**Aðalhlutverk:** Halldóra Geirharðsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Jörundur Ragnarsson

Skurðlæknirinn Tómas Guðbjartsson sagði við í viðtali um Kona sem fer í stríð á Fréttablaðið.is í gær að boðskapur myndarinnar „hitti mann bara beint í hjartað“. Engin ástæða er til þess að rengja lækninn, sem þekktur er fyrir að fara sínum fimu fingrum með hnífinn að hjartarótum, í þessum efnum.

Kona sem fer í stríð er gersamlega heillandi, vandlega slípaður lítill demantur. Svo hlaðinn ást, mennsku og hlýju að mann kennir dálítið til í hjartanu þegar maður horfir á hana.

Halldóra Geirharðsdóttir leikur kórstjórann Höllu. Tæplega fimmtuga konu sem býr ein í Reykjavík. Hún lifir þó tvöföldu lífi og undir virðulegu yfirbragði kórstjórans leynist „hryðjuverkamaður“ sem leggur allt í sölurnar til verndar náttúrunni.

Þegar hún er ekki að æfa kórinn sinn fer hún um landið og slær út rafmagni hjá álverum og annarri stóriðju. Með þessum skærum ætlar hún að grafa svo undan trausti útlendra stóriðjurisa á Íslandi sem virkjunarkosti.

Þessari einnar konu hersveit gengur svo val að takmarkið er innan seilingar. Kínverskir fjárfestar eru að missa þolinmæðina á meðan ríkisstjórnin skelfur og lögreglan er ráðþrota.

Efnahagslegar afleiðingar náttúruhernaðar Höllu, eða Fjallkonunnar eins og hún kallar sig, eru neikvæðar. Lánshæfismat landsins er á leið í ruslflokk, verðhækkanir eru yfirvofandi og hluti almennings kann terroristanum litlar þakkir.

Þessi hagsmunaárekstur náttúrunnar og efnahags er settur fram í mátulega kómísku ljósi en kristallar í raun alla umræðu um stóriðju á Íslandi þar sem á takast sjónarmið þeirra sem einblína á stundarhagsmuni og svo þeirra sem taka ekki í mál að færa óafturkræfar fórnir og leggja náttúru landsins undir í fjárhættuspili um skyndigróða.

Mitt í öllum ósköpunum setja örlögin strik í „stríðsrekstur“ Fjallkonunnar sem fær óvænt tækifæri til þess að láta gamlan draum um að verða móðir rætast þegar henni býðst að ættleiða lita stúlku frá Úkraínu. Er baráttan fyrir náttúrunni þess virði að hún fórni öllu?

### Töframaðurinn Benedikt

Benedikt Erlingsson er einhvers konar alhliða séní þegar kemur að sviðslistum og kvikmyndum. Hann sýndi vald sitt á kvikmyndinni með Hross í oss og Kona fer í stríð er þéttur blómvöndur í hnappagat hans.

Handritið er vitaskuld alltaf frumforsenda góðrar bíómyndar og handrit hans og Ólafs Egilssonar er listaverk í sjálfu sér. Sérlega vel pælt og svo vel slípað að frekar einföld sagan springur út í risastóra sögu sem snertir okkur öll.

Kvikmyndataka Bergsteins Björgúlfssonar er mögnuð, eins og við var að búast og myndmálið allt svo fallegt og merkingarþrungið að mann sundlar á köflum. Tónlistin er dásamleg og fléttað saman við söguna af ákveðnu hugrekki en um leið hugkvæmni þannig að hún verður beinlínis virkur þátttakandi í sögunni. Plássfrek og skemmtileg persóna.

### Halldóru þáttur Geirharðsdóttur

Halldóra Geirharðsdóttir er frábær leikkona en sennilega er hún að toppa sjálfa sig í myndinni sem þegar upp er staðið hvílir fyrst og fremst á herðum hennar. Hún dansar fimlega allan tilfinningaskalann. Er í senn harmræn, fyndin, grimm, sterk, veik og hlý. Halla er sem sagt í meðförum hennar algerlega ekta persóna. Margbrotin manneskja eins og við erum öll.

Jóhann Sigurðarson og Jörundur Ragnarsson eru í mikilvægustu aukahlutverkunum og skila sína með sóma. Jörundur getur leikið taugahrúgur blindandi og Jóhann er bara kletturinn sem hann er.

Þéttur á velli og fjalltraustur í hlutverki bónda sem ann náttúrunni og kann að lifa af landinu gnæfir hann eins og fulltrúi horfinna kynslóða, Íslendingsins sem þurfti að finna jafnvægið í samlífi manns og náttúru. Heillandi persóna í hráum hlýleika sínum.

### Rambó í skautbúningi

Saga Höllu er alvarleg, átakanleg á köflum, en húmorinn er aldrei langt undan þótt hann sé lágstemmdur. Og þótt konan sé í stríði þá er enginn djöfulgangur þar á ferðinni.

Breytir því þó ekki að þegar Fjallkonan er hundelt af lögreglu, þyrlum og drónum úti í náttúrunni þá reikar hugurinn aftur til uppgjafahermannsins Rambó í First Blood 1982.

Berskjölduð á berangri notar Halla náttúruna bæði sem vopn og skjól. Alveg sérstaklega skemmtilegur og spennandi kafli. Samt eins og myndin öll laus við tilgerð, stæla og oflæti.

Sjáið þessa mynd, látið heillast og fellið nokkur tár. Ef Kona sem fer í stríð hreyfir ekki við ykkur mæli ég með að þið pantið tíma hjá Lækna-Tómasi og biðjið hann um að finna í ykkur hjartað.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ofboðslega falleg kvikmynd þar sem heillandi myndmál, frábær leikur, falleg saga, meitlað handrit og mergjuð notkun tónlistar renna saman í náttúruafl sem Benedikt Erlingsson virkjar með einhverjum óræðum galdri. Kona sem fer í stríð er lítið, krúttlegt náttúruafl.



**Benedikt Erlingsson er upp á sitt besta og spilar á tilfinningar áhorfenda eins og hörpu.**

# ÚTSKRIFTIR & GJAFIR

vitra.

TILBOÐSVERÐ:
**10.900.-**
Verð:
13.420.-



EAMES Elephant (lítill)
svartur




Flórída
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.599.-




Hönnun
VILDARVERÐ: 6.999.-
Verð: 9.999.-

TILBOÐSVERÐ:
**4.490.-**
Verð:
4.990.-



vitra.

S-Tidy eða O-Tidy bakki




Frá miklahvelli
til mannheima
VILDARVERÐ: 5.499.-
Verð: 6.899.-




Lífsreglurnar fjórar
VILDARVERÐ: 2.199.-
Verð: 2.699.-




FRÁBÆRT
VERÐ!

Nýja tilvitnanabókin
VILDARVERÐ: 2.499.-
Verð: 5.999.-

TILBOÐSVERÐ:
**4.290.-**
Verð:
4.748.-



vitra.

TOOLBOX grátt

## ALLAR FARTÖLVUTÖSKUR FRÁ GABOL

30%
AFSLÁTTUR



TILBOÐSVERÐ:
**16.900.-**
Verð:
19.900.-



vitra.

EAMES House Bird

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs- og vildarverða er til og með 3. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND

HAFIÐ FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti




Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á bros.is

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

Verkfæri í miklu úrvali



ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.

Jeppatjakkur 2.25t 52cm.
17.995

METABO Bútsög KS216
16.995

Verðmætaskápar
frá 4.995

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Tólfan ásamt Hugleiki Dagssyni hú-ar sig í gang í Bíói Paradís.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Listarýmið Kvartýra°49 verður opnað með pompi og prakt í dag.

## 31. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar - Din&Tonics
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Tónleikar Din & Tonics karlakórsins frá Harvard er viðburður á Íslandi. Kórinn var stofnaður 1979 og hefur síðan þá komið fram án undirleiks um víða veröld. Efnisskráin á aðallega rætur í djassstandördum frá fyrri áratugum tuttugustu aldar, þar sem húmor og hreyfingar fá verðugt hlutverk. Ísland er fyrsti viðkomustaður á tíu vikna tónleikaferðalagi um Evrópu, Asíu og Ástralíu.

**Hvað?** Tónlist í garðinum-Fókus hópur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** CenterHotel Miðgarður, Laugavegi
Í dag mun Fókus hópurinn skemmta gestum og gangandi með vel völdum slögurum á CenterHotel Miðgarði. Fókus hópurinn samanstendur af hópi söngvara sem allir kynntust við tökur þáttanna The Voice Iceland og kepptu einnig í undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2018 með lagi sínu „Aldrei gefast upp“ eða „Battleline“.

### Viðburðir

**Hvað?** Dansæfing
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Dansæfing hjá Komið og dansið, Let's twist again og önnur hress rokk- og swinglög, einnig bugg og meira bugg, hlátur, skemmtun, sviti og harðsperrur á morgun og Spánarfarar sýna það sem þeir muna úr námskeiðum í Calpe.

**Hvað?** Tímanna safn - fyrirlestur
**Hvenær?** 12.05
**Hvar?** Þjóðarbókhlaða
Rakel Adolphsdóttir, sérfræðingur á Kvennasögusafni Íslands, flytur erindið „Þjóðararfur hverra? Kvennasögusafn sem hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni“ í fyrirlestraröðinni Tímanna safn sem haldin er í tilefni af 200 ára afmæli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

**Hvað?** Tólfan og Dagsson - HÚ! í Paradís hitað upp fyrir HM
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Í dag ætlar Bíó Paradís að setja formlega af stað viðburðinn HÚ! í Paradís í samstarfi við Tólfuna, stuðningsmannalið íslensku landsliðanna. Auk þess verða afhjúpuð ný Hú!-verk og bolir eftir Hugleik Dagsson.

**Hvað?** Þjáningarfrelsið - útgáfuboð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Verið velkomin í útgáfuhóf fyrir nýja bók Auðar Jónsdóttur, Báru Huldar Beck og Steinunnar Stefánsdóttur; Þjáningarfrelsið - Óreiða hugsjóna og hagsmuna í heimi fjölmiðla.

**Hvað?** Opnunarteiti Kvartýra°49
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Laugavegur 49
Quest + Berndsen ásamt fleirum. Freyðandi drykkir og listræn innsetning. Viskí frá Eimverk Distillery.

**Hvað?** Ný sýn á uppruna Íslendinga – Opinn fræðslufundur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslensk erfðagreining
Kynntar verða niðurstöður nýrrar rannsóknar á erfðamengi landnámsmanna en grein um rannsóknina birtist í tímaritinu Science sama dag og fræðslufundurinn er haldinn.

**Hvað?** Sóli Hólm á Fish House í Grindavík
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Fish house, Hafnargötu
Sóli Hólm djókar og gerir grín í Grindavík.

### Sýningar

**Hvað?** Svartmálmur, ný sýning í Skoti
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skot, Ljósmyndasafni Reykjavíkur
Ljósmyndir á sýningunni eru eftir Hafstein Viðar Ársælsson sem verður með þungarokksgjörning á opnuninni. Á sýningunni er meðal annars að finna myndir sem teknar eru undir formerkjum skrásetningar og skáldskapar af hljómsveitum eins og Misþyrmingu, Nöðru, Nyiþ, Sinmara, Svartadauða og Wormlust, sólóverkefni ljósmyndarans sjálfs.

**Hvað?** Opnun 90 ára afmælissýningar Bjargar Ísaksdóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Björg hefur sýnt verk sín víða, bæði hérlendis og erlendis m.a. í Svíþjóð og Ítalíu og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Björg var einn af stofnendum Myndlistaklúbbs Seltjarnarness sem starfaði frá árinu 1974. Á afmælissýningunni má sjá verk eftir Björgu, bæði ný og eldri verk, enda slær hún hvergi slöku við þrátt fyrir 90 árin.

**Hvað?** Opnun - Gerður: Yfirlit
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi
Á sýningunni er sjónum beint að fjölbreyttum listferli og ævi Gerðar Helgadóttur (1928-1975) myndhöggvara, allt frá námsárum hennar til síðustu æviára, en Gerður lést fyrir aldur fram aðeins 47 ára gömul. Tók hún fyrst íslenskra kvenna forystu í höggmyndalist og var brautryðjandi í þrívíðri abstraktlist og glerlist hérlendis.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KASSATILBOÐ






ÍSLENSK framleiðsla

Aðeins **65kr.** dósin

**1.560** kr./ks.

**Pepsi eða Pepsi Max kassi**
24x330 ml






# Áfram ÍSLAND!

**2.998** kr./stk.

**Iceland Treyja**
Allar stærðir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 3. júní eða meðan birgðir endast.

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur





**LETHAL WEAPON**
KL. 21:15
Önnur sería þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.

Frábær
**Fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**DECEPTION**
KL. 19:45
Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.



**NCIS**
KL. 20:30
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**BARRY**
KL. 22:00
Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.




BÍÓ
**MAZE RUNNER: THE SCORCH TRIALS**
KL. 22:00
Thomas vaknaði einn daginn algjörlega minnislaus um fortíð sína og var staddur í einhvers konar völundarhúsl sem engin leið virtist úr.



3
**BOARDWALK EMPIRE**
KL. 20:50
Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið og mörg glæpagengi spruttu fram.

Fyrsti þáttur






Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**


### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** Strákarnir
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's Super Food
**11.00** Á uppleið
**11.25** Í eldhúsinu hennar Evu
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** My Old Lady
**14.50** Elsa & Fred
**16.35** PJ Karsjó
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Deception
**20.30** NCIS
**21.15** **Lethal Weapon** Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**22.00** Barry
**22.30** Crashing
**23.05** **C.B. Strike** Nýir og vandaðir glæpaþættir úr smiðju HBO sem byggðir eru á þremur metsölubókum J. K. Rowling. Cormoran Strike er þrautreyndur fyrrverandi herlögreglumaður sem gerist einkaspæjari í London. Lífið hefur ekki farið mjúkum höndum um okkar mann en starfsreynsla hans og afburða skarpskyggni hjálpar honum við að leysa sérlega snúin sakamál sem lögreglan hefur átt í basli með.
**00.10** Silent Witness
**01.10** Silent Witness
**02.10** Morgan
**03.40** Ten Days in the Valley
**04.30** Ten Days in the Valley
**05.15** Warning: This Drug May Kill You

### STÖÐ 2 SPORT

**09.00** Fyrir Ísland
**09.35** Grindavík - Selfoss
**11.15** Real Madrid - Liverpool
**13.05** Meistaradeildarmörkin
**13.35** Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon
**16.05** Breiðablik - KR
**17.45** FH - KA
**19.55** Fyrir Ísland
**20.35** Premier League World
**21.15** Mjólkurbikarmörkin
**22.35** Pepsímörk kvenna
**23.35** Pepsímörkin

### STÖÐ 2 SPORT 2

**10.25** Houston Rockets - Golden State Warriors
**12.20** FH - Fylkir
**14.05** Pepsímörkin
**15.30** Breiðablik - KR
**17.10** Chelsea - Manchester United - maí
**19.10** Ensku bikarmörkin
**19.40** Fyrir Ísland
**20.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**20.40** Premier League World
**21.15** Pepsímörk kvenna 2018
**22.20** FH - KA

### STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** Man Seeking Woman
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Boardwalk Empire
**23.35** The Simpsons
**00.25** Bob's Burger
**00.50** The Last Man on Earth
**01.15** Seinfeld
**01.40** Friends
**02.05** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Grettir
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Mamma Mu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Grettir
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Mamma Mu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Grettir
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Mamma Mu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Alvin og íkornarnir: Ævintýrið mikla



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Fort Worth Invitational
**13.00** Golfing World
**13.50** Fort Worth Invitational
**18.50** Golfing World
**19.40** BMW PGA Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** Dear Eleanor
**13.20** The Citizen
**15.00** A Little Chaos
**16.55** Dear Eleanor
**18.25** **The Citizen** Dramatísk mynd frá 2013 sem sækir að hluta til efni sitt í sanna sögu.
**20.05** **A Little Chaos** Rómantísk mynd frá 2014 með Kate Winslet og Matthias Schoenaerts.
**22.00** Maze Runner: The Scorch Trials
**00.10** The Witch
**01.45** Sunlight Jr.
**03.20** Maze Runner: The Scorch Trials

### RÚV

**11.00** Söguboltinn
**11.30** Ekki gera þetta heima
**12.00** Svikabrögð
**12.30** Gæti vélmenni leyst mig af hólmi?
**13.00** Everly Brothers: Himneskur samhljómur
**14.00** Töfrar Houdini
**14.50** Heillandi hönnun
**15.20** Hemsley-systur elda hollt og gott
**15.45** Innlit til arkitekta
**16.15** Sjóræningjarokk
**16.55** Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
**17.25** Veiðikofinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Söguboltinn
**18.25** Einmitt svona sögur
**18.37** Hrúturinn Hreinn
**18.44** Flink
**18.47** Tulipop
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Músíktilraunir 2018
**20.30** Í garðinum með Gurrý
**21.00** Treystið mér
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Gullkálfar
**00.00** Kastljós
**00.15** Menningin
**00.20** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**12.25** Dr. Phil
**13.05** American Housewife
**13.30** Survivor
**14.15** Survivor
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Man With a Plan
**20.10** Gudjohnsen
**21.00** Instinct
**21.50** How To Get Away With Murder
**22.35** Zoo
**23.25** The Tonight Show
**00.45** 24
**01.30** Salvation
**02.15** Law & Order: Special Victims Unit
**03.05** SEAL Team
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# VELDU FALLEGU LEIÐINA

## ÚTIVISTARDAGAR

Allar útivistarvörur og útivistarfatnaður
á **20% afslætti** dagana 1.-4. júní*

**20%**
**AFSLÁTTUR**



**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÁRNASYNIR




Vagninn þarf að fjúka! Nýr vagn verður reistur í staðinn og mun hann að sögn aðstandenda passa eins og flís við rass í götumynd Vesturbæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hagavagninn verður rifinn og endurreistur

Hagavagninum er verið að breyta í hamborgarastað um þessar mundir. Ekki tókst að gera hann upp og því þarf að rífa hann og byggja nýjan. Einn aðstandenda vagnsins, **Emmsjé Gauti**, segir þetta sorglegt en er bjartsýnn á að nýi vagninn muni ekki valda vonbrigðum.

Eins og greint var frá hér í Lífinu í mars eru hjónin Rakel Þórhallsdóttir og Jóhann Guðlaugsson búin að festa kaup á Hagavagninum, einu af táknum Vesturbæjarins, og eru á fullu að vinna við að opna þar hamborgarastað með dyggri aðstoð frá Ólafi Erni Ólafssyni veitingamanni og rapparanum Emmsjé Gauta. Þau hafa verið að gera vagninn upp en hins vegar er komin upp sú leiðinlega staða að vagninn er ekki hægt að laga og það þarf að reisa nýtt húsnæði á reitnum. Verður íbúum hverfisins gert viðvart um þetta í tilkynningu þar sem kemur meðal annars fram: „Með mikilli sorg í hjarta hefur sú ákvörðun verið tekin að rífa gamla Hagavagninn. Þegar við hófum breytingar á húsnæðinu kom sú staðreynd í ljós að hann er gjörónýtur og ekki er hægt að bjarga honum. Við erum bjartsýn á framtíðina og stefnum á að opna Hagavagninn í júlí. Við höldum í nafnið en kveðjum gamla kofann.“

Þegar blaðamaður nær í Gauta er hann á leiðinni út úr bænum á ferðalag sitt um landið, þar sem fyrsta stopp var á Hvolsvelli.



Gauti fær senda hamborgara út á land þar sem hann er að túra um þessar mundir til að geta tekið síðustu lotuna af smakki fyrir opnun Hagavagnsins. MYND/HLYNUR HELGI HALLGRÍMSSON

**VIÐ REYNDUM ALLT SEM VIÐ GÁTUM TIL AÐ HALDA GAMLA VAGNINUM – ÞETTA VORU BARA EKKI AÐSTÆÐUR SEM VIÐ GÁTUM BOÐIÐ UPP Á VIÐ MATARGERÐ.**

„Það er rosa stutt í að við opnum vagninn og við komin langt í ferlinu, við erum svona í lokasmakkinu núna. Ég er búinn að biðja þau Rakel og Óla, sem eru með mér í þessu, að senda mér hamborgara út á land. Ég fæ reyndar ekki einn sveittan í bréfi – en ég fæ hráefnin sem ég get svo eldað sjálfur og leyft strákunum að smakka.“

Gauti segir það þó í raun og veru ekki vera neitt sérstaklega mikinn skell fyrir ferlið að þurfa að byggja nýjan vagn.

„Það var alltaf stefnt að því að taka vagninn alveg í gegn. Hann hefur auðvitað staðið mjög lengi og vitað var að það þyrfti að gera mikið fyrir hann. Það að byggja nýjan er í raun ekki mikið flóknara en það sem við gerðum ráð fyrir að þurfa að gera við gamla vagninn. En við reyndum allt sem við gátum til að halda gamla vagninum – þetta voru bara ekki aðstæður sem við gátum boðið upp á við matargerð. Ég veit að mörgum þykir vænt um þennan vagn og okkur líka – það var einmitt það sem heillaði til að byrja með: staðsetningin og lúkkið, þannig að þetta var erfið ákvörðun. Við vonum að nýi vagninn muni standa jafn lengi og hinn og auðvitað munum við halda áfram að nota gamla nafnið.“

Ætlunin sé að halda í svipað útlit og var á gamla góða vagninum þó svo að hann verði ekki byggður í nákvæmlega sömu mynd.

„Við ætlum að hafa þetta í stíl við götuna, en hún er í mikilli uppbyggingu um þessar mundir. Það er kominn skemmtilegur svipur á hana – við erum með Melabúðina, Kaffi Vest og svo nýjasta viðbótin sem er Brauð & Co. Ég get ekki farið neitt nánar út í það en við, allir þessir fjórir staðir, ætlum að halda smá viðburð saman sem verður tilkynntur betur síðar. Markmiðið er auðvitað bara að gera geggjaða hamborga sem fólk þráir og byggja upp hverfið.“

Svona fyrst Gauti er í símanum getur blaðamaður ekki stillt sig um að spyrja hvernig tónleikaferðalagið fari af stað.

„Íslandstúrinn er að hefjast núna bara á meðan við tölum saman. Það tók aðeins lengri tíma en við bjuggumst við að pakka í bílana – við erum náttúrulega átta menn sem verðum á veginum í næstum tvær vikur og það er bara ákveðið mikið af rusli sem því fylgir. Það er mikil spenna og massívt prógramm fram undan – við erum að fara spila sextán sinnum á næstu þrettán dögum og Keli er strax orðinn óþolandi – við erum ekki komnir út úr bænum og hann er strax búinn að segja átján aulabrandara.“

stefanthor@frettabladid.is


MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 12!
Sissel
19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU
VÍKING BRUGGHÚS
ICELANDAIR
SALA FER FRAM Á HARPA.IS/SISSEL
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á SENALIVE.IS/SISSEL
sena LIVE!







Strákarnir í góðum félagsskap eftir vel heppnað kvöld á Jupiter Disco. Akira er annar frá vinstri með grænt ennisband og Teitur stendur í miðjunni með flugbeitta kjötexi. MYNDIR/ TEITUR RIDDERMAN SCHIÖTH

# Pablo Discobar í víking til New York

Þeir Teitur og Akira frá Pablo Discobar eru staddir í New York þessa dagana þar sem þeir settu upp þrjá litla Pablo Discobari á þremur stöðum. Þeir enda á hinum þekkta bar Boilermaker.

Okkur langar að sýna restinni af heiminum hvað íslensk gestrisni og kokteilar hafa upp á bjóða," segir Teitur Ridderman Schiöth, yfirbarþjónn á Pablo Discobar, en Teitur og Akira Helmsdal Carré skelltu sér til New York þar sem barinn er með þrjá pop-up viðburði.

„Eftir að við á Pablo Discobar fengum viðurkenninguna Besti bar ársins á Reykjavík cocktail weekend í fyrra langaði okkur að gera eitthvað utan landsteinanna.

Eftir að hafa farið til Tallinn, Boston og Miami ákváðum við að skella okkur til New York sem er talin vera höfuðborg kokteila í heiminum. Stefnan er að búa til litla Pablo Discobari á öðrum börum úti í heimi, þetta fyrirbæri sem kallað er popup. Við setjum upp okkar seðil og komum með alls konar leikmuni svo að gestir fái Pablo stemningu beint í æð," segir hann.

Félagarnir byrjuðu á Jupiter Disco, sem er frægur discobar í Brooklyn, voru á Maiden Lane sem er sjávarveitingahús með kokteilum í gær og verða á Boilermaker á morgun. Staðurinn er í eigu hins eins sanna Greg Bohem sem á einnig Cocktail Kingdom sem er frægasta og virtasta baráhaldafyrirtæki í heiminum.



Akira á öxlum Teits en þetta bragð hafa þeir oft leikið fyrir gesti Pablo Discobar og slógu þeir í gegn enda með brennivín í hendi.

**VIÐ SETJUM UPP OKKAR SEÐIL OG KOMUM MEÐ ALLS KONAR LEIKMUNI.**

„Okkar markmið með öllu þessu er að komast á stall með bestu börum heims, það gæti verið langsótt en það er draumur hvers og eins starfsmanns á Pablo Discobar," segir Teitur. **benediktboas@frettabladid.is**

## KOKTEILASEÐILLINN

**Puff the magic dragon**
Brennivín, branca menta, jarðarber, sítróna, rjómi og kókó pöffs

**MS Pacman**
Brennivín, Mezcal, sítróna, ananas + disco

**Coming to America**
Brennivín, lime, appelsína, hrásykur, portvín, Peychaud's bitters

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
ÁSKRIFT AÐ SNILLD
2018/2019
Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.
Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.
Sala nýrra áskrifta- og Regnbogkorta hefst í dag kl. 12.00 á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.
ÁSKRIFTASALA HEFST Í DAG Á SINFONIA.IS
Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50
@icelandsymphony / #sinfó
Aðalstyrktaraðili :
GAMMA




## TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240 x 143 cm

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.925 kr.**




## TAMPA
hornsófi með hvíld

Hornsófi. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga
Stærð: 270 x 215 cm

**Fullt verð: 169.900**

Aðeins **127.425 kr.**




## DAGMAR
2,5 & 3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 69.900 kr.**

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **34.950 kr.** **39.950 kr.**




## SAGA 2ja & 3ja sæta

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 147 x 86 x 90 cm.
**Fullt verð: 99.900 kr.**

3ja sæta: 204 x 86 x 90 cm.
**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **69.930 kr.** **83.930 kr.**






## VICENZA
svefnsófi

Sérlega vandaður svefnsófi. Dökkgrátt, grátt, dökkblátt og ljóst slitsterkt áklæði.
Stærð: 185 x 94 x 84 cm. Svefnpláss: 140 x 200 cm.

**Fullt verð: 289.900 kr.**

Aðeins **144.950 kr.**




## MONTARIO
svefnsófi



Rúmfatageymsla og slitsterkt ljós- og dökkgrátt áklæði. Svefnsvæði: 140x200 cm.
Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **71.920 kr.**

## TIVOLI
svefnsófi

Tveggja sæta vandaður svefnsófi. Dökkblátt eða orange áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svefnsvæði: 195 x 140 cm

**Fullt verð: 229.900 kr.**

Aðeins **195.415 kr.**






**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 25.-31. maí 2018 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## 25. til 31. maí

Sm[illegible]rgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



LÝKUR Í DAG – FIMMTUDAG

TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR
af Shape Delux dýnu
15% af botni

## SHAPE DELUXE
og Pertect T stillanlegur botn

Shape Deluxe 90 x 200 heilsudýna og Perfect T stillanlegur botn. Meðal eiginleika Perfect T er að hann er með nuddi, þráðlausri fjarstýringu, USB-tengi, LED lýsinguog tveimur mótorum.

Fullt verð: 248.900 kr.

Aðeins **201.080 kr.**



## NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm m/Classic botni

TILBOÐ 28% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

| Stærð í cm | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 120x200 | 135.900 | 97.848 |

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm$^2$

Aukahlutur á mynd: Gafl

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kristins Inga Jónssonar




## Hræsnin

Ein helsta gagnrýnin sem beinst hefur að borgarlínunni, nýju almenningssamgöngukerfi sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa komið sér saman um að byggja upp, er sú að hún muni koma til með að kosta allt of mikið. Þannig hafa andstæðingar línunnar þrástagast á því hvað hún feli í sér stórfellt bruðl á almannafé sem muni aðeins nýtast örfáum og reynast mörgum þungur baggi.

Gagnrýni á opinber gjöld er góðra gjalda verð. Raunar mættu fleira temja sér gagnrýna hugsun og auka aðhaldið með eyðslu stjórnmálamanna. Það merkilega er hins vegar að það eru gjarnan þeir sömu og sjá eftir hverri krónu sem varið er til þess að efla almenningssamgöngur sem sjá ekkert athugavert við að hið opinbera byggi mislæg gatnamót eða önnur ferlíki fyrir tugi milljarða króna.

Miðað við óbreytt ástand og enga borgarlínu þarf að verja allt að 350 milljörðum í stofnvegakerfi, götur, ræsi og ný bílastæði á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Til samanburðar er gert ráð fyrir að heildarkostnaður borgarlínu verði í mesta lagi 70 milljarðar. Borgarlínan mun því ekki aðeins draga úr umferðarteppum og stytta þannig ferðatíma fólks heldur jafnframt minnka stórlega fjárfestingarþörf í vegakerfinu.

Það er ekkert að því að vilja spara í opinberum rekstri. Í stað þess að fjárfesta í almenningssamgöngum mætti vissulega lækka skatta eða greiða niður skuldir. Það er afstaða sem hægt er að skilja, enda er brýn þörf á hvoru tveggja. Hræsnin felst hins vegar í því að sjá ofsjónum yfir peningum sem fara í almenningssamgöngur en heimta á sama tíma að margfalt hærri fjárhæðum verði eytt í að byggja risastór umferðarmannvirki.








